Danskernes Historie Online
Danske Slægtsforskeres Bibliotek

Dette værk er downloadet fra Danskernes Historie Online

Danskernes Historie Online er Danmarks største digitaliserings-projekt af litteratur inden for emner som personalhistorie, lokalhistorie og slægtsforskning. Biblioteket hører under den almennyttige forening Danske Slægtsforskere. Vi bevarer vores fælles kulturarv, digitaliserer den og stiller den til rådighed for alle interesserede.

Støt vores arbejde – Bliv sponsor

Som sponsor i biblioteket opnår du en række fordele. Læs mere om fordele og sponsorat her: https://slaegtsbibliotek.dk/sponsorat

Ophavsret

Biblioteket indeholder værker både med og uden ophavsret. For værker, som er omfattet af ophavsret, må PDF-filen kun benyttes til personligt brug.

Links

Slægtsforskernes Bibliotek: https://slaegtsbibliotek.dk
Danske Slægtsforskere: https://slaegt.dk

SAFN FRÆÐAFJELAGSINS UM ÍSLAND OG ÍSLENDINGA

GEFIÐ ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA FRÆÐAFJELAGI

Í KAUPMANNAHÖFN



IV

MAGNÚS STEPHENSEN, BRJEF TIL FINNS MAGNUSSONAR

KAUPMANNAHÖFN
PRENTAÐ HJA S. L. MÖLLER
1924

SAFN FRÆÐAFJELAGSINS

SAFN FRÆÐAFJELAGSINS UM ÍSLAND OG ÍSLENDINGA

GEFIÐ ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA FRÆÐAFJELAGI

Í KAUPMANNAHÖFN



IV

MAGNÚS STEPHENSEN, BRJEF

KAUPMANNAHÖFN
PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER
1924

MAGNÚS STEPHENSEN

BRJEF

TIL FINNS MAGNÚSSONAR

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA FRÆÐAFJELAGI

Í KAUPMANNAHÖFN



SAFN FRÆÐAFJELAGSINS

IV. BINDI

KAUPMANNAHÖFN

PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER

1924

FORMÁLI.

Magnús Stephensen, dómstjóri og konferensráð í Viðey (f. 27. desbr. 1762, d. 17. mars 1833), er einn af hinum merkustu mönnum, sem verið hafa á Íslandi. Hann var bráðþroska, komst snemma til vegs og valda, og var í rúman mannsaldur hinn mesti framkvæmdamaður á Íslandi. Sjálfur hefur hann skýrt nákvæmlega frá æfi sinni í bernsku og æsku, uns hann varð lögmaður 1788, en annars hefur enginn ritað rækilega um hann, og er þó mikið efni, bæði prentað og óprentað, til í æfisögu hans. Af hinum óprentuðu heimildum lýsir ef til vill engin honum betur en brjef hans sjálfs til vinar hans og frænda Finns Magnússonar, prófessors og leyndarskjalavarðar. Fyrir því hefur Fræðafjelagið ráðist í að gefa þau út nú, er þau eru orðin kringum hundrað ára gömul, og nær rjettri öld eftir að Magnús Stephensen hafði lokið við hið mesta ritverk sitt, útgáfu Jónsbókar með skýringum og danskri þýðingu, fjögur bindi í arkarformi, er hann minnist oft á í brjefunum. En því miður var þetta mikla rit ekki prentað, og olli því mest fjárekla.

Magnús Stephensen og Finnur Magnússon voru að frændsemi rjettir þremenningar frá Gísla lögrjettumanni í Máfahlíð, syni Jóns biskups Vigfússonar, en auk þess voru þeir nátengdir. Móðir Finns Magnússonar var Ragnheiður dóttir Finns biskups Jónssonar, en Hannes biskup, bróðir hennar, átti Þórunni Stephensen, systur Magnúsar. Fyrir því var hann þrjú ár (1778—1781) að námi í Skálholti hjá Hannesi mági sínum, er var einhver hinn mentaðasti maður á Íslandi á 18. öld og hinn ágætasti kennari. Á þeim árum var Magnús Ólafsson, faðir Finns, stóls-

haldari í Skálholti, og giftist þá Ragnheiði biskupsdóttur, en skömmu eftir að Magnús Stephensen fór þaðan, fæddist þar Finnur Magnússon (27. ágúst 1781); var hann nálega 19 árum yngri en Magnús. Árið 1803 settist Finnur Magnússon að í Reykjavík, og ritaði þá fyrir Magnús Stephensen Minnisverð tíðindi frá miðsumri 1801 til nýjárs 1804, og er það 1. og 2. deild af 3. bindi. 1806 var hann settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, en 1812 fór hann utan og settist að í Kaupmannahöfn, og var þar síðan til dauðadags (24. desember 1847).

Brjef þessi byrja 1818 og ná til æfiloka Magnúsar Stephensen, en eins og fyrsta brjefið ber vitni um hafa þeir skrifast á áður. Þá er Finnur Magnússon var alfarinn af Íslandi hafa stöðug árleg brjefaviðskifti byrjað á milli þeirra, en eigi er ólíklegt að þeir hafi skrifast á áður, t. a. m. á árunum 1797—1800, þá er Finnur var að námi við háskólann, en eldri brjef frá Magnúsi en þessi hafa eigi fundist enn. Þau eru nú í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn, er áður hjet leyndarskjalasafn (Geheimearkiv); var Finnur Magnússon í rúm 18 síðustu æfiár sín æðsti embættismaður við það; eru öll þau brjef, sem hann fekk og enn eru til, geymd í safninu. Þau eru mjög merkilegt brjefasafn, en í því eru að tiltölu mjög fá brjef eldri en frá 1818; bendir það á að Finnur Magnússon hafi eigi tekið að varðveita sendibrjef sín yfirleitt fyr en það ár.

Það væri full ástæða til þess að rita ýmislegt til skýringar um brjef þessi, en bók þessi er orðin svo stór, að fjárhagur Fræðafjelagsins leyfir eigi að hún verði stærri. Aðalatriðið var nú, eins og á stóð, að koma brjefunum á prent. Þó skal hjer minst á tvö atriði. Sundurþykkjan á milli Gríms Thorkelins og Magnúsar Stephensens hófst fyrst veturinn 1799—1800, er þeir sátu saman í nefnd um skólana á Íslandi, og mun það hafa verið Magnúsi Stephensen mest að kenna að úr varð mikil óvinátta. Hann þoldi illa gagnstæðar skoðanir annara manna og gagnrýni, og hugði oft að slíkt væri

af öfundsýki og illum hvötum. Hann bar því sumum löndum sínum þetta á brýn í riti sínu „Island i det attende Aarhundrede“. Grímur Thorkelin vissi, að hann átti þar við sig og nokkra menn aðra, er honum var vel til, og því mun hann hafa ritað á móti bók þessari.

Hitt atriðið er um það, hvernig óvinátta hófst á milli Magnúsar Stephensen og Bjarna Thorarensen, því að það mun ókunnugt og skakt hefur verið um það skráð. Bjarni er oft nefndur í brjefum þessum. Þeir Magnús voru náfrændur; hann og Vigfús Thorarensen, faðir Bjarna, voru systkinasynir. Magnús Stephensen vildi ráða fyrir ættmönnum sínum, einkum þeim, er voru yngri en hann.

Þá er Bjarni Thorarensen kom 1811 til Reykjavíkur, var fullur fjandskapur milli Magnúsar Stephensen og Ísleifs Einarssonar yfirdómara síðan 1809, er Jörundur hundadagakóngur (Jörgen Jürgensen) var á ferðinni. Einnig var mikil óvinátta milli Stephensen og Castenschiolds amtmanns, sjerstaklega eftir vorið 1813, þá er hann var tekinn framyfir Magnús í stiftamtmannsembættið. Sú veiting var ekki að verðleikum, og var von að Magnúsi líkaði hún illa, en stjórnin hafði mist mjög traust til hans eftir umbrot Jörundar á Íslandi og deilu Magnúsar við Fr. K. Trampe stiftamtmann. Eins og á stóð var því mjög vandasamt að setjast sem ungur aukadómari í landsyfirdóminn, eins og Bjarni varð að gera, með þeim Magnúsi Stephensen og Ísleifi Einarssyni. Benedikt Gröndal var veikur og hjelt launum, en Bjarni var að mestu launalaus, og varð því að vinna fyrir sjer. Það gerði erfiðleikana enn meiri, því þá var um fáa atvinnu að velja í Reykjavík. Hann gjörðist fullvaldur hjá Castenschiold stiftamtmanni, og það var vandastaða eins og á stóð.

Bjarni Thorarensen var örlyndur og eigi mjög varkár nje gætinn, eins og hann hefði þurft að vera, ef hann hefði átt að geta synt á milli þessara manna; en í

annan stað var hann miklu hreinni, beinni og djarfari maður en menn eru alment. Ísleifur Einarsson mun hafa átt betur við skap hans en Magnús Stephensen, og skoðanir þeirra í dómsmálum munu oft hafa fallið saman. Alt þetta var meira, en að svo viðkvæmum manni og ráðríkum sem Magnúsi Stephensen gæti líkað við hann.

Viðskifti þeirra skulu eigi rakin hjer. Að eins skal þess getið, að þá er Magnús Stephensen hafði tekið sótt þá, er leiddi til bana, sendi hann mann til Ísleifs Einarssonar að Brekku og annan að Gufunesi til Bjarna Thorarensen og bað þá um að koma til sín. Ísleifur vildi ekki fara, þótt hann vissi erindið, en Bjarni brá við þegar og fór út í Viðey. Magnús talaði þá brátt um, hvað þeim hefði farið á milli, og kvaðst vilja sættast við hann og bað hann fyrirgefningar. Var það auðsótt og sættust þeir heilum sáttum. Þá er Bjarni kom heim að Gufunesi, var hið fyrsta, sem hann sagði við konuna sína, er hann hafði kyst hana: „Þetta er sú besta för, sem eg hefi farið!“ Síðan sagði hann henni frá samtali þeirra Magnúsar og sættum. Móðir mín Steinunn, dóttir þeirra hjónanna, var þar viðstödd, og sagði mjer.

Rjettritun Magnúsar konferensráðs er alkunn af ritum hans. Henni er að miklu leyti haldið á brjefunum; helstu breytingar eru, að ck er prentað með kk, é með je, pt með ft, qv með kv, og einn samhljóðandi í stað tveggja, ef samhljóðandi fer á eftir, og grannur hljóðstafur fyrir framan ng og nk. Höfundurinn skammstafar oft mannanöfn og ýms önnur orð, en þau eru venjulega prentuð fullum stöfum; eru hornklefar settir þar sem efasamt er, hvernig fylla skuli, þótt að eins sje um stafsetningu að ræða. Stephensen notaði mjög víða þankastrik, en í stað þeirra eru settar kommur, nema sjerstaklega standi á. Danska brjefið til prófessor Hornemanns, á bls. 14—17, er prentað stafrjett.

Jón Helgason mag. art. hefur lesið fyrstu próförk saman við frumritið og þakka eg honum fyrir það.

Kaupmannahöfn 20. september 1924.

Bogi Th. Melsteð.

I.

Viðeyjarkl. 6. Marts 1818.

Velborni herra Prófessor!

Svo kært sem mjer ætíð er að meðtaka brjef frá yðar kæru hendi, og annars sjerhver fregn um yðar heill og vellíðun, svo angurvær og iðrandi er eg nú í þessu augnabliki, þá Knudsen og Assessor Thorarensen segja mjer, að póstkassinn fari um borð innan 1 klukkutíma lokaður, hvað þó ei var ákvarðað fyrri en annaðkvöld, og að skipið muni sigla samstundis, þessa fregn fæ eg nú pr. Expres. Dómadagsskrugga mjer, sem nú fyrst fer að iðrast að hafa skotið leti iðrun á frest, sem forhertum letingjum er tamt, verði þessi seðill eftir, svo hann ei fái innilega þakkað yðar velborinheita elskulegt brjef af 4. Oct. f. á. og eg um leið gratulerað yður með álitlegt stig í Rangfor-ordningen uppyfir heilan flokk tignarmanna, hvað og alt annað eg óska yður megi til heilla og heiðurs í bráð og lengd falla.

Því var miður, að óheill Ólafs míns við Examen í haust lagðist mjög þungt á mig, ætíð nokkuð sensible af lund, svo eg óskaði mjer, að vera kominn á 9-ræðis aldur, þá viss apathie heimsækir flesta, hvað eg og sje vott á elskulegri móður minni, sem minna fann litlu seinna til hennar mikla missirs, við lát míns dygðuga elskulega föð-urs, þann 14. Dec., en nokkurn grunaði.

Merkileg virðist mjer útnefnd þess enska íslenska Consuls og tilgangslaus öldungis mun hún þó[1]) naumast vera, en því girnilegra að heyra, til hvörs hún miða muni, með öðrum merkisfrjettum í vor, og hvörra sigl-inga við hjer vænta megum, ekki að nefna prísa á vör-

[1]) þau hdr.

um ytra helstu, sem hjer ganga mest í kaupverslun beggja á milli.

Eg hefi mjer og öðrum til dægrastyttingar í vetur byrjað með mánaðablað frá nýári, undir nafni Klausturpósturinn, hvaraf 2 örk eru útkomin, og fyriverð eg mig að leggja sýnishorn þeirra hjer hjá, fyrst allra suðuramtsins kaupstaða og mín eigin örbirgð gátu ei til hans miðlað 1. arki bikúpu, sem er sá minsti skrifpappír af vorum höndlunarpappír hjer, sem prentað verður á, eða nær Punktúrum. Þó reyni eg á yðar góðvild að misvirða ei hans, sem pósts, að vanda á ferðaslarki sóðalega búning, og eins innihald. Gamans og alvöru 2að hefti held eg láti og gægjast fram í vor.

Að öðru leyti hefi eg verið að grafa í gömlum dómum og rjettarbótum til að fá mjer nokkurnveginn complet lagaregistur og safn, að því leyti hjer er fært, þó aldrei yrði eg maður til að continuera útgáfu M. Ketilssonar, eða fylla eyður í því útkomna. Þó hefi eg til þessa safnað smámsaman, síðan fyrst eg varð lögmaður, nú þegar fyrir 30 árum ɔ: 1788.

Eg er kominn í hrak og ótíma með brjef mín, en hafði þó í ráði að fala af hr. H. Thordersen, að samanbera vora prentuðu Jónsbók af 1709 við 2 eða 3 skinnbækur á Turni, sem yðar velborinheit vilduð sýna mjer þá góðvild að yfirlíta og velja til sem bestar og elstar og áreiðanlegastar haldið, og uppskrifa þeirra varianter; en eg skammast mín að biðja yður svo mikils ómaks, og fæ máske nú ei tóm að skrifa hr. Thordersen hjerum, þó hjermeð hafi ei neinn bráðan hast. Eg hefi ímyndað mjer, að flestar góðar skinnbækur af Jónsbók mundu á Turni, — en máske þær sjeu á kongsins Bibliotheki að finna — og undir eins elstu. Fyndist nokkur, sem hefði Óðals capítula, sem vantar í þær prentuðu á rjettum stað í Landabrigðum, og undir eins fáar eða engar rjettarbætur inní textunum, og rjettar settan burtfarartíma af jörðu í Landsleigubálki 2um c., en fyrir nóttina helgu, til þess að gjöra kaldakol á jörðu, meir samkvæmt Llb. 9. c.

eða rjettarbót við hann, tæki eg þetta sem indicia elli og áreiðanlegleika, með öðru. Einninn er mjer sjerlega ant um samburð rjettarbóta frá 1280 við þær prentuðu í þeirri íslensku og útskrift þeirra, sem þar vantar, eftir rjettarbóta söfnum á Turni á íslensku, af sama manni, eftir vali sjerlegu þessara safna þartil, og ávísun af manni að lærdómi og þeirri þekkingu, sem yðar velborinheit, en eg þori ei að nefna slíkt. Eg gitska á að Íslands nýju lög eigi enn langt í land, svo ný, betri útgáfa Jónsbókar muni ei óþörf einhvörntíma.

Eg hefi nú committerað Ólafi syni mínum að færa mjer sögusöfn mín, ef ei eru seld. Samt er velkomið að halda Sturlungum mínum eftir til hennar útgáfu af voru bókmentafjelagi, hvað eg gleymdi við hann að ámálga.

Nú er bull þetta orðið helst of langt, til þess að verða eftir af skipinu ellegar mæða yður. Æ! forlátið þá þess ómynd.

Yðar velborinheita skuldbundnum elskandi bróður
M. Stephensen.

II.

Viðeyjarkl. 2. Sept. 1819.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hra. Professor!

Seint fer eg nú í ár að ávarpa vini mína, og byrja eg því nú með hjartanlegu þakklæti fyrir yðar velborinheita 2 elskuleg brjef af 3. og 14. Maii, Sagnablöðin og yðar lærdómsríka rit að vanda Udsigt over den kaukasiske Menneskestammes ældste Hiemsted &c., stúdentavísurnar og marga interesserandi fregn. Sjerílagi þakka eg hjartanlega þá æru þjer hafið sýnt mjer við minningu míns Doctor-hatts í Sagnablöðunum, og þá miklu góðvild að yfirskoða mín vegna og útvelja til samburðar og afskriftar þá bestu codices Jónsbókar á Universitæts Bibliotheki, hvörrar útgáfu eg í vetur, ef heilsa tilvinnst, fer nú algjörlega að undirbúa nær sem eg verð maður til þessarar framkvæmdar, efnanna vegna,

því mjer finst nú ekkert spaug í peningalausu landi bækur að prenta, þar sárlítið fæst selt, og varla neitt fyrir peninga, sökum þeirra algjörlegu eklu.

Innilega óska eg yðar velborinheitum til allrar lukku og heilla með yðar tilvonandi, valda og álitlega ráðahag, fulltrúa um, að hann sem önnur fyrirtæki leiða muni yður til þeirra sæmda og farsælu, sem yðar sjerlega dygð og lærdóms-forþjenustur svo mjög verðskulda, hvartil eg legg mitt hjartanlegt: amen! En svo sem eg álít þenna póst að útgjöra þann markverðasta part mannsins forlaga hjer í lífi, svo styrkist mitt traust um yðar heillasömu því vissar við þá gleðilegu fregn um yðar kosningu af jöfri til háskólans lærimeistara með álitlegum föstum launum, með hvör eg þarnæst innilega samfagna yður, sem svo vel hafið fyrir löngu þessa viðurkenningu yðar sjerlega lærdóms verðskuldað. Leiði þessi heiður og frami yður jafnan til vaxandi ánægju og heiðurs, og hvört yðar æfispor, og skal enginn maður því einlæglegar fagna en eg.

Frá mjer og oss hjer er fátt að segja. Að lýsa árferði er óþarfi, þar vor Thorstensen, Laur. Thorarensen og aðrir ferðamenn fá það gjört brjefi betur. Á það merkilegasta minnist minn Klausturpóstur og, af hvörjum nú fylgja 2 Ex. af no. 9 á skrifpappír, en hin eru áður send. Annað þessara er yðar velborinheita, en hitt bið eg við hentugleika komist til hr. Oberauditeur og býfógeta Gríms Jónsonar, sem eg hugði best yrði úr yðar eigin för til fundar við kærustu yðar.

Hjer hefir annars í alt vor og sumar verið mjög svo krankfelt af rhevmatiskum þungum tilfellum, og margir lengi þarmeð sárlasnir dregist, eg í 6 à 7 vikur, drógst þó ætíð á felli en óhæfilegur í höfðinu til alvarlegra og allra góðra hluta. Verkur hjelt sjer þar lengi fastur hægramegin ofan fyrir auga, en er nú algjörlega við mig skilinn, og eg fyrir fám dögum tekinn — við heyskapar umsýsl — framar að þjóna mammoni en g... í bráð, þó ei sje játningin fögur.

Af Klausturpósts bls. 80 sjá yðar velborinheit mína, sem annara, sáru sorg yfir stiftamtmanns Castenschiolds embættis dauða hjá oss, hvörrar bitrasta tilfinning þó er aleydd við hans eftirmanns hinum ólíka góðvildarsama embættisbreytni og ráðsvinna, það af er í öllu. Samsyrgja ætti eg yður með fráfall heiðraðs móðurbróðurs Cancellíráðs Finsens, ef ei hans hái aldur og langvarandi ellihrörnan hefði fyrir löngu bent vinum hans til að búast við þessa öldungs burtför, eftir náttúrunnar lögum til betri átthaga. Klausturpósturinn frá Júlii incl. þ. á. sýnir, að nú er prentverkið hingað nær mjer komið og hjer í gang[1]). — Ekki hefir mitt lasna höfuð í sumar verið upplagt til kvæða, og verður máske seint úr þessu til ölkvæða, svo að eg gæti boðið nokkurt fram til Stúdentavísna safnsins. Eg er og þegar útdrukkinn, og finn því ei framar eins lifandi til Bachi kraftaverka, sem við gáfna hans nautn á yngri árum. Hjer býðst og að eins andalítið öltár, sem sanna megið af mínum ölföngum í Gamni og alvöru. Illa þókti mjer fara, að fjöldi prentvillna aflöguðu — sem þó ei mátti — mína Commentatio inauguralis; eg ljet því prenta þær helstu hjer á 8tav blað og sendi Ólafi frænda mínum, vona eg hann hafi afhent yður 1 til að líma bak við kverið, og rjetta eftir því, en auk þeirra fann eg síðar p. 26—27 neðst og efst, að þar standa átti — unicam partem —, Vígslóði inscriptum og p. 64 í nótu* Rescr. d. 27. Maii 1638, sem eg nú ástsamlega bið að lagast mætti í yðar Exemplari.

Vort bókmentafjelag hefir mikla æru af Sturlungu útgáfu sem þess merkilegasta verks, og mun eg í næsta No. Klausturpósts nefna þess iðn og útkomin rit frá Íslendingum þ. á. En mjer sýnist og, að þetta góða fjelag ætti helst að hjálpa þeim verkum fram, er síður vænta mega forleggjara, vegna of videnskabelig efnis fyrir almúga, eða kostnaðar, er þau krefja, þar það hefir viss ár-

[1]) Þessi orð um prentverkið eru rituð á rönd.

leg tillög og inntekt í peningum við að styðjast, en forleggjarar annara bóka verða (og fá það þó ei áunnið) að vona skaðleysu einungis við þeirra hjer sáraumu sölu. Líka sýnast íslensk innlend tíðindi í Sagnablöðum missanleg, meðan Klausturpóstur hefir áður talið þau helstu atriði hjer, jafnótt og þau tilfalla. Að sönnu fer eg með ásetningi stutt yfir þau, en mjer sýnist lengra til einkis með þessa líttmerkilegu tilburði, svo sem veðráttufar, árferði, hvörs ýtarlegri útmálan ei interesserar hjer þá, er áður vita þá sjálfir og reyna, ei heldur efürtíðina framar en Klausturpóstur á minnist, og ekki svo mjög, með þessi fljótt hjálíðandi, gleymdu og þá lítilsmetnu ómerkilegheit. Meira verð set eg upp á conspectum lagasetninga útkomu hingað og þeirra álit um gildi og skilning, ef þjenað gæti fyrir repertorium þeirra samlifendum og seinni öld, því framar sem eg fullreynt hefi vandræðin fyrir umliðna tíð, að fá þvílíkt áreiðanlega uppgrublað. — Ekkert hefi eg enn sjeð publicerað í Collegialtidende eða Skilderíi um minn Doktorhatt — sem aðrar promotiónir — máske af því að hlutaðeigendur vita hana ei eða hafa enga communicatio þarum fengið.

Fyrirgefið mjer, besti hra. Professor! að eg í poka til frænda míns Ól. Stephensens, smeygði inn til yðar 8 pundum af góðum dúni, í von um, að yðar lítilæti reiddist þeim vesældardóm ei, heldur nú — þá líður að giftingu — (þó eg viti vel að yðar góði tengdafaðir lætur dóttur sína hvörki vanta sængurfatnað, eða annað) — nota vilduð þau í svæfilinn gamla, sem eg áður hefi nefnt, eða síðar meir, þá ættin eykst, í vöggu-fatafyllingu.

Láti drottinn yður alt til heiðurs og heilla falla, og geymi sem lengst yðar dýrmæta líf, lærdómsefnum vorum og föðurlandi til frama, heiðurs og heilla! Óskar af alhuga yður velborinheita skuldbundinn einl. elskandi ættbróðir

M. Stephensen.

P. S. Kona mín og dóttir biðja auðm. að heilsa.

P. S. Commissionaire minn, Urtakramara Asm. Larsen, hefi eg beðið að betala mitt tillag til Bókmentafjelagsins.

III.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1820.

Háeðla velborni!

hæstvirti besti hra. Professor!

Mjer var — sem ætið — sannarleg ánægja í með póstskipi, er loks um nóttina eftir þ. 11. Jan. 1820 skreiddist hjer inn á höfn, að meðtaka yðar velborinheita að vanda vinsamlegt og elskuríkt brjef af 4. Oct. f. á. og þaraf að sannfregna yðar andlegar og líkamlegar, — og með þeim fyrri tel eg heiðurs- og literaire-heillir, — því eg veit af eftirtekt, ef ei eigin reynslu, að því meir upplýsing hvörs eins vex, því viðkvæmari verður þess lærða manns sál um þetta síðara hvörttveggja, hún ergjar sig til líkhamlegs dauða yfir smávegis orði, er til vansa lúta má, eða til vanþakkar og misvirðingar, sem óhefluð rustasál óhrærð brosir að, já, að ærumeiðandi skömmum, og finnur sig rjettlætta sú seinni, með sannfæringu um að þó hún ei hafi hrundið íllmæli af sjer, standi þó ei neitt uppá sig í skamma-talionis tilliti, sem ei er þess upplýsta, viðkvæma, lærða manns credda, hverjum literaire heiður og Agtelse gengur pari passu með existimatione simplice múgans.

Þessa digression í formála gæti eg nú fyrir engum forsvarað, nema jafnlærðum, forþjentum, ergo með literaire Agtelse viðkvæmum manni sem yður, en sem eg fell uppá nú að byrja brjefið með, þar eg tjáði yður sanna hluttekningu mína í yðar margforþjenta literaire heiðri, bæði sem nýkjörins fjelaga þess antiquariska fjelags í Newcastle, og við Hokbacks útlegging yðar rits um þá Byzantiske hátíð og Gräters dedication á Völuspá, en þó öllu framar — sem þess — að mínu áliti jafnmarkverða við yðar krýnda prísrits, sem eigið í vændum með þá

dönsku útgáfu Sæmundar Eddu, með inngangsritum, skýringum etc. etc., sem verða mun verk, er lengi mun heiðra Danmörk og Íslands besta og antiquarisk-lærðasta son, og sem eg feginn vil subscribera uppá og ratihabera þarmeð yðar velborinheita góðvild fyrifram að hafa gjört það mín vegna.

Að eg vildi feginn útbreitt hafa þekkingu þess verks meðal landa minna og inviterað þá til subscriptionar með mjer uppá þetta mikilvægasta verk, þarum skal minn Klausturpóstur No. 2 fyrir 1820 vitni bera, fyrir löngu með póstskips Expresser um alt kominn (því hann kom út fyrstu daga Febr.), en þó hefir enginn Subscribent ratað til mín, sem og er hjer isoleret á eyju, nema Vester-Amts Postbudet Björn Teitsen, sem vill fá eða kaupa 1 Ex. með Subscribentpris, en á umferðinni í Reykjavík efast eg ei um, að nokkrir komnir sjeu á það Plan, er liggur á biskupsins heilaga Contoiri. Annars er sárbágt hjer með öll literaria og ekkert fæst hjer selt, sem ei heldur er von, þar enginn skildingur fæst í höndlun, en hún sýgur í sig þá seinustu, sem eftir vóru, en gefur engan út aftur, og enginn skildingur sjest framar in commercio til sjós eða sveita, nje mun til vera orðinn manna á milli víða. Þó gjöri eg máske rangt að slútta frá mjer og öllum þeim eg gjörþekki til hinna.

Klausturpósturinn labbar þó enn út um landið sem sjáið af meðfylgjandi framhaldi hans, eða No. 10—12 pro 1819 ásamt titilbl. og No. 1—3 pro 1820, og fær í skárra lagi viðtöku og hýsingu, eftir því sem gjöra er eða vænta eftir fyrrtöldum ástæðum. Í No. 2 fyrir 1820 eða Febrúar finnið þjer 4 vísur með laginu „Hver Glædens Ven“; hefði eg nokkurntíma verið svo hugaður að leggja útí kveðskap á dönsku, skyldu þær nú frá mjer koma út svo í Skilderíinu, en gleðja mundi það þann, sem þær eru gjörðar til M[oltke] og eins þeirra ísl. höfund, að sjá þær á dönsku þar, einkum eftir hra. Prof. F. Magnussen, sem hefði máske látið sig passlegast gjöra, með því að færa þar í frásögu: „at af M. St[ephensen]s Klosterpost

No. 2 for 1820 var det let at skjönne, at Island ved dets Postskibs Ankomst til Landet i Jan. Maaned har med Glæde modtaget Efterretningen om Hr. Stiftamtmand Moltkes Ansættelse til virkelig Stiftamtmand over Island, da deri læstes en islandsk Sang desangaaende af följende Indhold“ (án þess að nefna hans authorem ítarlegar sem þó er eg). — Fyrirgefið þetta kvabb.

Hjá Klausturpóstinum legg eg 2 Ex. af pieca mínum Athugaverdt vid Sætta-stiptanir &c., sem, — hvörsu þurr sem hann er eftir efninu eins og flest lagarit, — eg held ætli að fá sæmilega viðtöku, og bið yðar velborinheit að beita allri vinsemd og lesara góðfýsi við yfirlit hans, 1 Ex. til yðar, hitt til Auditeur Gr. Jonsens[1]). Ogsvo til Oberauditeur Jonsens legg eg hjer hjá og recommendera hans vantandi 3 No. 10—12 af Klausturpósti pro 1819, á bíkúpu; en þar hann kvaðst ei gefa um Klausturpóst nema á prentpappír og hjer hefir verið og er svo megn ekla á allslags pappír, að flestir eru hættir að skrifa orð, og fara nú að rista rúnir og correspondera með hieroglypher, fjekk eg ei prentað nema sárfá Ex. á bíkúpu eða skrifpappír, og verð því að bjóða honum framhaldið eins og hann beiddi á prentpappír fyrir 1820 No. 1—3. Sem öðru dagblaði leyfa börn hans því líklega í Schielschiör og að eins dægurs-eilífð sem öðrum, og þá er það hentugast til að kveikja við í pípu sinni.

Þjer sjáið í Klausturpóstsins No. 2 pro 1820 p. 31, að þó, sem þjer segið, öll periodisk blöð í Kjöbenhavn þegi um yðar Ansættelse sem Prófessor við universitet og Konstacademi og Collegial Tidende um minn Dr. hatt (í Stats-Tíðindunum las eg um hann), þegir þó ei Klausturpósturinn um svo merkilegt sem hann frjettnæmt veit, en í minutias veðrabrigða og annars smælkis, er hjer tilfellur, er hann ofstór uppá sig til að innláta sig.

Of mikla æru og vináttu góðsemd sýna yðar velborinheit mjer í því umgetna áformaða ágripi af minni

---

[1]) „1 Ex. — Jonsens er ritað á rönd.

vita til Skilderíisins, bæði af því, að fátt er merkilegt til í henni, er verðskuldar það, og væri það nokkuð, hygg það fáum fullkunnugt, það er mín eigin Bevidsthed heldur teldi þar til, er mest hjá sjálfum mjer in deposito og færri data öðrum þekt, síst rjett. Mín vita við Dr. Commentation mína getur þessa ekki. Hún er og bona fide sumstaðar aflöguð af mínum annars ástkæra góða fóstra Egilsen, sem sponte tók sjer það fyrir, þar á meðal: e scholâ Schalholtina dimissum 1779, er ei svo, því að sönnu dimitteraði Rector skólans mag. Bjarni Jónsson mig 1779, en aldrei var eg í þeim skóla, heldur í 3 ár undir kenslu yðar, mjer æfilangt heiðraða og elskaða móðurbróður og þá mágs míns, Drs. Finsens, og á fæst, er eg markverðast tel, er vikið í þeirri vita, væri nokkuð til, enda sómdi það ílla undir mínu nafni þar.

En tjá vil eg yður, er æ takið bróðurlega hlutdeild í heiðri mínum og ánægju, að Dr. Commentatio mín hjer hefir víða, hvar eg hefi henni útdeilt, fengið öldungis óvænt lof, svo eg meðtek nú daglega mörg lofdýrðarbrjef þarað lútandi og gratulatoria í ljóðum með Dr. hattinn, og hvað kátlegast er eins frá fjölda geistlegra, hverjum eg þó í Commentatio, nótu p. 168—70 hafði sent beinharða hnútu, en sem eg sje þeir ei þykkjast við, því margir prófastar skrifa mjer lofsamt um Dissertationina og eins þá nótu. Sra. Steingrímur mikið ásamt öðrum. Etatsráð Einarsen hefir gefið mjer mikið skriflegt Encomium hennar (lofar þó ei, sem vitið, verk mín eða margra um of) og 1 merkisprófastur er við hana genginn af trúnni, hefir slegið strik í bráð yfir dogmatikens Studium, fallinn til þeirrar heiðni og hæreseos að útleggja Commentation mína á íslensku, sponte mjer óvitandi og sem mjer síst datt í hug, því þann mann hefi eg aldrei sjeð eða þekt; en hann skrifar mjer nú til, segist kominn í hana miðja, biður um leyfi til framhalds og um mína Revisión á eftir. Af öllum gratulatoriis finst okkur sra. Árna presti mínum og Egilsen mest og dýrðlegast bragð að sra. Arnórs prófasts Jóns-

sonar í Vatnsfirði, því það er svo poëtisk-antiquarisk lært, að enginn botnar í því, nema þjer og Egilsen, hvörn síðari eg beiddi gjöra mjer nótur yfir kvæðið, er auctor kallar: Forsetaheimt, svo að eg fengi eitthvað skilið í því, sem hann og gjörði; en þegar eg nú sagðist ætla að senda yður það og hans nótur, bjóst hann við að þjer imputera munduð sjer — geistlegum manni — mythologiskt Kiætterie í nótunum. Nú, eg sendi yðar velborinheitum samt Forsetaheimt sra. Arnórs og Egilsens nótur; eg er ei viss í hvört Egilsen hefir öldungis gitskað á auctors meining í allraseinustu strophis.

Gott þækti mjer að sjá yðar lagfærandi eða ítarl. skýrandi nótur, hvar þurfa þykir, en hitt sem sra. Arnór mæltist til við mig að fá þetta prentað hjer, jafnvel á sinn kostnað, fann eg ei passandi, þar eg ræð p. t. fyrir þessu prentverki, en hefðu ljóðin verið til yðar, skyldu þau fyrir löngu prentuð vera. Eg sendi yður þetta samt, og þó eg viti að þau ei kunni eiga við Sagnablöðin, set til yðar hvört prenta vilduð láta þau í 8vo, þó frálaus, og búa titil til undir sra. Arnórs nafni sem auctors og útgefara í því tilfelli, en eg skyldi svara til prentkostnaðar þess með fyrstu skipum, ef Credit fengist hans vegna á meðan, en yrðu þau einhvörsstaðar prentuð, þyrfti kvæðið skýringar, þjett prentaðar undir, helst yðar eða Egilsens umbættar, eða beggja, með aðgreindum bókstöfum undir. Og fyrirgefið nú þessa heimsku!

Sjálfur Egilsen heiðraði mig með stuttu, snotru gratulatorio á afmælisdag minn í vetur, og svo í líkum smekk, sem eg hygg yðar velborinheitum líki, sem sra. Arnórs, en þetta er mjer of mjög viðkomandi, því sendi eg það ei.

Oft höfum við börn sál. Stiftamtmanns Ólafs Stephensens haft í ráði að leggja saman í lítið en smekkgott monument yfir foreldra okkar, en peningaþröng og búbasl hingað til tálmað, og kann svo fyrst, því margt kallar að oss flestum. Það mundi ódæði að halda að annar eins maður og Thorvaldsen, í nafni þess, að hann

hálf-íslendskur er, vildi gratis (því ei leyfa efni oss að betala slíkum efter Skik og Brug — et Par 1000 rbd. fyrir hvern hráka í Blokken) í ættar eða þjóðar vorrar heiðursnafni, gefa útkast til eins lítils en smekksgóðs monuments yfir þau, eftir hverju það af öðrum þá síðan mætti fullgjöra síðan, og væri gaman að vita hvað slíkt kosta mundi. Inscription á það yrði þareftir að lagast eða tilbúast. Eg þori varla að biðja yðar velborinheit að hafa þetta til tals við hann, sem einhvörn vorn frægasta landsmann og heiðraðasta frænda vorn nú í Kaupmannahöfn.

Eg vil eftirláta öðrum að segja frá slúði og þíðum hjer í vetur, sulti almennum útaf skorti allra góðra hluta við alla kaupstaði syðra, en Klausturpóstinum frá hinu, heldur biðja fyrirgefningar á allri mælginni, fela mig yðar forna bróðerni og vináttu og með innilegum lukkuóskum okkar konu minnar til yðar velborinheita og elskulegrar kærustu til þess fyrirstandandi ráðahags, en minni eigin skuldbundinni heiðrun og þökk til yðar hafa þá æru að vera

Yðar velborinheita skuldbundinn elskandi og
heiðrandi ættbróðir
M. Stephensen.

IV.

Viðeyjarkl. 4. Julii 1820.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hr. Professor!

Tvö yðar velborinheita elskuleg brjef, að vanda, af 2. og 6 Maii lærdómsrík, fróðleg og mjer einkum sjerlega gleðileg þakka eg hjartanlega og kærkomnar sendingar með þeim, en þó öllu framar, þau ítrekuðu merki sannrar og mjer dýrmætrar vináttu yðar, góðsemdar og virðingar lærdóms viðburða minna, en þótt veikra og annara tilrauna, sem yðar svo heiðraða Recension Dr. Disputat. minnar og æfiágripið í Skilderienu með öðru votta mjer fæ eg aldrei þakkað sem skyldi, en virði yðar jafnt útmerkta staklega lærdóm, hreinskilni og góðmenskufulla

hjartalag yfir flestra já allra samtíða landsmanna vorra, og óska af hjarta, að guð lengi yðar daga sem lengst og krýni verðskuldaðri heill og heiðri!

Svo stendur nú bagalega á högum mínum, að eg ómögulega næ í þetta skip, og hefi þó stórnauðsyn á occonomiskum efnum í brjefum út með því að ala önn fyrir, nema eg í þetta sinn verði við alla, — eins minn besta vin hr. Professor Magnussen, — fáorður, með betrunarloforði seinna, hleyp eg því núna til:

1° að notificera: að Chirurgus Sveinn Pálsson subscriberar fyrir 1 skrifpappírs Ex. af yðar danska Edduverki, hvaruppá innlagður miði frá Schagfjord, hans mandatario, mjer þarum sendur, er merki, en fleiri hafa mjer enn ei bættst. Hjer er nú með bókaútgáfur og sölu bágt.

2° legg eg hjer hjá Klausturpósts Continuation, No. 4—7 incl. á skrifpappír til yðar velborinheita, og No. 4—7 incl. á prp. til Overauditeur Johnsens, og fel yður þau til Befordring til hans.

3° Slæ eg nú uppá nýju betli í literaire efnum við yður.

Svo er þá mál með vexti, að eg hefi hvatt og eftir mætti með ráðum, nokkurri hjálp og bókaláni styrkt settan Landphysicum Odd Hjaltalín til á íslendsku að samantaka gott botaniskt verk yfir allar hjervaxandi plöntur, systematiskt eftir Hornemann og með ítarlegri Anförsel af þeirra occonom. og medicinsku Anvendelse – practiskt, — nú er það klárt og hreinskrifað, verður 25 à 30 örk prentuð, en — nú vantar Forlægger eða hjálp til prentunar, því svo videnskabeligt og stórt verk selst ei til kostnaðarborgunar hjer á minna en 20 árum; hvörki eg nje Landsuppfræðingar Stiftanin hjer megnum það.

Nú veit eg að, ef þið herrar Prófessórar 2, báðir hálærðir og jafnt heiðraðir menn, þjer og Prof. botan. Hornemann, og báðir vinir mínir, báðir, hvað mest í þessu efni er vert, augasteinar Hs. Excell. Geheimer. Bülows til Sanderumgaard, sem með hárri Præmie og

kostnaði til útgáfu Hornemanns Plantelære's skenkti Danmörk og Norvegi þetta dýrðlega og videnskabelige [verk], legðust á eitt við hann til að láta þá velgjörð sína og ná til Íslands með því að styrkja útkomu þessa verks hjer í voru máli. Eg hefi nú hjerum ritað próf. Hornemann, óska að þið vilduð hjerum conferera, og sendi hjer innlagt Extract af því eg skrifa honum hjerum, ef máske senda eða sýna vilduð það Bülow, ef þetta gjörið svo vel við hann að recommendera. Þarf eg svo ei að orðlengja hjerum.

4º Í hug er mjer með næsta skipi að fela yðar velborinheitum Indbydelse til Subscription uppá mína fyrirhafandi útgáfu Jónsbókar, en tíminn leyfir það nú ei, og ei annað en að fela mig yðar fornu og dýrmætu vináttu með óskum gleðiríks sumars. Við hjónin bætum þarvið kærum kveðjum til yðar og góðu kærustu, en eg vil æfilangt reynast

yðar velborinheita

skuldbundinn og einlægast elskandi vinur

M. Stephensen.

Extract[1])

af Conferenceraad M. Stephensens Skrivelse til Professor Botanices Hornemann, dateret 1te Julii 1820.

Ieg har især om fortrinl. Foderurter udgivet nogle Stykker i min Klosterpost, og om nogles medicinske Nytte, saavidt deres Plantelære og Landphysikus her i mit Nabolaug have kunnet veilede og berigtige disse Anvisninger, men ieg savner især en god Bog til Anvisning om de officinelle Planters medicinske Brug og praktiske Anvendelse. Iövrigt paastaae vi her, at have mange flere medicinsk gode og vigtige, end dem, som Schumacher og Herholdt (1808) anmeldte som officinelle.

Det er i den og mange flere Henseender inderligen at beklage, at vor forhen constituerede Landfysici Chirurg

[1]) Brjef þetta er fylgiskjal við næsta brjef á undan.

Odd Hialtalins Flid, i at udarbeide en udförlig Plantelære for alle bekiendte paa Island voxende Planter, paa Islandsk, med deres Beskrivelse, oeconomiske og medicinske Anvendelse og Nytte, ikke kan lönnes engang med den Glæde for Forfatteren, at see snart sit Arbeide trykt, for ei at tale om anden Belönning. Arbeidet er aldeles dannet efter Deres store Værk i alt og Planternes Beskrivelser for det meste derefter oversatte, ogsaa har han benyttet Rafns Flora, den svenske Liljeblad, Schumacher og flere, som ieg har alle laant ham, samt Flora Danica selv (mere haves her ei), men angaaende den medicinske Anvendelse og Brug, har han været meget mere udförlig, end nogen af hine; i Henseende til den oeconomiske og Brugen til Farverier og Haandværker vel kort, dog lige efter Deres Bog, Rafns og Lillieblads. Kunde denne Bog dog udkomme paa Islandsk, er det den 1te brugbare, thi Biörn Haldorsens Grasnytiar, veed De selv, at duer til slet intet, og er et bundlöst Chaos. Hin kunde stifte og udbrede mere Gavn, Lyst og Opmærksomhed for Botanikens Studium og Nytten af samme vorde almindelig her agtet og kiendt derved. Men her er ingen Raad til for ham, en purfattig Mand, selv at bekoste Udgaven; ieg kan det umueligen, hvor gjerne ieg ville, som den der har ansporet og hjulpet ham til at fuldföre Arbeidet efter Muelighed, og saadant et Værk altid, formedelst Plantebeskrivelserne noget tört, for andre end Botanikere, vil her, i et aldeles pengelöst, udarmet Land, umueligen finde Afsætning, uden til en meget nedsat Pris, og först i en Tid af 20 Aar, men allerede dette var godt og stort. Sit Arbeide har Hialtalin dediceret mig. Ieg skulde paa Timen have sendt Deres Velbaarenhed samme til Revision og Rettelse, og ansögt samme tilligemed ham, naar ieg ikke vidste, at de forviklede islandske Ords Terminologi deri og andet, vilde være Dem uforstaaelig. Og da ieg mærker af Landfysikus Jon Thorstensen, at han ikke tiltroer sig botanisk

Styrke nok til Revisionen, lader ieg Arbeidet nu giennemgaae: först af Chirurgus Svend Paulsen, derefter af Landfysikus Jon Thorstensen og vil endelig selv revidere Sprogudtryk og især det oeconomiske i samme. Gid vi dertil og til den medicinske Brug her havde bedre Subsidia!

Men, hvad saa? Bogen er med tet Skrift i 4to foruden Fortale &c. og Registere, paa meget tette 300 Sider, og vil blive trykt i Middel-octav lovlig tet 25—30 Ark. Oplaget circa 800, vilde her paa Stedet koste circa 600 rdl. med Papir og alt. Men — hvor ere disse at finde? At ansöge Regieringens Hjelp dertil, kommer nok i disse Tider kun lidet udaf. Islands endnu gieldende Lovbog, den for sin höie Alder og Indhold lige mærkværdige Jónsbog fra 1280, har ei været trykt paa Islandsk i 111 Aar, og ikke at faae i 50 Aar; ieg har, efter at have ladet conferere paa Rundetaarn og her hos mig henved 20 af de fortrinligste Pergaments og andre Codices af samme, arbeidet paa en mere paalidelig og god Udgave, med Anmærkninger; i flere Aar, med flere Embedsmænd andraget Bogens Uerholdelighed og Uefterrettelighed i Følge de ældre Udgaver, og da det er Regieringens Sag, at sörge for Loves Paalidelighed og Erholdelighed for Penge, sögt om Hielp til Udgaven, for mere end 1 Aar siden, men endnu ikke seet noget Svar. Altsaa tör ieg mindre vænte noget for en islandsk Plantelære.

Hvad Raad altsaa, Allerhöistærede! til Befordring af sidstnævnte Værk? Hvis De kan hitte paa noget, forvisser ieg mig om Deres Godheds Beredvillighed til at anbefale Sagen hos Vedkommende kraftigen, som en Mand, hvis liberale Tænkemaade og Iver for Videnskabeligheds Befordring, ikke mindst Botanikens Fremme, er mig Borgen derfor, ligesom ieg herved indstændigst ansöger saadan Deres Deeltagelse heri. Selv skal ieg bestyre Udgaven og læse Correkturerne og lade det trykke her. Skulde den Tanke være for ubeskeden, at den ædle Mand, som saa fædrenelandskiærligen og ivrig for Botanikens

Fremme, samt saa mangehaande Slags anden Videnskabelighed, befordrede Deres eget höistvigtige botaniske Værk, til Danmark og Norges Nytte og Hæder, ogsaa vilde endnu lægge den store Velgierning til saa mange andre, der evigen ville hædre Hans Minde, at udstrække sit velgiörende Øiemeed med Botanikens Fremme, ogsaa til Island, ved at understötte og tildeels skiænke samme en saadan Botanisk Veiledning i Landets Sprog, som Hialtalins forbemeldte? Havde ieg nogensinde havt den Ære og Lykke at kiende Hans Excellence personligen, havde ieg sikkert vovet, at aabne ham mit tillidsfulde Ønske herom, men nu — nu veed ieg, at naar De og Professor Finn Magnusen, som Mænd, for hvilke ieg veed at Hans Excellence bærer ligesaa megen Höjagtelse som Godhed, kunne formaaes til, hvis De ei finde Tanken derom altfor ubeskeden og dristig, at aabne ham mit underdanige og tillidsfulde Ønske, i denne Henseende, har Sagen erholdt de bedste Talsmænd hos Ham.

I al Fald skulde det lægge en ny Forbindtlighed til for mig, hvis De vilde bevise mig den Godhed, at besörge mig nogle flere maaskee nyere botaniske Skrivter sendte eller laante eller mod Betaling, herover, end dem ieg har og har nævnet, og som De finde brugbare til at giöre Beskrivelsen endnu mere praktisk nyttig, i Henseende til Planternes oeconomiske og medicinske Anvendelse hos os.

in fidem

M. Stephensen.

V.

Viðeyjarkl. 26. Aug. 1820.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Þó eg í öndverðum næstliðnum mánuði hripaði yðar velborinheitum með Petræusar Skonnertu (heldur en

riddara B. Sivertsens Slup) langan pistil nokkuð, var eg þá í þvílíkri Distraction og af önnum ærður, að eg ei man — hvað þó síst hefði átt að gleymast — hvört eg, sem bar, þakkaði í orði einu — því aldrei kemst það lengra — yðar 2 kærkomnustu og heiðrandi brjef af 2um og 6. Maii þ. á., allar þeim fylgjandi kærar bókasendingar og þá dýrðlegu Recension minnar Dr. Disput., en sjerílagi yðar sjerlegu vináttu, góðvild og heiðrun með henni, ágripinu af æfi minni í Skilderíinu, og minningu Moltkes versa þar, alt í loflegasta og besta máta, hvað eg enn á ný hjermeð hjartanlega og skuldbundnast þakka. Gleður mig innilega starfsemi yðar og sá heiður meðal allra sanngjarnra lærdómsvina hún ávinnur ásamt yðar staklega lærdómi í þeim efnum helst, sem fáir sem engir vita neitt, en eru sem eg, heil- og hálf-blindir, hvörr lærdómur ei er fenginn — svo mikið skil eg þó og veit af reynslu — nema með mestu lestrum og óþreytanlegri iðn, og varðveitist enn síður í öðru en því besta höfði og minni.

Recensiónina áhrærandi óttast eg að hún sje of góð og af mjer miður forþjent en vildi. Líklega leyfa yðar mörgu og erfiðu störf, með ferðalögum og Forliebelse — sem krefur og sinn part af tímanum, uns komnir erum til Kiærligheds Formaal og höfum staldrað þar við um hríð — yður ei um sinn að hugsa til danskrar Versionar á þeim pjeca; eg hefði og heldur óskað hann eftir Recensioninni omarbeidet þá, vegna þess, sem hún sýnir, sama efni kemur fyrir á fleirum stöðum, eftir hennar Plani, en sem við Omarbeidelse hefði mátt hentuglegar verða öðruvísi. Líka hefði eg bætt við stöku nótum eða breytingum; vissi eg því að þetta væri alvara og áform og tóm yðar til þess, hefði eg sent yður þær athugasemdir, en annars — að yður fráhorfnum — máske gripið í þetta sjálfur í vetur, ef nenni, eða friskur verð, þó eg þá hefði annars ásett að byrja með Jónsbókar prentun, sem þarf undra undirbúnings erfiði, en mjer lukkast ei, sem yður, að kljúfa svo mikið vandaverk í einu, sem

þau mörgu og vandasömu verk, Eddurnar á dönsku og íslensku etc., etc., sýna, að þjer í einu undir hafið, veldur því bæði eiginn ódugnaður minn og fjandans limurinn hann Mammon, sem, þá verst gegnir, kallar mig út til að reka úr túninu, eða arga hjúum til verka, eða svara konu minni uppá: hvað eigum vær að eta og drekka, hverju klæðast, hverju skæðast, hverju brenna etc. etc. etc.? sem að sönnu heiðnar þjóðir tjást leita að, en kristnir þó ei vel fá án verið, síst undir núveranda kaupverslunarformi.

Þettað annars góða og frjófga sumar, hefir ollað mjer svo mikilla ónáða og yfirhlaups og Distractiona, að eg ekki hefi treyst mjer til algjörlega að gefa mig, eða mátt, að solid studiis, hefi því slegið mjer sjálfur á kreik og Extravagancer (eftir orðsins Etymologie svo rjett nefnt um mig, þegar eg slarka út fyrir eyjuna) upp um fjöll og hraun í botaniskum Excursionum og mineralogiskum meðfram, og nú á mánadaginn kemur, þ. 28. hujus, hefi eg citerað stiftamtmann Moltke og Jón Kusa hingað, til að hjálpa mjer til að rífa í sundur og ofan alla Viðeyjar hamrakletta, basalta etc. steinakyns um hana alla; ávöxtinn sendi eg Wad og Hornemann af báðum náttúrunnar ríkjum, en stiftamtmaður Moltke er sterkur ornitholog, og drepur alla fugla, en þá friða eg hjer, sem best eg get, nema arnir og hrafna.

Í þeim eina pósti á eg skilinn lítinn part þó af lofi yðar, að frama vilji allsháttar lærdómsgreinir vors föðurlands — eftir minni sárlítilli orku — allar jafnt, ef megnaði, að eg innilega heiðra þær allar og get ei sagt, hvör tignarlegust sje, og skal aldrei sýna minstu áhyggju, lyst eða viðleitni að kefja nokkra eina, heldur halda öllum, það get, á loft, þegar eg ei í öðru megna þær að frama, hvartil eg í fáu er fær. Anmeldelse um yðar sjerlegu iðjur að því leyti mjer eru þær af brjefum og bókasendingum yðar í fyrra og í ár kunnar, og ei áður áviknar í Klausturpósti mínum, hefi eg ásett að framhalda í honum nú í næsta No.i, sem komast mun út með Sivert-

sens Slup tilbaka, því annað efni leyfði mjer ei rúm í nokkrum undanförnum No.um til þess, hvar eg þó, sem sjáið, varð að brjóta efni sundur í miðju, sem eg óskaði þó að hefðu komist heil inn. Hans No. 9 eins mutilerað, fylgir nú með, ef nær þessu skipi, annars með riddara Sivertsen, eða Muller, því það er fyrst að 2ia daga fresti við pressuna laust (à propos! mig minnir að eg með póstskipi í vetur adresseraði til yðar velborinheita 1 Ex. á prentpappír til Oberauditeur Jonsens af Klausturpósti og síðan og beiddi um þessara No.a Befordring við hentugleika. Í brjefi af 15. Maii segist hann ekkert pro 1820, eða með póstskipi komið fengið hafa. Misminni mig þetta — því heilinn verður við aldurinn að hripi, sem lekur ýmsu, sje margt í hann látið — bið eg gjörið svo vel að halda þeim bróðursonum mínum Ólafi og Magnúsi til að standa Jonsen þessi skil, því þá er ei að öðrum hjerum að ganga). — Eitt af því fáa, sem eg reyni að frama af lærdómsgreinum, er vor íslenska Flora, og Hjaltalíns verk þarum, sem sáuð af mínu fyrra brjefi og betli um þess Anbefaling hjá Hans Excellence Geheimeraad Bülow til Sanderumgaard, Danmerkur Floræ verndarengli, hvarum eg ei orðlengi, en bíð í góðri von svars, hvört nokkurs styrks vona sje.

Klausturpóst minn áhrærandi, þá heldur hann hjer sömu góðri viðtöku. Vegna peningaleysis treystust fjölda margir ei að halda hann mót betaling í peningum, af hverjum hjer nú enginn skildingur fæst, eg minkaði því með nýári 1820 upplagið um 100, þar eg víða að frjett hafði um væntanlega fækkun þá, en sá síðar að eg, og hverr, sem hjer hugsar nokkra bók að fá selda, um hvað helst sem er, neyðumst til að taka mót vörum í þeirra betaling, vörudal pr. Courantbanco-dal, og gjörði það kunnugt í Martio, vildi þó fá $^1/_4$ meira í vörum, og gáfu þá eins margir sig fram til Klausturpósts sem áður, svo mig þraut Ex. til mjög svo margra, og hefi því pro 1820 ekkert Ex. afstans. Að eins 1 sjálfur eftir. Sætta-

handkverið gengur og sæmilega út — alt mót vörum. Hverr mundi nú vilja recensera það og Klausturpóstinn NB miskunsamlega í náð?

Mjer þækti annars gaman að heyra yðar velborinheita dóm um smákvæðin sum í Klausturpósti, einkum þau eg á þar með — mín eru flest nafnlaus — aber — hvörr á kvæðið í No. 8 nú, með árstal 1805 og H. undir og (innsent) heitir það? Hjer skyldi alt heilt í þessu — en — vilt fer oft sá, sem geta skal — og verður þó hverr einn við sína trú hólpinn.

Sje ekki neitt prentað af Forsetaheimt enn, er henni allgóð biðin til vors, og máske annara hentugleika, en annars bið eg, sem fyrri, prentlaunin (kostnað) að taka eða betaling fyrir hjá mínum Commissionaire Asmus Larsen, urtakremjara, sem þeir bróðursynir mínir og Þorgeir þekkja — upp á Financernes vegna — sem sínar 10 fingur. Sra. Arnór, auctor, kom hjer í sumar, sá Egilsens nótur og gjörði Anmærkning þá til einnar hans um Ragnarökkurs meiningu sína þar og Óðins hvíslun í eyra Baldurs, sem eftir fabula, föður Skjaldar Danakóngs. Beiddi eg Egilsen að notera það á blað, hjer innlagt.

Innilega samfagna eg yðar velborinheitum með tengdaföður yðar nýfengna feita og arðsama brauð, rjett hjá Khöfn, og býst nú við, að sá fengur flýti nú yðar giftingu. Í þeirri von býst eg við, að 9 à 10 mánuðum þarfrá þurfi á dálitlum vöggusvæfli að halda, og beiddi eg bróðurson minn Ólaf að afhenda yðar velborinheitum lítinn 8 punda hnoðra dúns í hann, úr poka eg með Jacobæusar Hukkertu sendi honum í trausti yðar lítillætis hann að þiggja. Óska eg svo af hjarta allrar ánægju og heilla til fyrirhafandi ráðahags, og þess heiðurs og lukku í öllum yðar lífsstörfum, sem dygð yðar og dugnaður og lærdóms og föðurlands ást svo fyllilega verðskulda. Næst innil. kærri kveðju okkar konu minnar til yðar velborinheita, elskul. kærustu og tilvonandi góðu tengdaforeldra, fel eg mig yðar bróðurlegu velunnan

framvegis, ætíð með sjerlegri heiðrun og vináttu yðar velborinheita

skuldbundinn og elskandi frændi
M. Stephensen.

VI.

Viðeyjarkl. 4. Mart. 1821.

Háeðla velborni!
elskulegasti hr. Professor!

Hjartans þakkir fyrir kærkomið og bróðurlegt brjef af 1ta Oct. f. á. og bókasendingu með póstskipi. Mjer er ætíð mikil ánægja að meðtaka yðar velborinheita gleðjandi og fræðandi brjef, og meðdeilingu þess markverðasta er tilfellur í orbe politico et literario. Því er samt verr, að eg nú lítið endurgjald yðar góðvildar fæ sent, þó eg láti nú Continuation míns Klausturpósts til datum fylgja, nefnilega No. 11 og 12 pro 1820 með titilblaði (hin eru áður send) og No. 1—3 incl. pro 1821, og pjeca, sem eg í haust er var útgaf, eða Hjálmar á Bjargi, sem hefir hjer gjört þá óvenjulegustu lukku, að eg enn veit engan, vin eða óvin eða öfundarmann, háan eða lágan, lærðan eða ólærðan, sem ei lofar hann, og hefir hann selst allra bóka best, svo hans oflitla upplag — því hrekkjaður er eg á stóru — er þegar þrotið. Þó fæst ekki skildingur fyrir neitt, heldur vörureitingur. Má þetta heita, að undanteknu litlu einu í Vinagleði, hið fyrsta eg reynt hefi í dialogisku formi. Mun hvörgi vægur og góður Recensent hans og þeirra 3ja árganga míns Klausturpósts og Sætta-handkversins, fást til að kynna þeirra tilveru og innihald í Khöfn.? Sá sem svo mildilega recenseraði mína Dr. Dissertation veit eg væri langbestur.

Þjer sjáið af meðfylgjandi Klausturpósts Nom. að eg nota mjer yðar velborinheita góðu frjettir við og við úr brjefum yðar, líka að eg í No. 2 þ. á. hefi minst nokkurra yðar lærðu starfa, og í No. 1; einninn í No. 12 f. á., en óttast þó, að eg hafi einhverju gleymt. — Professor Horne-

mann rita eg enn á ný um þá íslensku Bótanik. — Lítinn sigur og heiður virðist mjer þeir misjafnlega sinnuðu Badenar beri úr býtum við óverðskuldaðar áreitingar við yður, hvörs eg og af hjarta óska.

Þjer gjörið yðar góðmannlegu vísu, að hugga mig með góðri von um vel afreiðandi attestats fyrir bróðursyni mínum Magnúsi, en órólegir draumar láta ótta hjá mjer eyða henni, uns vissari fregn fæ; bætist samt sú áhyggja á margar myrkvar, sem fráfall elskaðs og innilega saknaðs bróðurs, amtmanns Stephensens þ. 20. Dec. f. á. hefur skapað og gjört mjer þenna vetur einhvörn þann sorglegasta míns lífs, ruglað mína Samling til lærdómsstarfa stórum, og gefið fáar gleðistundir. Hans dauði á besta manndómsskeiði frá vart miðaldra konu og 10 óforsorguðum börnum, öllum, að kalla, ósjálfbjarga og í ástandi bús því, að lítið eða alls ekkert mun leifast af stórskuldum, gefur og viðkvæmum náfrænda lítið fagnaðarefni. Hans brauð verður þó girnilegt mörgum. Get eg til að Assessor Thorstensen og Gr. Johnsen muni um það concurrera með mörgum Jagt- Hof- eða Kammerjunkurum — máske Assessor B. Thorarensen, þó eg voni þeirrar nærgætni jöfurs, að hann ei láti eiknu nauti ofstór horn vaxa við það. En fái það brauð Assessor B. Thorstensen óttast eg meira en alt purgatorium, að aftur vilji sækja hor í nef, Gufuness Bangsi í bælið forna, hverju eg — og ótal — biðjum heitt þá blíðu Forsjón að afvenda, syngjandi við þann þanka af hjarta: „Miskuna oss, ó herra guð, gef frið um vora daga!“.

Þó eg nú sinnissorga vegna, og vegna efnisþrots — því að tjá yður af mildum vetri og ensku strandi, hvað síðara Klausturpóstur sýnir, er til einkis — skrifi í þetta sinn styttra en eg nokkurntíma vanur er, því oft verður mjer skrafdrjúgt við yður, vona eg það til góðmensku yðar og bróðernis, að ei látið mig í vor gjalda þess með jure talionis, þá fyrsta skip, líklega sem vant er riddara Sivertsens, fer, því ætíð gleður mig frá yðar kæru

hendi að sjá vott þess, að í yðar vinsamlegri minningu sje

Yðar velborinheita
skuldbundinn elskari og bróðir
M. Stephensen.

VII.

Viðeyjarkl. 6. Julii 1821.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hra. Professor!

Yðar velborinheita yfrið kærkomnu brjef og æruríku bókasendingar, en yfir alt fram yðar dygðaríka góðvild mjer til handa, alla fyrirhöfn með prentun Forsetaheimtar og svo margt, sem eg nú í flaustrinum[1]) ei man að telja, þakka eg yðar velborinheitum hjartanlegast; fæ eg nú ekkert sent yður til endurgjalds í þetta sinn, meðan ei fara skip í Augusto með svæfil-efnið gamla, nema framhald Klausturpóstsins No. 4—7 incl. og 1 Ex. á bíkúpu, en í Materie, af mínu litla júridiska riti: Rannsókn Íslands gildandi laga um legorðsmál, sem eg vara bókbindarann við, ekki að berja, sem nýprentaða, nema með nógri Maculatur ámilli allra arka, svo að farfinn, laus meðan nýr er, setji ekki yfir. Og betaling fyrir þau sendu Ex., mitt og B. Teitssonar af yðar prýðilegu Versión Sæmundar Eddu bið eg yðar velborinheit að láta taka hjá Larsen urtakramara, mínum Commissionaire.

Sannarlega undrast eg úr hófi yfir bæði hvörsu miklu þjer í literariis fáið afkastað og undir eins yðar jafnlyndi og Beskedenhed í svörum uppá áreitingar þeirra vondu Badena, sem ei skulu hrósa happi yfir að hafa íllviljaðir insulterað yður, því manndóms- og ærusamlega er þeim vísað til rjettar, þó seigt bíti á þá. Eg hló dátt að yðar netta og bítanda innfalli mitt í orustunni við Þorkel Baden, að tractera hann og Publicum á sögunni úr Njálu um Þorkel hák, sine subscripto nomine

[1]) Svo hdr. og líka á bls. 36.

et applicatione, en eg þekti strax hvaðan sú saga mundi komin í Skilderiet. En svo er vor íllgirnisfulli heimur lagaður, að öfund í honum þolir ei til lengdar blómgun útmerktra manna áreitingalaust, minst landa vorra, því þegar öfundsjúka skortir jafnar meriter eða meiri dugnað og mannkosti, vilja þeir telja almenningi trú um, að þeir miklu hafi með einberri drambsemi, rógi og lasti til að kasta skugga á hinna[1]), draga skýlu fyrir þeirra glatt loganda ljós og lyfta vesælmennum í sjálfum sjer til sýnis upp á axlir annara. Svo er með þessa Badena. Eg furða mig yfir þolinmæði yðar að ansa þeim oftar, er það vegna þess, að eg ekki óska, að langt stríð við þá um slík efni mætti[2]) niðurbrjóta yðar góða humeur og heilsu við gremju þaryfir, nje svifta yður dýrmætri tíð frá öðru meir áríðanda, því eg tel þá sannfærða vera um grundvallarleysi. Er þetta álit mitt: 1° Vegna þess, að mjer þykir þeir ei verðir hjerum lengri viðskifta. 2° þess, að eg óttast lengra stríð veki Partiers útbreiðslu, þar þeir og hafa Connexioner, og með gremju heyrði eg hjer álitlegan mann, hvers einlægni ætíð er mjer grunsöm, eða sönn viðleitni að halda landsmanna verðskulduðu forþjenustum á loft, vera engu síður á Badena en yðar máli, og komst nýlega við hann í megnt stríð útaf því. 3° Vegna þess, að eg sjálfur er enginn maður til að stríða lengi um neitt og hefi valið mjer það fyrir reglu, svo að langvint stríð ei steli burt tíma, ró og heilsu minni, oftast að leiða alt stríð hjá mjer, en geti eg ei hjá komist, þá að levera et drabeligt Slag snöggvast, en gang for alle, og kveðja svo fyrir fult og fast minn Antagonist, e. gr. Kyhn og Kela, og forakta Resten, og yfir höfuð menn, er eg þekki þrætugjarna, íllviljaða og engum raison taka. Svo foraktaði eg af síðasttaldri orsök íllviljaðar og ógrundaðar Critiques Sra. Jóns í Möðrufelli og Sveins Pálssonar yfir vali sálma etc. í Nýju messusöngsbók vorri, og virti hvörugan svars, ei heldur Clau-

[1]) Hjer á eftir útstrikað: meriter. [2]) mættu, hdr.

sen um Handelsmálin 1816 eða Henkel fyrri, en rak þessum voldugan löðrung í Forbigaaende, undir eins og Kyhn.

Forlátið mjer, besti herra Prófessor, þessa einlægni! Hvað hjeðan er í frjettum að segja sýnir Klausturpóstur minn, sem enn heldur sínu góða áliti og sömu Subscribenta tölu. Við sjálf í þessu húsi og náungar vorir, sem ei dánir voru fyrir nýár, lifum enn, búumst þó við Marchordre þá og þá frá Master Mors, sem óvægur grasserar nú með nýbrýndan ljá sinn í gall-artaðri skæði sótt víða um land, og sníður með honum upp mörg álitleg blómstur vors lands, ung og gömul. Á eg nú von á honum þá og þá út yfir sundið til sláttar hjá mjer. Nóg er og lengi hjer lifað fyrir mig, og tek eg komu hans vel og rólega nær sem vera skal, því meiri hluti lífs míns var mjer langtum bitrari en smekkljúfur, stríður en blíður, oft, að mjer fanst, óverðskuldað. Eg man ei hvört eg sendi yður mitt melancholiska afmælis-kvæði í vetur, ef ei, minnir mig að annarhverr bróðursona minna í Khöfn hafi það til merkis þarum; eg trúi Hannes fraterculus.

Eg vil að þessu sinni ekki fjölyrða, heldur fela mig framvegis yðar velborinheita fornu góðvild og vináttu og með ástkærri kveðju okkar konu minnar til yðar og elskul. kærustu, samt tilvonandi tengdaforeldra, óska ykkur hjartanlega til lukku með tilkomandi ráðahag, og með innilegustu heiðrun teikna mig hjer og vera meðan hjari yðar velborinheita

einlægast elskandi og skuldbundinn vin og frænda

M. Stephensen.

VIII.

Viðeyjarkl. 14. Aug. 1821.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Þó eg með einum stuttum seðli áður hafi þakklátlega minst yðar velborinheita mig ætíð gleðjandi brjefa

á þessu sumri, og æruríkra bókasendinga og annara vináttumerkja, hafa skipin óvænt hvert eftir annað strokið svo hastarlega burt frá mjer alt í einu, að ekki hefi eg náð að kalla í neitt með nokkurn seðil, en þess á milli verið ýmsum önnum svo kafinn, eða svo ungeschickt til sálar og sinnis og frá mjer í vellu- og mollu-hitum nú um nokkurn tíma með 19 à 20° varma eftir Reaumeur, sem er mjer ætíð óþolandi (hvað þá ykkar meiri?), að eg ekki hefi treyst mjer til ámeðan að skrifa staf. En nú þá Evrus og Evronotus taka að hjálpast með að byrgja Apollós fögru ásjónu með blaktandi bólstratjöldum oss til svölunar, gríp eg pennann á ný, færist í fornan ham hálfu verri heldur en áður, eins og Skjaldvör skessa afturgengin. Eg fer þá fyrst hjartanlega að þakka yðar velborinheitum alt hið fyrstnefnda, og dáist að þolinmæði yðar við literaire störf, og við Þorkel B., sem ei skal hrósa af viðskifta sigri við yður, því um hann má segja, nefnilega þann Kelann, eins og einhverr á prenti heimfærði uppá hinn Kelann 1808 í Skilderíinu: Si tacuisses philosophus mansisses. — Því get eg í hjartanu gramist óheilindum landa minna, eða þess, ef nokkurr væri, insignioris ordinis, sem virðast jafnvel misunna yður verðskuldaðrar æru af þeim literaire slögum, en mæla fram með Kela brögðum og hrekkjum, rjett sem mjer finnist að og svo í yðar, sem engum amið, narta vilji sama öfundar naðra, sem aldrei hefir þolað sjer jafnfætis nokkurn lærdóms- eða dugnaðar-mann vorrar þjóðar, hversu forþjentur, góður og saklaus sem hann er, og það er einlægt sá andi, henni til klikks, viðloðandi frá öndverðum Sturlunga dögum og verður. Að sýna dugnað og dáð eða lærdóm og framkvæmd hjer fyrir vora landa, vekur nýskapaða af litlu eða engu, einkum ný-quasi nobiliteraða seiglinga til þess ófagra (óeðla) bakstríðs, fyrir hverju fleiri orðið hafa hjá slíkum kempum, sem sólbjartir alstaðar sjálfir eru fúsir til að bæta meiri skugga inní portrait, sem þeim virðast offögur — nú skrifa eg í teikninga-sproki, til manns, sem les við þeirra

háskóla — og hætti þessu efni með þeirri hugvekju, að eg syrgi mjög, ef stríð ykkar Kela (hverr hefir sinn (D..) Kela að draga) fær á yðar sinnis ró eða glaðværð eða stelur ofmiklum tíma, sem eg óttast, frá yður, og frá betri lærdómsframa í mikilvægari efnum. Eg skyldi því helst óska, að þjer enduðuð það með einu ultimato og ávísun um, að ei ásettuð að ansa honum oftar, því svo var gjört öðrum Kela 1808 í Skilderíi.[1])

Ef að þjer ritið Minner til, munu siðsemdarlögin bjóða oss hjeðan að þakka, eða þakka láta í okkar Dr. Schevings nafni, rita sendinguna frá því Frankfurt. Gelehrten Verein, en eg fekk Egilsen hjer, þolinmóðasta orðakannara einn, með mjer að glugga í þessi rit heilan dag, — varð þá okkar dómur að það heila væri ólesandi erkiskarn, og minn heili abhorrerar það eins og minn magi Rhabarbara eða Assa foetida. Eg convoluteraði það því í flughasti til Dr. Schevings, hverjum ei finst heldur, að Egilsen segir, annað bragð af þessu.

Mjög svo gjörir mjer óánægju hafi góðvild yðar velborinheita ollað því við lán Codicis yðar af Jónsbók, til þeirra Egilsens og Thordarsens til samburðar í hitthið fyrra, að hann sje yður þarvið mistur, hvað sjálfsagt er skylda mín að bæta með góðu Exemplari prentuðu þegar útkemur, þó eg þarí hvörki sje causa proxima nje remota eða vissi nokkurn hlut til hans láns, en eg hefi tekið hjer báða þá undir pínu-rannsókn, og frásverja sjer báðir þeir Theologer: 1° alt þýfi hans. 2° vitund um annan en að honum sje til síns eiganda afturskilað þá strax. 3° getska á, sje hann virkilega ei til yðar kominn, að hann standi óregistreraður ɔ: umfram það gamla registur, og ónúmereraður meðal annara þeim til Revision á R[unde]turni ljeðu, og hafi af Nyerup í ógáti verið með þeim uppsettur, en þar þekkjanlegur mega verða bæði

[1]) Þegar póstskip er komið, mun eg, ef lifi, í Klausturpósti nefna þessi yðar og önnur rit í einu með þeim heiðri sem ber, en vil sjá, hvört hætist við meira þangað til, vanur einu sinni á ári að nefna útkomin rit Íslendinga.

yður, sem honum kunnugum, og af vantandi Noi. og lýsingu hans í Catalog. Mjer byrjar með útgáfuna seint, því res angusta domi, nú, þá eg á innan vors að hafa rykt út með þann síðasta skilding af Viðeyjar kaupverði, eigi eg ei, á Adamiskan hátt, að verða útrekinn úr þessari Paradís, sem hann úr hinni — líklega mun skárri, og hlýrri á Þorra og Góe. Eg bíð samt eftir brjefi úr Cancellíinu í haust, hvar eg sókt hefi um með-revisores eða með-veljara hennar texta af mínum Saml[inger], og að sá við veljum af kóngi úrskurðist authentiqve, eða skipist að álítast svo og fylgjast í landinu síðan. Án hvers eg við forlagið spila fallít, því hjer er nú fátt um skildinga og enn færra um bókakaupendur, og ekki að hugsa að koma kveri út, nema nauðsynjabókum mestu og það fyrir kaupstaðavörur innlagðar með hæsta prís, útá hverjar enginn skildingur fæst aftur. Í peninganna tilliti erum vær hjer þegar útlits sem nauðplokkuð hæns. Með þeim betalings máta heldur Klausturpóstur samt sínum fulla Credit, svo að eg af yfirstandandi árs árgangi, með sama upplagi sem fyrri, ekkert afgangs Ex. nú á. Hann fylgir nú með sem venjulega nefnilega hvað ei áður er sent per studiosum Thorgeir Guðmundsen og til hans, nefnilega Klausturpósts No. 8, fyrir August. Mig minnir og að eg fyrr sendi 1 Ex. míns seinasta pjeca, eður Rannsókn Íslands gildandi laga um legorðsmál.

Urtakramara Larsen hefi eg skrifað að betala 2 Ex., sem eg fengið hefi af yðar dönsku Eddu 1ta B., þaraf tek eg mjer annað, en hitt fjekk Björn Teitsson, sem segist vera frá með þetta, ef borga eigi fyrifram, eða hönd selur hendi, verður og líklega samt frá, ef hann nú við amtmannaskiftin missir póstg[angs] forþjenustuna. En Chirurgus Sveinn Pálsson hafði og skrifað sig fyrir 1 Ex., sem eg reit yður eða Deichmann, en það Ex. fekk eg ekki, en treglega betalar neinn hjer fyrifram.

Sagnablöðin þakka eg ástsamlega í yðar gamla ágæta tóni rituð, en að Eir. Sverrissonar ljóð um Sra. Jón Þorláksson nú svo seint, þá hann er fúinn í gröfinni, og í

því formi komu þarí, furðar mig, því eg vildi ei taka þau inní Klausturpóst einmitt þess vegna, að karlinn var þá dauður. Meðfram er ofhermt í þeim strax í 1ta, nú stórum umbreytta erindi: Hans strengi að hræra við (ɔ: Jóns Þorlákssonar, eru eða geta ei skilist annað þýða eiga, en kveðskapurinn (Poësie)), að Bragi telji ofdirfsku að kveða síðan hann deyði. Það er óheyrilegt um Braga, sem vilji hann hætta að vera Poësis guð, og aldrei hafi verið annara skálda en Sra. Jóns Þorlákssonar, sem þó kváðu vel fyrir hann, um hans daga með honum, og munu eins eftir hann. Sá þanki er því ramskakkur. 2að vers passar ei að nú útkomið hefði um dauðan mann. Meinbugir útkomu þessa í Klausturpósti, meðan Sra. J. Þ. lifði, vóru engir, því eg var ei um það beðinn, fyrr en hann dáinn var. Grafskriftunum 3ur eða grafminningunum fyrstu hefi eg litlar mætur á, einkum Katrínar, ómerkilegrar bóndakellingar, sem eg iðrast eftir að álpa fjekk inn í Klausturpóstinn, en yðar snotru og vinsamlegu minningu bróður míns sál. þakka eg hjartanlega og yður demasquerandi ágæt útfararljóð hans, og sje eg glögt skína F. M. ígegnum Xins grímu.

Þó eg nú hafi verið, af hita og önnum, venju framar pennalatur í sumar, bið eg að yðar velborinheit ei látið mig gjalda þess í haust eða framvegis, þarhjá, að ei misvirðið 8 pund dúns í gamla vöggusvæfilinn, Asmusi Larsen send, með bón um að skila yður þeim, með Jacobæus. Við kona mín og dóttir og nafni minn kveðjum yður með elskulegri kærustu og tilvonandi tengdaforeldrum hjartanlegast, og eg vil vera, meðan hjari, yðar velborinheita skuldbundinn einlægur elskandi vinur og bróðir

M. Stephensen.

P. S. Bullið prentaða af Eir. Sverrissyni eftir bróður minn sál. er þá exemplarisk meistarastykki af bulli og skáldleysu bögli. Orð og orðatiltæki og innihald ogsvo ópassandi af manni, sem líklega aldrei sá hann eða þekti

grand. Mörg falleg ljóð eru nú eftir hann útkomin, sem einhverntíma með æfi hans munu útkoma.

IX.

Viðeyjarkl. 21. Sept. 1821.

Háeðla velborni!

elskulegi góði hra. Professor!

Með Sivertsens Slup og Captaine Frantzen gladdist eg af að meðtaka yðar velborinheita, að vanda lærdóms- og frjettafróða brjef frá 14. Aug. þ. á. hvert ástskyldugast þakka, ásamt litlu áður meðteknum skenki í yðar snotru ferðasögu til Jótlands og kóngagrafanna, nýjum votti yðar dæmafáu óþreytandi iðnar, eins og stríðið — yður í öllu heiðarlegt — við þá Badena. Þetta alt mun eg nú nefna í næsta Noi. Klausturpósts, en legg hjerhjá hans No. 9. Fjöldi manna hjer ber gamlan beig fyrir Tyrkjanum, og lætur sjer því nú ant um fregnir af honum, þar kvis og grautarlegar frásögur um hann örvar forvitni múgans, en sögurnar vilja illa samhljóða um hann verða, og margir hafa jafnvel smíðað, að hann, af hatri við kristna trú og nafn, mundi vitja vilja hingað, því svo er fávitska manna hjer sameinuð við múgans National-Stolthed, að þessi heldur hvörgi jafnágætt og sælt land þessum kjálka að finna, rjett eins og Tyrkinn ætti að sækja hingað farma gulls; 32 Hollendingar sátu vestra fastir í ísum fram eftir sumri, en frjettin um Tyrkja umbrot gjörði sumstaðar úr þeim Tyrkja, svo mörg bónarbrjef fekk eg víða að um að tjá í Klausturpósti hvað liði um Tyrkjann — því varð nú No. 9 mót geði mínu og áformi að meiri hluta tyrkneskt.

Þjer gjörið mjer að sönnu líklega ofmikla æru með samjöfnuði minna juridisku viðburða við Páls Vídalíns, þó eg, eins og lögmaður Sveinn, haldi hans philologisk-antiquarísku útleggingar og ritgjörðir meira verðar, og mínum langtum fremri í þeim efnum, heldur en hans juridica — eða það minna juridíska í þeim, en þarámót finst mjer þjer ekki gjöra mjer fullan rjett í að

telja okkar stöðu með lærdómsefna framkvæmdarsemi, enn þótt í sama landi, álíka — nema að uppkasti þeirra einsömlu til, því Páll Vídalín concíperaði margt, en lagði ei útí kostnað að koma því lengra en í manuscript, en þetta vill mjer nú finnast auðveldast í nærverandi tíðum; hitt 10falt fælandi og þreytandi að koma hjer eða hjeðan nokkru í allsherjar ljós. Með eintómum manuscriptis sleppa flestir og fyrir misvitrum Censurer, en publicata þurfa svo vönduð öll að vera, að þoli og þori að Kunstdommere af ýmislegu hjartalagi fjalli um þau, Badenar og þeim betri menn. Ekki að nefna þann útarmandi prentkostnað nú hjá því sem í Páls Vídalíns tíð, hvörn hann þó ei ljet útarma sig eða þreyta, sem fæla má núlifandi.

Mig langar nú til að frjetta, hvert Rússar og aðrir Potentater gjöra sjer framar ekkert far af að vernda Grikkja og kristna trú, og flæma Tyrkjann út úr Evrópu; seinustu hingað komnar fregnir lýsa óskiljanlegri deyfð, drolli og apathie hinna við þau ósköp, er Tyrkinn lætur framfara. Þó mín pennaleti í sumar, af því svo heitt var, og eg í stórri Crisi, hvört hengjast skyldi í Heljarkinnar gamla ábótasæti hjer á Viðey eða Naustabrekku (2 hæstu hólatindum hennar) fyrir hennar resteranda verð, hvers eg nú vona fyrir jól að fá goldið hinn síðasta pening, ekki ætti að recommendera mig til margra brjefa vina minna í haust, vona eg samt, að seðill frá mjer annar sje áður en þessi 3ji til yðar velborinheita fram kominn, og það áður en póstskip fer, svo eg ei gjaldi með því letinnar. Eg vona nú að sjeð hafið ritkorn mitt um holdsins opinberu verk (þó ófagurt sje efnið, fyrst Ritningin segir þau vera reiði og fjandskap gegn guði) og dæmið það vægilega, eins og eg í því mörg þau verk, því framar, sem þeir, er kalla sig Jurista hjer, — og nokkrir þarámeðal eins eru privat öfundarmenn mínir — hafa ekki einungis sleppt því riti óbrennimörkuðu, heldur jafnvel — inviti — cum laude non exigua. Þetta kann að freista mín að snara því á dönsku, eg er

að sönnu fyrir 2 dögum byrjaður, en fæ um þessar mundir svo mörg avocamenta af aðkomendum og búnuddi þrælsins Mammons, að eg veit ei, hvert endist til að botna við það, en ef svo, sendi eg það til Khafnar.

Hjer er nú kominn 1. Norðmaður með timbur í þeirri allraverstu tíð, þá enginn hefir 1 fiskvirði óselt eftir af neinni vöru til betalings (en peningalaus er hvörr maður), óttast eg því að hann gjöri slaka reisu. Hann selur nú alt á auctión um skamt, og það mun honum best gefast.

Besta veðrátta og besta sumar hjer syðra og heyjafengur mikill og góður þareftir krýnir hjer um pláts sjerlegustu árgæðsku. Það gladdi mig að mágur yðar Sra. Einar fekk Reynivelli. Eg fann stiftamtmann litlu áður og studdi fast að því, en áður og þá var hann þó allur á að veita þá annaðhvort norðlendskum klaufapresti Sra. Sölva eða Sra. Birni í Hítarnesi, við hvörs björgun í fyrra skeði sjerlegt kraftaverk, þá hann flæddi fullan á Löngufjörum, hvað eg við stiftamtmann þá í frásögu færði.

Nú er eg að bæta fyrir mig og fólki í munni eftir mína legorða-predikun, með því að láta prenta 1 árgang af Sra. Árna prófasts Helgasonar prjedikunum, óttast þó að þær geðjist ei öldungunum jafnt gamla Vidalíns, vegna vanans og gamalákomins orðs. Þjer spyrjið: því ekki Jónsbók? Því eg bíð eftir svari frá Cancellie henni viðvíkjandi, og vænti þess með póstskipi, ef ei, þá með fyrsta vorskipi, og dengi þá á Sra. Árna predikunum þangað til, en dríf svo, ef lifi, Jónsbók út í hasti, og successive Klausturpóstinn, meðan Mímir sendir mjer litla sytru úr, og lokar ei fyrir mjer algjörlega sínum brunni, í hverjum nú lækka tekur fyrir mjer, djúpt orðið ofan í hann, en fjölgandi ár og heterogene annir, og þeim náttúrlega fylgjandi literaire ómenska, fá mjer fá áhöld til að ausa með úr honum.

Eg fjölyrði þá ei framar að þessu sinni, en óska yðar velborinheitum af hjarta mikils fagnaðar og ánægju í örmum elskulegrar unnustú í bráð og í lengd, þarhjá

allra þeirra heilla og heiðurs, sem yðar dygð og literaire iðnir og mikli lærdómur virðast eiga svo vel skilinn. Kona mín, dóttir og bróðursonur kveðjum yður með henni og góðu tengdaforeldrum ástkærast, og eg vil ætíð telja mjer sæmd að vera

yðar velborinheita
skuldbundinn einlæglega elskandi frændi
og vinur
M. Stephensen.

X.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1822.

Háeðla velborni!
besti hra. Professor!

Nú ætlar ekki að fara sem skyldi fyrir mjer, þar sem eg nú, af sífeldu ónæði, manna-vastri og önnum að undanförnu er orðinn of naumt fyrir með brjef mín til Hafnar, og, hvað þó síst skyldi, fæ nú ei tóm til að rita yðar velborinheitum það hálfa af því eg hafði ásett mjer, þar póstkassinn á að lokast að 2 stundum liðnum, en mikið er eftir óskrifað.

Fyrst ætla eg samt að óska yðar velborinheitum og góðu frú af hjarta til lukku með nú, fyrir löngu, eftir því seinast skrifaða fullkomnaðan ráðahag ykkar, og þarnæst þakka af alúð yðar góðu brjef og margar bóka- og blaða-sendingar í haust, og fell í undrun á ný, sem fyrri, yfir því mikla, sem afkastað fáið í svo mörgum og vandasömum lærdómssökum, en þó engu minna yfir þolinmæði yðar og moderation í ykkar Badena blekuga stríði, frá hverju þeir skulu litlum sigri hrósa. Þó vildi eg óska að þeir væru hættir að mæða og ergja yður, svo vísindin og vær mættum algjörlega njóta yðar iðjusama anda og lærdóms við annað oss enn meir girnilegra. Ýmisleg efni og tilfelli hafa í vetur occuperað svo minn Klausturpóst, að eg fjekk ei hentugt rúm til að minnast, sem eg vildi, á yðar mörgu lærdómsverk, hvörra fjöldi og tilefni kröfðu mikið rúm, fyrri en nú í No. 3, þá eg þó sá, að stækka varð það No. þess vegna um 2 blöð, sem eg fús

gjörði, þar eg vissi að þessi lærðu rit interesseruðu helst stúderaða en ei almúgann, sem ekkert skyn ber á þvílíkt. Bið eg nú yðar velborinheit á hægra veg virða, hvörsu illa þetta er af hendi leyst. — Eg hefi í vetur vegna rosasams og sí-stormandi veðuráttufars hverki verið veikur nje frískur, eða eðlilega upplagður að humeur eða öðru til venjulegra starfa, sem væntanlegur vorbati mun jafna, — ef ei, þá tíðin og gröfin. Það litla frjettnæma færir Klausturpóstur, sem þó oftar er á frjettum spar, og ei minnist hann enn, fyrr en vetur er liðinn, á harðneskju þessa — ei hjer vegna frosta, sem væg hafa ætíð verið, heldur snjóa- og rosa-veðráttar með sífeldum stormum og umhleypingum mest af suðvestri og vestri og þaraf leiðandi áfreðum og jarðbönnum, einkum á mestöllu Austur- og Norður-landi, hvar heyjaafli varð sárbágur og alt hey mistist eftir höfuðdag, en vetur harður kom þar á eftir, svo í þeim pörtum lands er stórmiklum fjenaði lógað, en hitt jafnvel talið í veði, batni ei tíðin bráðum, hvað ei lítur út til, því hafísar liggja fyrir Vestfjörðum, Hornströndum og öllu Norðurlandi.

Á Suðurlandi, máske ei heldur vestra, verður líklega enginn fellir, og hjer var mesta árgæska, vetur ei heldur ýkja harður, oft hlákur og jarðir. Eyjafjalla jökullinn gaus biki, vikri og brennusteini, lítilfjörlega — einungis konginum til æru eða af gleði yfir að hans fæðingardagur innfjell mánuði seinna, en hann var þagnaður og hættur — teste B. Thorarensen sjá Klausturpósts No. 2, hvar hann heppilega fekk appingerað Delphinum sylvis & fluctibus aprum.

Ástsamlega þakka eg 1ta part Eddu yðar in duplo ɔ: handa okkur Birni Teitssyni, hvör þó ekkert skilji eða láti informera sig um Prænumerations lögin uppá fylgjandi parta, og líklega verði valkandi, sem Brynj[ólfur] á Bakka kallar vaklende Mennesker, er sama, því Chir. Sveinn Paulss[on] ljetst og eftirá kunna að kaupa 1 Ex., svo eg nú bið Asmus Larsen að betala mín vegna stöðugt 2 Ex. yðar Eddu.

Eg hefi snarað á dönsku og nokkru tilbreytt eða viðaukið minn Legorðapjesa, og sendi nú þetta danska í Manuscripti frænda mínum Ólafi Stephensen með bón um að sýna það Ørsted, og, ef hann ei ræður frá, með hans stoð að útvega því Forlægger, en fáist nokkurt Forfatter-honorar, þá eftirlátið þessum frænda mínum það. Skyldi Ørsted vera dáinn, veikur eða farinn í langferðir, sem lasleiki hans oft orsakar, vildi eg biðja yðar velborinheit vera með honum í góðum ráðum.

Og nú er annar klukkutíminn hlaupinn — ach wai mir — eg lít með geig á það, sem eftir er fyrir hinn. Brýt því af með innilegri forlátsbón á ólesandi flaustrinum og auðmjúkri kveðju okkar konu og dóttur minnar til yðar elskul. frúar og yðar sjálfs, óskum bestu ánægju og heilla og blómlegs hjónagróðurs með framsprettandi sumars blómstrum!

Alla tíð tel eg mjer jafna æru og skyldu að vera
yðar velborinheita auðmjúkur og einl.
elskandi frændi
M. Stephensen.

P. S. Eg bið að frjettaleysi hjeðan gjaldist mjer ei í líkri myntar ómynd í vor!

XI.

Viðeyjarkl. 28. Sept. 1822.

Háeðla velborni!
elskulegi hra. Professor!

Eins og öll yðar, var mjer brjefið með Franzen nýmeðtekið sjerlega kærkomið, sem eg ásamt þarmeð fylgjandi bóka- og blaða-sendingu ástsamlegast þakka. Einkum yðar lærdómsríku Eddu, og bið eg að skrifið mig sem Subscribent fyrir yðar væntanlegu Edda-Lære, en hvert mjer tekst fleiri hjer að fá veit eg enn ei, þó vonin sje völt hvað lærdómsefni áhrærir, því peningar eru horfnir og sjást hvergi hjer, enda eru þeir orðnir að 4ða átrún-

aði í Creddu vorri — og hún má ganga framvegis út uppá quaternitatem í trinitatis stað.

Þó mjer finnist Forseta útgjafari ei gjöra heppið val mála til hans, og eg, eftir Stats Tíðindunum þægi heldur önnur valin til, einkum í tilliti til vor hjer, kann þó með tíð eitthvað ætilegt í Forseta boðið verða, því þigg eg hann með þakklæti. En Telegraphen pro 1822, sá nýi árgangur, finst mjer orðinn svo blóðhorað blað, að eg þykist ei hafa sjeð álíkt, nje vil lána þvílíku hús, og allrasíst vita til, að þjer mín vegna kostið þess hald, og sendi því 2rs árgangs No. 1—11 ɔ: þau meðteknu hjermeð aftur.

Þarvið legg eg nú Klausturpósts No. 10, og hefi engum frjettum við að bæta. Heyskapur hinn allrabesti yfir alt Austur- og Suður-land að Hellisheiði. Fyrir vestan hana af rýrum grasvexti rýrari, þó sæmilegur, því nýting er góð. Nyrðra bág nýting og hrakningur heyja. Eldurinn eins og Klausturpóstur segir, en þar afturrakst hvað stiftamtmaður Moltke mjer skrifaði um uppflosninga, kallaði hann í bráð aftur innboð sitt til Collectu, sem hann þó bað mig í Klausturpóst að setja, og eg síðast í P. Skr. nefndi — þegar búið var að setja það. Því ekki er að trúa helmingi þess, sem í tali og brjefum um eldinn er frásagt, þar ótal gjöra úlfalda úr mýflugu, og exaggerera með óheyrilegum diktum hvað eitt; verstur þarí er hreppstjóri Magnús á Leirum og það sí-lamenterandi Clerisie. Enginn búandi hefir yfirgefið heimili nje vísað hjúi burt, og ekkert hjú er þar laust, en vegna mjólkurleysis og viðbitsskorts í sumar eru margir af óhentugri fæðu hjá fátækum grannleitir, og þessir bjargarlitlir, en mat nógan í kaupstöðum og alstaðar að fá. Þess vegna enn óviss manna og gripa fellir, og hvað Dagurinn þarum rausar er flest ómerkt eftir barlómsbrjefum frá Íslandi. En hvar er Collectan gamla nú?

Innilega þakka eg yðar velborinheitum frjettirnar og svo margt fróðlegt í yðar góða brjefi — vonandi framhalds sömu góðvildar með ferðum. Eins Stats Tíðindanna

útvegun. Eg hefi ekkert á móti því, að bróðursonur minn Hannes taki við framhaldinu, annað en það, að eg þá vænti hann studeri ekki annað en þau, skíti þau út, týni nokkrum og ljái, quod idem est, og þar þeir piltar margir eru latir og hirðulitlir, fái eg þau aldrei fyrr en um seinan, og ei jafnótt með hverri ferð. Enda þykir mjer trúlegt, að þá vorar sje veru hans þar lokið, sje hann ei setstur að, ekki sem civis academicus að eins, heldur í en Kielderhals, sem spikhöggvari, ölseljari eða gamals járnrusls kramari fyri fult og fast.

Um Jónsbók fjekk eg Cancellies svar: að þegar eg innsendi texta til hennar og danska Oversættelse vilji Cancellíið láta þetta revidera og indstille Arbeidet til Gratification (ónefnt á hvers forlag síðan útkoma). Eg reit því aftur, að áður en eg leggi framar hönd hjer að, vilji eg vita um forlagið, og hvör sú Gratification verði, og vantar nú það svar. Að sönnu eru allir mínir Klausturpóstar svo í afhaldi hjer, að eg ekkert Ex. hefi afgangs af neinum — og ei af yfirstandandi árgangi hans, nema 3 eða 4 af þeim 1ta (þá upplag var mest og óvist), samt hefi eg í ár ekki fengið 50 rbd. alls inn í peningum fyrir hann og aðrar bækur mínar, en loforð — aliquando — um einhvern betaling í vörum, og víða engan. Svo bágt er nú orðið hjer með skildinga.

Á morgun stendur brúðkaup sýslumanns Þórðar Sveinbjörnssonar og mágkonu minnar frú Guðrúnar á Innra-Hólmi. Lasleiki minn og annir og óveður banna mjer þangaðkomu, þó boðinn sje, og veislan — til ferðaljettis mjer — standi þar.

Eg á nú ei annað eftir en að fela mig yðar velborinheita fornu góðvild og vinfengi, og með ástkærri kveðju okkar konu minnar og dóttur og frænda míns M[agnúsar] St[ephensens] til ykkar bestu hjóna og óskum allrar ánægju í vetur og framvegis, teikna mig

yðar velborinheita

skuldbundinn einl. elskandi frænda

M. Stephensen.

XII.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1823.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Ekki einungis er eg yðar velborinheitum um mesta þakklæti skyldur fyrir vinsamlegt brjef af 28. Sept. f. á. heldur stórlega skuldbundinn fyrir tilsend dagblöð mörg, og margsháttar góðvildar og vináttu merki mjer til handa.

Ekki væri meir en skylt, að eg borgaði Forseta sjálfur, sem eg halda vil sem juridiskt blað, þó sárfátt af innihaldi hans nái til vor eða verði hjer í nokkru heimfært. En ekki skal eg neita, að eg í Telegraphen, Freyju og Ny-Dags-Posti finn sárfátt enn vert að rýna veikum augum í, eða að kostið peningum fyrir, og þess bið eg lengstra orða, að yðar velborinheit ei gjörið til þess að senda mjer þau. Þessi Lange er í þessum blöðum oft andlega fátækur, hvað sem innaní honum leynist, með öllu blaðanna gisna prenti. Ekki mundu hjer margir lesa Klausturpóst minn, ef eg legði þeirra innihald út í honum. Þó hann ekki bjóði betra, sýnir hann sig nú samt hjá Þorgeiri (sje þessi dáinn, bið eg yðar velborinheit að opna brjef hans, sem til yðar ritað væri), nefnilega Nov. og Dec. með titilblaði pro 1822, og No. 1—3 pro 1823 og biður vægrar viðtöku. Nærri því er annað Smásögu heftið klárt, en nær þó ei skipinu. Seinni partur prófasts Sra. Árna Prjedikana er vel á veg kominn og mun koma út um krossmessu.

Tíðindi engin hjeðan, sem Klausturpóstur ei nefnir. Þó berst nú í flugufregn eftir kalli að austan, að Öræfajökull sje tekinn til að brenna, en því ei trúandi, nema staðfestist með merkari rökum og brjefum til yðar — hingað barst sú lausafregn í dag.

Eg hjari við venjuleg kjör, þó við og við ógerðarlegri en áður — að sinni — og hindraður af augna-krímu. Stiftamtmaður vor ætlar nú með frú sína algjörlega að kveðja oss í sumar. Drottinn sendi oss landa vorn

Gr[ím] Jonsen aftur, heldur en einn 32 ahna (má ei lesast asna) junkarinn!

Mjög er eg skuldbundinn yðar velborinheitum fyrir góða útrjetting við Berlinga um Statstíðindin, sem eg nú vona að fá frá Hannesi frænda, en skal hann nú ei búinn verða í vor og koma inn? Ef svo, hvörr tekur þá við þeim og sendir mjer? — Útlegging aukna af mínu juridiska riti um Legorðsmál á dönsku átti frændi minn Auditeur Ólafur Stephensen að fala af Etatsr. Ørsted, að selja og mæla gott fyrir hjá forleggjurum, en þessi kemst líklega aldrei til neins, hinn mun slakur til þeirra drifta og kafnar kverið þá undir því, nema yðar velborinheit gætu sett líf og drift í Ólaf frænda.

Nú býður mjer skyldan að bjóða Berling ádrepu (til að forþjena hans Stats Tíðindi) — samt hefi eg nú ei annað táið fyrir hann en meðfylgjandi blað, er eg bið yðar velborinheit að bjóða honum og mæla fram með — í mínu nafni.

Er þá bæði efnið í bráð enda tíðin í þetta sinn á enda. Þessi síðari leyfir mjer vart, að biðja yður láta mig ei með fyrsta og öðrum skipum gjalda ómyndar þessa seðils, hvern eg enda með okkar konu og dóttur minnar samt frænda M[agnúsar] St[ephensen]s ástarkveðju til yðar og háu ættingja í Khöfn, en er og mun ætíð telja mjer æru að vera,

yðar velborinheita skuldbundinn einl.
elskandi frændi
M. Stephensen.

XIII.

Viðeyjarkl. 14. Júlii 1823.

Háeðla velborni!
besti hra. Professor!

Það er naumast að eg næ nú í það fyrsta ferðbúna skip Petræusar, af hvers bráðu för eg fyrst í þessu augnabliki frjetti, með þessar fáu línur, sem þó ekkert fá innihaldið annað en einbert innilegt þakklæti mitt fyrir yðar

velborinheita 2 mikilvægu brjef og sendingar, og bón um credit á svari og brjefi til betra tóms og ferðar um fáa daga. Þær sýna og að við hjer hjörum enn — velflestir nema Conferenceráð St. Thorarensen, sem varð bráðkvaddur 12. Mart., og er Cancellíráð Þórður Björnsen af stiftamtmanni Moltke á meðan constitueraður amtmaður þar. Eg geri ráð fyrir að Assessor B. Thorarensen og fleiri sæki það brauð.

Eg kemst nú ei til, fyrr en um fáa daga, að rita um mikið útbrot úr Kötlugjá, hvörs fyriboðar með jarðskjálftum, eldingum, stórbrestum skulu byrjað hafa 22. Junii, en útbrotið sjálft eiginlega 26ta næsteftir, þá geysi öskufall og vikur, og jökulstykki stór úr Mýrdalsjökli, í hverjum hún er, byltust ofan yfir Mýrdalinn vestanverðan, og fram í sjó með ofsaflóðum, og setti undirlendið undir öskugrautar leðju. 3 bæjir fóru hreint af — NB í bráð, þarámeðal Sólheimarnir 100 c^a jörð. — Bændur flúðu með pening sinn í nauð, fátt eitt drapst, Mýrdalssandur varð og er enn ófær, svo lestamenn urðu austurfyri að fara, og svo á Fjallabaki suður eftir að norðanverðu. Álftaver tjáist enn undir vatnsflóðum. Ýmsir austar að fóru til verðslunar austur til Djúpavogs. Úr Mýrdalssveit eru ýmsir nú komnir suður með hesta sína í Rvík og selja þá daglega — unga púlshesta á 4 specíur, þar eystra væntist ei björg fyrir þá. Við og við fór gosum og jökulhlaupum fram til 1ta Júlii, síðan óglögt frjett að austan, en vægð meiri á þaðan sögð. Gróðurleysi alment, hafís á Vestfjörðum, og fyrir Ströndum og skamt fyrir utan Norðurland, sífeldir kuldasteytingar, þyrringar og aldrei regn frá Aprilis byrjun. Kaupverðslun hin aumasta. Fiskiafli góður, en sárgrannur. Eggvarp hið lakasta, og enn ei nóg hreinsað í vöggusvæfilinn orðið.

Klausturpóst sendi eg in duplo á póstpappír No. 4—7 inclusive, og bið ástsamlega að gjörið svo vel að láta annað berast til Etatsráðs Engelstofts frá mjer, með Complimentum. Hann sýnir það fáa merkilega hjeðan. Eg hafði beðið frænda minn Ólaf Stephensen að pranga

út fyrir mig manuscript mitt til danskrar afhandlingar (eða útleggingar) af mínu kveri um Legorðamál hjer við Forlægger — Ørsted hafði vísað á A. Seidelin — en bróðursonur minn ljetst ætla að biðja Dr. Rosenvinge að umgangast þetta, en hinn er út á landi, og annars lítt laginn til þeirra útrjettinga, svo eg held ekkert hreyfist við þessu, nema yðar velborinheit vilduð sýna mjer þá vinsemd og góðsemd, að reyna að koma þessari lærðu höndlun, sem heyrir til yðar fags, í gang, og herja manuscriptið út frá Ólafi, en nú þarf því á vissum stöðum að breyta samkvæmt nýkomnu kóngsbrjefi af 21. Maii 1823 um hórstraffs mildanir á Íslandi, ɔ: innsetja þessa nýjustu breytingar á rjetta staði, hvað eg gleymdi að nefna í seðli til frænda míns.

Um fáa daga lofa eg bót og betrun og Bidragi til Stats-Tíðindanna hjeðan, en fel mig nú yðar bróðurlegri ástsemd og fornu trúfesti

Auðmjúklega
M. Stephensen.

P. S. 6. Aug. vill stiftamtmaður Moltke sigla.

[Innan í brjefinu liggur uppskrift á brjefi konungs 21. maí 1823 og viðaukar og breytingar á dönsku þýðingunni á riti M. St. um legorðsmál, eins og hann getur um í brjefinu; enn fremur er þar eftirfarandi athugasemd um orðamun tveggja dómsuppskrifta:

Sá orðamunur, sem yðar velborinheit gátuð um á lausa miðanum, að innlæðst hafi í þær 2 dóma útgáfur, kom mjer sjerlega óvart. Rjetting útleggingar var gjörð eftir orginaldómunum, og efnið sjálft sýnir rjettilega, eins og orðað var í fyrstu, en, að í Copiu hans frá Secretera, sem actinum fylgdi, hefir af mjer óaðgætt pennafeil hans innlæðst, að skrifa 2svar eftir, í stað: áður og eftir, ɔ: að vitnin sáu hann N. N. þjóf rétt áður og strax eftir næstum ódrukkinn. Í hinu var engin meining, en þetta hið verulega, og það vona eg þjer hafið þanninn framsett og afsakað, svo ei verði meira umtal af. Annars

datt mjer í hug að skrifa Cancellíinu um þetta, þessa Forklaring, án þess að nefna neitt, hvaðan eg hafi vitneskju um pennafeilið fengið, og sendi yður opið nú með þessu skipi eða öðru, sem á morgun og dag hvern fer. Hjartans þakkir fyrir ávísun um þetta.

Um Hæstarjettar dóm í Ísleifs máli og í Ingiríðar Eiríksdóttur úr Norðursýslu og Gísla Þorvaldssonar úr Skagafirði og nú meðfylgjandi blóðskammarmáli úr Múlasýslu væri mjer þökk á sem fyrst að fregna og fá þeirra stuttar Copiur og data, því Stats-Tíðindin gefa þær svo seint.

Að óvildarmenn mínir eða Secretera Björns Stephensens hafi átt hjer í þátt, fæ eg ei skilið, því við vitum ei aðra en B. Thorarensen, sem líklega ei gat verkað til þessa, þó vitið þjer það betur, enda ei skiljanlegt saknæmi stórt þess pennafeils, hvarí engin óreiðilegheit eða Interesse gat falist eða nein partiska].

XIV.

Háeðla velborni hr. Professor!

Innlagt vildi eg nú biðja yðar velborinheit að bjóða Stats Tíðindunum, svo eg komi mjer ei út úr húsi hjá Berlingunum og mulcterist uppá það mjer ljenta 1 Exempl. Tíðindanna. Galease riddara B. Sivertsens kemur strax aftur, og skyldi frjettafrótt brjef með því — eins um útlanda stríðið — mjög gleðja (og ávísan um mitt danska Legorðarit)

yðar velborinheita

skuldbundinn einl. elskandi frænda

M. Stephensen.

Viðeyjarkl. 18. Julii 1823.

XV.

Viðeyjarkl. 2. Aug. 1823.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Yðar velborinheita innilega kærkomna og vinsamlega brjef af 27. Júnii meðtekið í gær þakka eg skuldbundnast,

því framar, sem það með sjer ber fleiri vináttu stöðugrar ljós merki, hverra eg með þakklæti vil lengi minnast. Að þessu sinni hefi eg nú ei Klausturpósts framhald að senda og ekkert merkilegt að rita, nema um sífelda ofsa-þurka alt til Júlii með langvinnum kulda en síðan með megnum hitum. Af Kötlugjá fara nú í 1 mánuð litlar sögur, og engin merkileg gos hennar, síðan þau þrjú fyrstu, um hvað eg reit í frjettunum til Berlinganna, yður sendum nýlega, meina menn hún hafi stórum hægt á sjer síðan, þó mokkur uppaf henni við og við sjáist hjeðan frá Viðey, og hefir hún enn ei orsakað skaða nema Mýrdalssveit, og þar helst 3 bæjum í bráð, en engan mann eða skepnu þar enn drepið, því ei má henni kenna, að 6 dauðvona horær á Sólheimum þoldu ei hörð hagljel í vor. Mörgum reynist og mjög svo hætt við að telja hverjar minutias og gjöra flugur að fjöllum. Þeirri síðurru og í vor langsamlega köldu veðurátt er samt að kenna sjerlegasta gróðurleysi víðast hvar um land, svo sjáanlegt er, að peningur muni hrönnum falla og lógast í haust, víðast til helminga, sumstaðar meir vegna heyleysis, einkum skifti nú bráðlega um, sem óttast má, til langsamra úrfellis óveðra.

Stiftamtmaður vor fer að viku fresti, af öllum innilega saknaður, góður og gáfaður dugnaðarmaður. Drottinn gefi oss hans líka aftur!

Innlagðan miða bið eg að brenna, en yðar velborinheit ei að misvirða þá meðfylgjandi venjulegu vöggusvæfils dúnhnoðra, sem eru 8 pund að vigt, en hjartanlega kveðju okkar konu, dóttur minnar og bróðursonar M. Stephensens á eg að tengja við mína til yðar og elskulegrar frúar, og vil jafnan með einlægri ást og lotningu vera

yðar velborinheita
skuldbundinn innilega elskandi frændi
M. Stephensen.

XVI.

Viðeyjarkl. 16. Aug. 1823.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Með Jacobæus og vöggusvæfils hnoðranum hripaði eg yðar velborinheitum seðil, þá, samt eins og nú, í önnum mestu; enda fæ eg síðan engu viðbætt í frjetta nafni það litla, er meðfylgjandi Klausturpósts No. 8 með sjer ber. Úr honum er og meðfylgjandi uppkast til að bjóða Stats Tíðindanna útgefurum, til að viðhalda þeirra mjer í hinna tilliti mikilvægu hylli og sendingu þeirra framvegis, og vona eg yðar velborinheit bjóði þeim þetta Bidrag, hverju þeir, ef vilja, fá tvískift.

Gjörið nú svo vel, besti vin, að tilreikna mjer ei stuttleika þessa seðils, þar eg nú ei fæ tóm, heldur rita langt með næsta eður Möllers (Andresens og Smidths) skipi, en gleðja mig þarámót með fróðum frá yðar kæru hendi og sem oftast

yðar velborinheita skuldbundinn einl.
elskandi vin og frænda
M. Stephensen.

P. S. Má eg biðja yðar velborinheit auðsýna mjer þá góðvild að gefa Oversættelse á dönsku af minni Anmeldelse í Klausturpósts No. 8 um stiftamtmanns Moltkes veru hjer og viðskilnað og færa honum í mínu nafni, þar eg ei fæ nú til þess tóm, og til einkis nema að convolutera No. ið sjálft til hans? M. St.

XVII.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1824.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Yðar velborinheita mjer ætíð dýrmætu brjef þakka eg hjartanlega meðal þeirra það af 28.—29. Sept. f. á., en Anne Caise, skúta Sivertsens, strandaði á Suðurnesja skaga og fór lítt að skilum með brjef af henni. Hvað

hjeðan frjettnæmt er segir Klausturpósturinn hjálagður og til yðar convoluterað frjettablað frá mjer. ætlað Stats-Tíðindunum, sem eg ástsamlega bið framfærslu þangað. Það eina þegja þau blöð um, að við hjörum öll hjer í húsi við það gamla; enda er það öllum ómerkilegt. Eins þakka eg ástskyldugast yðar velborinheita góðvildarsömu sendingu á Antiquariske Annaler, og oft svo mörgu og Forseta etc. etc. Óska yður þarhjá til lukku, sem adjungeruðum og sjálfsagt um skamt virkilegum Geheime Archivario, hverjum frama yðar eg lýst hefi í Nóvembris Klausturpósti p. 184. Sýnt hefi eg mörgum heldri manna Subscriptionsplan til yðar merkilega prísrits um samband Eddu- og Austurlanda-trúarbragða fornu. Þeir hafa spáð, að þarí mundi margt ágæti, en ei viljað uppá teikna, og svo gekk mjer við collegas í Landsyfirrjettinum; urðum við Egilsen því einir á blaðinu, og biðjum vor nöfn innrituð, sem væntanlegra kaupenda. Svona er nú orðið hjer með alsháttar lærdómsverk. Enginn kaupir neitt, enginn skildingur sjest á gangi, ekki einu sinni lærdómsbók selst fyrir peninga, ekki 50 Ex. á ári og af Sra. Árna prjedikunum hefir hann gefið burt meir en alls er af þeim selt. Klausturpóstur heldur sama Credit sem fyrst og best af bókum ɔ: hjerum $^1/_2$ partur hans borgast — NB í eintómum vörum, svo hjer prentast bækur til að fúna, og spila fallít við.

Nú væri mjer stór þökk á að fregna fata Ísleifsmálsins og þess í því tilliti í haust um skrifaða, sem vitið, sem í vetur — hversu saklaust og mjer óvitandi eg til þess kom — með alla disharmonie — hefir ollað mjer þungrar áhyggju — hefði brjef mitt til Cancellíis komist ofseint til Salicats frá því eða ekki til hans í tíma. Hlutarins náttúra sjálf skal lýsa, að ekki minsta interesse eða dolus gat undir því verserað og mín uppáteiknun á actinn strax, að eg vegna þess alls engan tíma fekk til Revision, protesteraði alt ansvar fyrir hann. Differencen var heldur ei af neinu verði ɔ: orðamunurinn.

Áhrærandi pjesa minn um Legorðsmála-lög hjer,

sel eg yðar velborinheitum sjálfdæmi með alla meðferð hans, og renuncera fús, ef forleggjari tekur hann að sjer og Rosenvinge heldur hann útkomu verðan, uppá alt honorarium annað en 12 à 16 Ex. á skrifpappír, hvaraf, verði nokkuð hjeraf, eg þá bið yður að halda 1. Fyrirhöfnina með útlegginguna og sendingu til M[oltke]s af útdraginu um hann úr Klausturpósti mínum þakka eg skuldbundnast, sem annað gott frá yður. Frjettir um stiftamtmanns, amtmanns og biskups embætta tilvonandi eða skeðar veitingar mundu nú ásamt helstu merkistíðindum gleðja oss með fyrstu ferðum.

Þó eg nú fyrirverði mig með að níðast með kvabbi mínu á góðmensku yðar, treysti eg þó engra eins nje dugnaði þartil, eða veit annan mjer kunnugan þartil hæfan. Er þá mál svo vaxið: að eg, eins og sjáið af Oct. og Nóv. Klausturpósti ritaði grafminningar mynd yfir sál. biskup Vídalín, 1a í Oct. á íslensku strax eftir dauða hans (nefnilega þann 21. Sept.), aðra seinna á látínu (sjá Nóv.), þá ráðið var af að grafa með kistu hans tinskjöld, hvers letur Sra. Árni samsetti, en búa til prýðilegan silfurskjöld, með hans minningu á á látínu og festa upp í kirkjunni yfir sæti hans, og þessa var eg beðinn að mynda. Eg kostaði síðan skjöldinn að öllu leyti, afhenti hann ekkjunni og er hann prýðilega gjörður af Thomsen, en svo kom henni og amtmanni Thorstens[en], stiftprófasti Sra. Árna og mjer saman um, að láta bíða hans uppfestingu, uns eg gæti með vorskipunum skaffað fagran gyltan ramma utan um hann með hvítu gleri yfir til að verja skjöldinn móðu og þuklun, og er það nú hann ɔ: ramminn með skæru gleri vandlega tilbúinn og gyltan eg vildi biðja yðar velborinheit að útvega mjer sem allra fljótast og ljettast, án þess að láta viðkomendur vita, sem tilbúa, til hvers brúkast á, að þeir ei spenni upp fyrir það verðið — eftir lelegheitum pro more, en Asm. Larsen bið eg betala.

Nú er aðgætandi um þetta verk:

1⁰ að þó eg á innlögðu hálfarki, sendi með blýanti

dregið ummál skjaldarins og hafi innaní noterað að bunga hans taki $1\frac{1}{2}$ þumlung upp af jafnsljettu til að sýna hversu hann gjörast þarf, svo nóg rúm verði fyrir bunguna milli glers og bakstykkis, lítst amtmanni Thorstens[en] og mjer samt betur fara og sóma sjer í kirkjunni að ramminn sje miklu stærri en skjöldurinn, og ei absolute eftir honum lagaður, heldur máske helst í □, þó um þann góða smekk berið þjer og kunningjar yðar við kunstacademíið betur.

2⁰ Þar skjöldurinn er úr fínu vel póleruðu silfri, ergo hvítleitur, að hann ætti að hvíla á hrafnsvartri bakfjöl, við hjeldum helst af Ibenholz, en þar hann er oval, en ramminn líklega að mestu yrði □ og stærri, væri gott að prýða hornin á því svarta bakstykki með passandi fígúrum úr þunnu silfri, t. d. básúnandi englamyndum eða öðru, haldandi á mjóum blómstrakransi, sem máske passaði að á því svarta hlypi laust frá skildinum kringum hann á því. En þetta eru alt Flyve-Ideer, sem eg fráfell og fel yður eftir samkomulagi við Sag- og Smag-kyndige, að halda, betra, forkasta, eða velja það passandi, en eg vil bæði þakka innilega og betala. Yðar vinátta og góðvild við þann sálaða og mig lætur mig stynja fram þessari stóru bón.

Og þó fylgir önnur minni:

Mjer er mjög ant um, til að varast sker við Jónsbókar nýju útgáfu manuscript sem Thorkelin og Medarbeidere strönduðu á við Gulaþingslaga, að sjá Rosenvinges Recensión af þeirra útgáfu, þar amtmaður Thorst[ensen] segir í henni vera að mörgu fundið, hún mun vera í Literatur Tíðindum 1818, þau No. vildi eg kaupa og fá sem allra fyrst, eða lána og senda aftur í haust.

Einninn vildi eg fá keypta útgáfu Thorkelins af Vígslóða, af Kristinrjetti Þorláks og Ketils og biskups Finsens af Víkverja eða gamla Kristinrjetti. Þetta alt hefi eg átt prentað, en er mjer tapað, meðan seinast var erlendis, en alt á eg það í marg-úplo (hlæið nú ei að málinu!) í manuscriptum. Asm. Larsen betalar.

Fyrirgefið nú, elskulegasti hra. Professor og vin!, þetta óforsvaranlega kvabb, þeim, sem á að færa yður konu sinnar ástkærustu kveðju og okkar sameiginl. heilla og ánægju óskir yður og góðu frú til handa, og sem alla æfi vill reynast yðar velborinheita skuldbundinn einlægasti elskari og bróðir

M. Stephensen.

XVIII.

Viðeyjarkl. 28. Julii 1824.

Háeðla velborni!

hæstvirti hra. Prófessor!

Bæði yðar velborinheita elskulegu brjef og bókasendingar í ár, þeirra ágætu Sagnablaða, Forseta og Víkverja Kristinrjettar, Literatur-Tidendanna 4. No. þakka eg skuldbundnast og einkum umstangið alt með rammann yfir minningarskjöld sál. biskupsins, sem öllum og því eins mjer þókti dýrðlegur. Til endurgjalds fáið þjer nú einberan Klausturpóst, nefnilega framhaldsins No. 4—7 incl. og fáar og magrar fregnir hjeðan af oss. Árgæðska söm viðheldst, grasvöxtur góður og nýting hans hingað til, heitt milt og spakt veður, síðan voraði fiskafli besti austan með og undir Jökli af útvaldasta stórþorski, hvern þjer, í skáldskap, getið sem hægast gert að hvölum, ef viljið; skaði að fátt af þeim og öllum fiski gafst í allri Faxabugt, og að fiskifæð mikil segist frá Vestfjörðum. Svo að þjer ei haldið, að æðarfuglinn eins og þorskurinn, nema fátt eitt beggja, hafi flúið Faxabugt í ár og in specie Viðey, bið eg yður að taka, sem vott uppá contrarium og fyrirgefa mjer, að vanda, meðfylgjandi 8 pund af bestu sort dúns í vöggusvæfilinn gamla. Í Grindavík síðan voraði óvenjuleg hákallaveiði góð. Heilbrigði blómstrar í landinu, svo ekki verður 8 og 9ræðum kellingum nuddað burt af þessum hnetti; ekki útlifuðum klerki eða stiftprófasti, og ekki mjer ennþá, svo lítil von brauðs er p. t. fyrir frænda minn Hannes. Vegna ætternis okkar gleður mig yðar honum gefni góði vitnisburður,

og mjer lítst svo á þenna frænda, sem hann eiga kunni eitthvað í honum.

Mig undrar nú og fyrri yðar velborinheita þolgæði og óþreytanlega iðn og starfsemi við þær margvíslegu og miklu embættisannir og lærðu verk enn margháttaðri, sem þjer eruð bundinn við. Það gengur eins með mennina og dýrin, nokkrir eru sem lastdýr og púlshestar fyrir Staten og aðra dagdrífara, hverra mesta verk er að eta og sofa, líkt húðarjálkum mót sællífis folum í stöðu og stóðhrossum. Hjer er nú landið svo úttæmt orðið af skildingum, að eg, sem tek öll mín laun í Khöfn og læt í skuldir, nú í mörg ár, sje varla rdl. í smáskildingum, auk heldur stærri, árlangt í jarðarskuldir, bóka og önnur viðskifti, og lærdómsbók selst ei eigi hún skildinga að kosta, hvarum hra. biskup Steingrímur fær vitni borið, hvað þá aðrar bækur! Hjer er því orðið ófært bækur að prenta og selja nema fyrir uppspentar vörur, sem ei verða hjer realiseraðar.

Því síður býst eg við að standast prentunarkostnað minnar dönsku útleggingar af mínu Legorðskveri eða Kveri um legorð, og kann því að reyna, hvort Ørsted ei vill af því útdrátt gjöra og setja í juridisk Tidsskrivt.

Að þessu sinni fæ eg vart tóm til að rita bídrag til Stats-Tíðindanna, hverra Continuation eg nú vænti að sjá senda mjer frá Laurusi Thorarensen, en máske hann sje þegar innkominn nyrðra, sem hann hálfvegis ráðgerði í seinasta brjefi til mín, þykir mjer þá ílt að fá ei Continuation senda, eða vita hverjum hún afhent er. Það seinasta eg fekk er No. 37 pro 7. Maii þ. á.

Frá prófasti sra. Torfa hefi eg ekkert heyrt eða sjeð um þá nefndu Jónsbók, en áset nú að púrra hann í yðar nafni. Að sönnu er eg nú búinn að koma nafninu á alt hvað heyrir þeim íslenska texta til hennar nýju útgáfu, með Varianter eftir 15 Codicibus helstu, skýringargreinum, commentaire yfir hennar þungskildustu orð og greinir, rjettarbætur etc. og með registri, en þetta mjer lengi sárerfiða verk, hefir þreytt svo mín gömlu augu og þolin-

mæði, og ollir því, með öðrum mörgum önnum, að eg varla mun fá þetta á dönsku ásamt sett og sent, fyrr en í vetur, með póstskipi, lifi eg þá.

Stiftamtmaður Hoppe kom hingað til lands 22. þ. mánaðar, hingað 25ta og var hjer meiri hluta dagsins, mikið vingjarnlegur og ræðinn. Nú verður í haust farið að byrja hjer á forlag Biblíufjelagsins með prentun nýrrar útleggingar Nýja Testamentisins.

Þess bið eg nú í öllum mínum bænum, að yðar velborinheit hefni ei fyrir andlega markleysu þessa seðils, með ófrjettafróðum til mín í haust, heldur fyrirgefi þennan og alla hans ómynd, þeim sem biður sína ástkæra kveðju borna yðar háttvirtu náungum, óskar yður og þeim ævaxandi heilla, og er jafnan með ást og lotningu

Yðar velborinheita

skuldbundinn einl. elskandi frændi

M. Stephensen.

XIX.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Síðan eg fyrir skömmu skrifaði, er hjer enn ekkert tíðindavert tilfallið, sem ei sje nefnt í meðfylgjandi Klausturpósts No. 8, enda bannar mjer nú naum tíð með brjef, aðkall og annir að orðlengja í þetta sinn og för vors nýja biskups hjeðan á morgun með riddara Sivertsen gjörir óþarft nú að rita lengra, heldur vísa til hans um alt; en seinna skrifa eg rækilegar með Wellejusi og öðrum, og fel mig ámeðan og jafnan yðar velborinheita fornu vináttu og góðvild.

Auðmjúkast

Viðeyjarkl. 18. Aug. 1824. M. Stephensen.

XX.

Viðeyjarkl. 9da Sept. 1824.

Háeðla velborni!

besti hra. Prófessor!

Skuldbundnast þakka eg yðar velborinheita elskulega brjef frá 26. Júnii og alt þess fróðlega og mjer einkum

kærkomna innihald, einninn gjöf og sendingu á Dr. Finsens útgáfu Juris Vicensium etc. (hverja eg samt átti en ei Thorkelins Þorláks og Ketils, en þó fleiri Ex. þess rjettar skrifuð); að þjer nú í vetur sýslið við Revision Grágásar, eftir version Þórðar Sveinbjörnssonar, er mjer kært, fyrst eg gat ei svo fullbúinn orðið með dönsku version Jónsbókar, að orginals Concept-Manuscriptinu nú næði skipunum, án hverrar eg ei vildi senda þetta nú, en verð að draga það til póstskipsfarar í vetur, þá það lifi eg þangað til, alt mun fylgja og koma undir yðar Revision og álit, sem eg þá vildi óska að fljótt gæti afgerst, svo að eg vissi útfallið áður en eg dey, og fyrir hvað eg unnið hefi, hvert fyri gíg eður ekki.

Eg get nú ekkert í frjettum sagt, síðan biskupinn fór, en þangað til veit hann alt, nema viðhaldanda góðviðri og góðan heyskap síðan, allra nafnkendra líf og heill, og legg nú hjer hjá Klausturpósts No. 8 og 9 á skrifpappír, man þó ei uppá víst, nema eg hafi No 8 eða Augustum áður sent, og fæ hann þá aftur, ef svo er.

Eg þakka yðar velborinheitum fyrir gott vitni um Hannes frænda minn, sem hjá mjer er á kosti uns brauð fellur handa honum. Mest ríður honum á, að þjer við hra. biskupinn bæruð honum álíkt vitni, hvað eg annars held hann forþjena og vera gáfaðan og góðan mann.

Að þessu sinni leyfir skipið mjer ei að fjölyrða, bið vinsamlega að heilsa Etatsráði Engelstoft, hverjum eg nú sendi framhald Klausturpósts brjeflaust, þar brjef var ei tóm til að skrifa, heldur fyrst að tveggja daga fresti með Wellejus til hans, og þá máske lengra til yðar. Nú kveð eg yðar velborinheit, með góðu frú, öllum bestu óskum og vil jafnan vera og reynast

yðar velborinheita auðmjúkur og skuldbundinn
vinur og frændi
M. Stephensen.

XXI.

Viðeyjarkl. 12. Sept. 1824.

Háeðla velborni hra. Prófessor!

Hæstvirti góði frændi!

I dag fjekk eg loks ritað Etátsráði Ørsted línu og boðið honum mitt danska legorðsrit, til þess Juridiska Tidsskrivts hans. Kvað eg það vera hjá yður geymt og væri mjer þökk á, ef bjóða vilduð eða færa honum það. Með því áttu að fylgja á lausum blöðum innvísaðar rjettingar eftir þeim seinna útkomnu lagasetningum um hórdómsmál, en frumritið útkom.

Astskyldugast.
M. Stephensen.

PS. Vilji Ørsted ei taka Manuscriptið í Tíðskrif sitt, mun best að eg fái það aftur.

XXII.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1825.

Háeðla velborni!

hæstvirti besti hra. Professor!

Skuldbundnast þakka eg yðar velborinheitum mjög kærkomið — þó stutt — brjef af 27. Sept. f. á. og alt undanfarið vinfengi. Eg skal nú endurgjalda með enn styttra — bæði vegna tíma- og efnis-skorts. Þungur vetur hjá oss hefir kyrrsett, sem í Arrest, sjerhvern heima; er því ekkert merkilegt tilfallið, og það litla, sem hjeðan er að segja, læt eg Klausturpóst meðfylgjandi taka af mjer ómak með að endurtaka. Þjer sjáið af honum, að Franzósinn geysar nyrðra í Húnaþingi og fer senn með sjómönnum að meðdeilast oss, svo eg hefi nú ei betri ráð, en flýja hann hjer, og komast út til ykkar, hvar alt, að vanda, er gullhreint. Meiningin er þá, að eg er þegar búinn, rectius: hættur, við mitt langa starf við Jónsbókar verkið og bið nú Cancellíið leyfis að ferðast með það

sjálfur í Augusto til Khafnar og svara þar til þess. Veitist það, sem eg vona, veit eg ei nema eg verði á hrakningi 1tu vikuna, uns eg fæ mjer bólfestu, og er óráðinn í, hvert eg ætti nokkurn biðja um að panta mjer hússnæði frá 1ta Sept, nefnilega 3 nett Værelsi með sæng og nettum búsgögnum, ei mjög hátt uppi og á ei afviknum stað, helst hjá skikkanlegu borgara-fólki, hvar simpel borgaralegur kostur fyri billegt verð væri líka fáanlegur. Máske hra. biskupsins verelsi, sem eg get til sjeu á góðum stað og sómaleg, yrðu þá aftur laus og fáanleg, en ætíð verður eitthvað til eilífs lífs, þá þangað kemur, og er því ekki vert svolitlu fyrifram að kvíða.

Hjer erum við nú að prenta Nýja Testamentið og að botna hann Lúkas. Ein orsök til umbeðins ferðaleyfis míns er strangur Rheumatismes púki, sem í allan vetur hefir þungt lagst í minn hægra handlegg, svo eg með þraut mikilli get að eins skrifað, en Landphysicus og Apóthek hafa ei orkað að koma honum úr stað. Yðar velborinheita góða Attest um frænda minn Hannes matti eg svo mikils, af því líka mjer virtist það satt og rjett, að eg skifti mjer ei af, þó hann hænist að dóttur minni þegar brauð fær, og múkinn uppá, sem seigt vill ganga, þar enginn prestur hjer nennir nú að deyja. Hjartanlega þakka eg fyri Forseta. Fregnin um Prins Christjáns áformuðu húsvitjan hjá oss ljet oss embættismenn hrökkva saman í kúðung, og hugsa uppá undirjarðar felur fyri sig, þar engan honum boðlegan ofanjarðar kofa, nje neitt honum ætilegt höfum honum uppá að bjóða, en þjalamysu og súrblöndu vorri mun hann óvanur.

Nú skal eg bæta þeirri vinsaml. bón við, að yðar velborinheit vildu í mínu nafni á framfæri koma við þá Berlinga hjálögðu blaði, mögru að sönnu þar ei gefast betri föng nú á hörðum vetri, hvar alt, eins og sauðfje vort, liggur í vetrar 6 mánaða svefni, að vitni Drs. Ottós í Ný-Hygæa. Og þar næst skila eg ástarfullri kveðju okkar náunganna hjer í húsi, inclusive frænda Hannesar,

til yðar velborinheita og elskul. frúr, alla tíma með sannri ást og heiðrun

Yðar velborinheita skuldbundinn elskandi
vinur og frændi
M. Stephensen.

XXIII.

Viðeyjarkl. 10. Aug. 1826.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hra. Professor!

Fyrir allar yðar velborinheita miklu velgjörðir, vinahót og góðsemdar atlot á afliðnum vetri og vori, sem annars, kann eg yður skuldbundið þakklæti og óska mjer framvegis að gjöra mig verðan þeirra framhalds.

Af ferðum mínum og síðan er fátt að segja. Á 20 dögum komst eg hingað slysalaust, hreptum þó megna þvera storma í þá seinni 10 daga. En hjer fanst mjer, eftir kaldan viðskilnað ofsóknarmanna minna í Khöfn, jafnköld aðkoma 12. Júnii. Ennþá vetrarbragur á öllu, stormar, kuldar og hret óaflátanleg, fjöll enn hulin fönnum ofan í bygð, tún þá fyrst að fá grænleitan lit, en úthagar eða engjar engan; $^3/_4$ alls sauðfjár fallið í Suður- og Vestur-ömtum, víða kýr og nautpeningur nokkurr, hitt horað og nytlaust uppihangandi, alla viðbits- og mjólkurlausa, og kornskort strax svo mikinn að engin tunna fjekst (á 8 rbdi þó) nema með ókjörum þeim að kaupa jafnvirði (ergo 8 rbda) með í afardýru krami, brennivíni, tóbaki, glingri, og frá 15. Júlii var enga skeppu rúgs nokkursstaðar að fá. Mikill vetrarfiskur ónýttist hreint af óveðrum meir en til helminga. Vorafli vegna storma varð því nær enginn hjá fjöldanum. Alstaðar sáraumur. Stormar, sífeld óveður og kuldar geysa enn í dag og til þessa, að fáeinum hlýjum dögum undanteknum, svo hjer liggur enn helmingur taðna hrakinn á túnum, hitt, hálfþurt inn krabbað, er að brenna. Í dag er allur njóli hjer umkring húsið af NV. stórviðri með miklu regni orðinn svartur af kulda og stormi. Annað er þetta finst mjer en

Danmerkur Eden. Hjer horfir til mikils manndauða nema talsvert korn sendist bráðlega upp, og þá NB. fáist lánað, því nú eru vörur ei til, fátækir hafa engar, og þeirra eru flestir.

Kona mín hefir nú árlangt verið mjög lasin, þó á róli. Biskup Steingrímur er nú að visitera í Skagafirði, væntanlegur þó aftur um $^1/_2$ mánuð. Hans hús er nú að komast undir þak, verður vart búið að hausti 1827, eða þá byggilegt.

Þegar eg fer að bera saman innihald, stýl etc. árásanna gegn mjer og fjelaginu hjer í vor og 1808, finn eg Skilderiet 1808 uppjórtrað og ei annað; báða í sama tón, orðum og anda, efalaust altsvo sama auctorem, souffleur eða inspirerandi anda, hafi þessi leigt sjer þræla til að bera af sjer blak, er þó sú sama Jacobs raust, þó Esau hendur á sýnist. Hann náði nú og heppilega sínum vina-tilgangi með tilsíðusetningi 25. Maii, þá mörgum fjell distinction í skaut og getur nú víst dáið rór. Það mun nú um skamt vitnast, hverjir í þessu Comploti eru, þá eiðar útfara og lögsókn hefst. Því alt er nú með þingsvitnum og skoðunargjörðum hjer sannað að vera Lokalygi. Hafi, sem orð af fer og líkur sanna, Þorgeir Guðmundsson orðið einn í því Complotti, vegna ágirndar að ásælast fjelagið með Jóns postillu forlagsrjett, til að forljúga sinn fyrri herra, er marga bresti hans hjer vel umbar og styrkti hann árlega með peningum og Recommendatiónum í Kaupmannahöfn, lýsir hann sínum innra manni og Caracter, hverr demaskeret ei kemur mjer þó óvart. Fyrir þvílíku Complotti er æra fyrir fornvin minn að vera höfuðið og inspirera það, en látast hvergi nærri koma, og honum ei ólíkt, en hann hafði ei öðru að miðla sem Souffleur en sínum andlega voluðu tuggum frá 1808 í Skilderíi þá.

Besta verkanin þessa mun verða, að eg þreytist að vinna fyrir gíg lengur, eða að framhalda Klausturpósti, hvers forlag og ritun eg hefi nú enn á prenti boðið

þeim, er vill. En enginn hjer meldar sig, eða treystir sjer við eða hefir lyst.

Sonur minn Secretairinn misti í vetur og vor næstum allar sínar sauðkindur, er með mikla fjölskyldu og á í þessu bága ári erfitt uppdráttar. Honum varð eg nú því til styrks að eftirláta hjer alt varp, einkum þar dún, sem annað, er nú í engu verði. Því get eg hverki nje vil að þessu skifti boðið einn hnoðra dúns, með því eg veit það litla eg áður hefi sent nú engu verði nema, hversu stórskuldugur sem eg er yðar velborinheitum fyrir margar bóka og aðrar gjafir.

Bróðursonur minn Þorvarður litli Stephensen, amtmanns sál. Stephensens sonur, fer nú, 14 vetra, til Sóreyjar Academíis. Guð láti honum að góðu verða. Hann er enn barn, sem hverki veit til hægri nje vinstri, síst í framandi landi.

Menn vona nú víst 2ja skipa sendingar hingað strax með korn, auk póstskipsins; væri mjer gleði með þeim að fregna yðar velborinheita heill og vellíðun og bestu frúar og þar hjá annað merkilegt úr útlöndum og Danmörk. Eg heyri að Oddsen sje orðinn minn prestur, ef hann nú ei söðlar um og sækir um Grenjaðarstað, feitast brauð Íslands, þegar Múla-kall, nærfelt eins gott, á nú við fyrsta Vacance þessa að leggjast til hins, eftir konglegri Resolution fyrir fám árum. Óskandi væri að Sra. Guðmundur Bjarnason fátækur barnamaður og Capellan í nokkur ár[1]), sem með besta Caracter varð til síðu settur við Garða (á Álftanesi) og nú Reykjavíkur veitingar, en þó af Cancellíi til þessarar innstiltur, nú fengi annaðhvert Grenjaðarstað, eða, gefi Oddsen sig að honum, þá Reykjavíkur brauð, sem nú rýrnar miklu framar en vex.

Forlátið nú, besti hra. Professor, alt masið, berið mína þakkar- og heiðursfullu kveðju yðar elskul. frú

---

[1]) Skr. nockurr (f. nockur ár).

og lifið bæði svo sæl og ánægð, sem sjálfum sjer veit best að óska

yðar velborinheita skuldbundinn og elskandi frændi
M. Stephensen.

XXIV.

Viðeyjarkl. 10. Nov. 1826.

Háeðla velborni!
besti hra. Professor!

Fyrir háttvirt brjef frá 28. Sept. þ. á. kæra sendingu með því á nýju merki yðar velborinheita makalausu iðnar í þeim danskaða Snegluhalla þætti, og alla aðra yðar stöðugu góðvild og vináttu þakka eg hjermeð ást- og skuldbundnast.

Yðar dygð tel eg því meiri, vegna þess þið nú eruð orðnir svo vandabundnir, sem þjer reynið að telja mjer trú um, að Th[orkelin] sje öldungis óviðriðinn þær árásir, sem mjer óverðskuldað mættu í vor af skálkum, en fyrr læt eg telja mjer trú um, að vorir hrafnar sjeu hvítir hjer, en hann óvitandi og óviðriðinn þau mál, og ei sem inspirans eða instigator, Consulent etc. að minsta kosti, því alt í þeim blöðum — eg undantek þau seinustu, — er ekkert annað en einber upptugga þess sama andlega volaða bulls úr Skildiríinu 1808, nærfelt í sömu orðum og röð, byrjaði, sem þá, undir burtför mína og í álíkum tilgangi, að spilla mjer heiðri, og ef mögulegt velferð. Það vitnast nú þegar, því nú strax kemur það mál alvarlega á gang og fyrir rjett. Eg veit að sönnu dável og getska mjer til, hver verkfæri í Khöfn af landsmönnum hjertil eru brúkuð, og veit í hverri Relation og Connexion þau standa við 1 eða 2 hjer, mjer fjandsinnaða, allir fyrir sakleysi af einberri öfund og mannvondsku, og gremst því meir, sem tengdur mjer kann að eiga þarí þátt, vill hafa fingur í öllu, blanda sjer inn í allra hagi, mörgum til meins, en vanrækja eigið skyldukall.

Langt seilist Prófessor Baden til, maður, hvern eg ekkert þekki, vilji hann og narta í mig, eins og þjer haldið.

Ekki einungis fyrir þá vinsamlegu Communication yðar af Politisch Journals Anmeldelse um mig og mitt Island etc. í Aug. hefti þ. á., sem er svo heiðrandi, heldur og fyrir líklega að hafa gefið orsök til hennar, að gátu minni, eins og eg veit mörg fleiri dæmi til um yður, og að þjer, sem gæðskumaður komið alstaðar fram mjer og mörgum til góðs, votta eg yður mitt hjartanlegasta þakklæti. Hitt eru laun um aldir heðuð fyrir flesta þá Íslendinga, er verja af alúð gáfum, iðn, tíma og efnum til lærdómsframa eða föðurlands af okkar of ómannlega þenkjandi löndum, svo að Island skuli jafnan verða skitnast í öllu.

Um storma stöðuga hjer, sífeld óveður, heyja skemdir og bruna, og þaraf leiðandi gagnleysi vetrarbús, er auka má á almenn bágindi, eftirlæt eg öðrum að rita.

Við hjer í húsi lifum öll frísk, og frú móðir yðar og systur enn allar vel. Amtmaður Thorstensen misti sinn nýfædda son Steingrím, enda deyja nú flest ungbörn úr andarteppu-hósta (Kighoste). Rúgur er hjer syðra nú kominn nægur, en kaupmenn lána ekki hót og fátæklingar hafa ekkert til að kaupa með. Þó eru Vestfirðingar lakar staddir. Marga styrkir samt hjer góður haustafli, ef fyrir hann gæfi.

Eg fjekk í dag með Norðanpóstinum kátleg brjef 2 frá stúdent nokkrum Bergi, er dimitteraðist úr heimaskóla í vor, en tók sjer síðan viðurnefnin Philomathes Strandalín, og daterar þau efst á Parnass fjalltindum, segist vera góður vinur yðar og hafa sent yður svipað, mjer sendir hann promemoria til að prentast í Klausturpósti, langt, fult af glúffum og bituryrðum til allra, sem ekki elski ljós, en búi í Moríu- og Mómusar bygðum, — Nautatungum, segir Apolló sjálfan hafa anabaptizerað sig, og fyrirbýður mjer að taka beryrði úr, segist þó allranáðugast leyfa mjer að breyta fáeinum orðum. Eg hefi sjeð hann hjer í sumar; hann er fluggáfaður, indbildsk og hefir 1 à 2 skrúfur lausar. Það er leyniskáldið yðar.

Efni og tíð leyfa mjer ei að orðlengja að þessu sinni. Í vetur, ef eg lifi, skal eg gegnumskoða manucripts plögg mín og vita, hvert eg finn þarí nokkuð vogandi að senda yður, en eg býst við þjer hafið alt þvílíkt áður. Eg bæti þá einungis við minni skuldbundnustu þakklætiskveðju til yðar velbornu frúar með óskum hennar góðs heilsubata og beggja ákjósanlegustu heilla og vil jafnan með ást og heiðrun mega telja mig

Yðar velborinheita skuldbundinn einlægan vin
og frænda
M. Stephensen.

XXV.

Viðeyjarkl. 4. Mart. 1827.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hra. Professor!

Þó magurt sje og verði nú brjefsefnið, þar alt hvílist hjer í venjulegu vetrardái, eða politiskri stagnation, ámeðan náttúran með sífeldum stormum og umhleypingum á öllum, þó helst suðlægu, áttunum, hefir haldið áfram mildilega að hreinsa vort loft, eyða sóttum, vetrarfari, snjó og kulda til þess nú fyrir viku, hún lætur andkaldan Boreas sýna oss gamaluppbólgnar kinnar sínar með hörkusvip, verð eg þó að ávarpa yðar velborinheit með þessum fáu línum, og láta þær sanna að eg lifi, vel frískur og heill og ættfólk mitt hjer syðra, þó kona mín sje jafnan ófrísk, en liggi þó aldrei rúmföst. Alt annað frjettnæmt, væri nokkuð til, rita ótal kunningjar yðar og vinir aðrir, þarámeðal hra. biskup Jonsen.

Að hey vor yfir alt land í fyrra sumar og haust hröktust mjög, fúnuðu, brunnu og drápu í görðum og urðu dáðlaus til mjólkur og holda jók á f. á. fellir og bjargar bágindi manna, en þó hjer syðra korns aðflutningur meiri í haust bætti úr þeim og góður haustafli, náðu öreigar margir til hverugs og Vesturland reynir nú mikinn korn- og vista-skort víða, en alt er nú hjer þrotið.

Að seinni partur Nýja Testamentisins er á Biblíufjelagsins kostnað hjer prentaður og útkominn, tjáir biskupinn yðar velborinheitum víst, en nú er síðan Klausturpósts árgangurinn pro 1826 undir pressu, og kemur allur út í einu í lok þessa mánaðar, en ei í No.um. Mjer þykir bágt ekki að geta sent yðar velborinheitum hann nú, eða fyrr en með fyrsta skipi. Til Jónsbókar íslensku útgáfu hefi eg að sönnu fengið nokkra Subscribenta, samt of fáa til að þola, í aðþrengjandi peningaskorti og þunga af þurfandi brauðlausri eða brauðlítilli ætt minni og barna hjer, að skaffa fyrirfram nógan pappír til hennar hingað og standa í löngu útláni fjár til þeirrar útgáfu. Cancellíið hefir í Collegial Tíðindum 1826 og í brjefi til mín frá 18. Apr. s. á. álitið mitt til hennar undirbúna verk „vera af miklu verði fyri lærða rannsókn fornlaga Norðurlanda og markvert hjálparmeðal við nýtt lagaverk“, þó Jónsbókar juridiska innihald eða boðorð ekki öll lengur hæfðu vorum tímum eða núverandi ástandi Íslands, en sama er og tilfellið með Gulaþingslög og Grágás, þó kostaði konungur og Arna-Magn. Commission miklu til þeirra útgáfna. Sama með gömlu dönsku lögin, sem með miklum opinberum styrk útgefast. Mjer hefir því hugsast að leita Arna-Magn. Commissionar styrks til Jónsbókar íslensku útgáfu eftir elstu og bestu handritum og með Varianter eins og mitt verk er undirbúið og vil skrifa Conferensr. Schlegel þarum, en nú senda yðar velborinheitum Forestilling og biðja yður vísa mjer þá venjulegu góðvild og vináttu, að mæla fram með henni, en reyna að fá þetta sem fyrst afgjört og veitist nokkur áheyrsla, að studiosus Eggert Jónsson fengi anvísaða sem fyrst þá hjálp til pappírs kaupa og innsendingar með vorskipunum, því strax í sumar vil eg láta fara hjer að prenta. Útlegging fornyrða og þungskilinna staða og ýmsar athugasemdir, eins og eg sendi þetta Cancellíinu læt eg því verki fylgja, en það verður mjer dýrt og útarmandi með biðinni.

Eg heyri að Repp hafi í sumar komið til Kaupmannahafnar og gift sig; eg hafði sent honum 3 à 4 Subscriptionsplön uppá Jónsbók, en hefi ekkert síðan frá honum heyrt um þau, eða hvert hann hefir þau nokkrum sýnt. Skyldu yðar velborinheit skrifa honum, bið eg að minna hann þará.

Mjer óróast nú mjög að bíða skipakomunnar og frjetta af mínu tilneydda mála-vastri vegna áreitinganna í fyrra. Það er mjer því nauðugra, sem eg alla tíð hefi óskað mjer að lifa í friði og ró við alla menn, og unt öllum beggja, en ætíð forðast stríð nema defensivt tilneyddur, svosem 1808 og nú, einkum æfilangt alla Prócessa og málaferli, og heldur oft umborið ójöfnuð, en leitað rjettar eða hefndar með lögsóknum, en hjer var ei annað til úrræða. Eg vona nú samt gleðjandi fregna af því máli og að þekkja nú rjett höfundinn, enn þótt annara verkfæri, til hvers eg nú get rjett getið, þar eg veit hverr frænda eða tengdanáunga minna hjer stendur í nedrugri Correspondance við hann um þetta og fleira, og er oftar búinn að lýsa sínu falska og íllfúsa hjarta — fyrir oft og mikið gott af minni hendi og minna.

Lifið nú, elskulegi hra. Prófessor, með yðar bestu frú og tengdaforeldrum sísælir, og gleðjið að vanda með vinsamlegri línu sem fyrst í vor og markverðum frjettum

Yðar velborinheita
skuldbundinn einlægan vin og frænda
M. Stephensen.

XXVI.

Viðeyjarkl. 4. Júlii 1827.

Háeðla velborni!
hæstvirti besti hra. Professor!

Tvö yðar velborinheita dýrmætu brjef og þeim fylgjandi kæra sendingu þakka eg hjartanlegast, en öllu framar alt það dygðaríki og trygða-vináttu merki, sem það fyrra einkum, og þó bæði eru vottur nýr um bæði mjer og öðrum vini yðar Etatsr. Thorkelin til handa. Enginn

gat trúað í fyrra, hjer eða ytra, nema þjer einn, að hr. Thorkelin væri hreinn og hlutlaus þeirra mála, allir, og eg með, hjeldu (og Drottinn gæfi að oss gæti svo eflst trú, að við enn gætum haldið hann hreinan af því!) að hann brúka mundi níðritarana, sem verkfæri mjer og fjelaginu á móti, en gera þá út með anda og fjanda. Því varð fyrsta arkið í forsvari mínu, hvaraf eg sendi einungis 1 Ex. Cancellíi, í stað hreinritaðs Manuscripts, en hefi alls ekkert publicerað, hjer og hvar nokkuð sveigjandi að þeim gruni. Nú, síðan eg fjekk yðar góða brjef í vor, kasseraði eg hreint 1ta arkinu, en ljet annað prenta og hugði að láta viðbætir við það útkoma sem svar uppá Vigf. Eiríkssonar nýja níðrit, hvaraf þó enn er að eins $^1/_2$ ark búið, því eg hætti uns sæi hvað framkæmi og mætti við þá rannsókn stiftamtmaður og biskup nú eiga að gjöra um fjelagsmál og þar eftir haga því, og nú ekkert orð láta útkoma af því fyrr en dómur milli okkar Vigfúsa áfellur, til þess að olla ei nýjum níðritum áður af honum. Að eg þó sendi yðar velborinheitum Exemplar af þessu nú til sýnis, er sub fide silentii og að það engum manni segið eða sýnið, fyrren eg læt það útkoma og framhaldið, nema ef viljið Etatsr. Thorkelin ámeðan hann rjett einusinni les hvert ark í yðar návist og takið það svo til yðar aftur til vandlegrar geymslu um hríð, sje honum hugarhægð í að sjá nú þess form og vita, að fyrsta arkið er brent, eins og það áður var með meira grun aðsveigðum í upphafinu um hans vitorð af þessu nýja níði.

Ogsvo legg eg hjerhjá 1 Ex. Klausturpóstsins 1826, með forlátsbón; verður hann líklega minn síðasti, því leiður er eg orðinn á literaire störfum fyrir þau præmia laborum, sem Vigfús og makar og bandamenn hans bjóða mjer fyrir offur langrar æfi, sem eg best hafði vit á, til menta og vísinda frama í mínu föðurlandi.

En hæstvirti vin! þjer hafið svo oft óbreytanlega auðsýnt mjer sjerleg vinahót. Gjörið nú svo vel: 1^0 að láta í Etatsr. Lassens Contoiri í Cancellíinu sýna yður,

hvert og hvað nú kynni fram þangað koma um vor Fjelagsmál hjer, með þessu skipi. Eg hefi í svari mínu til stiftamtmanns og biskups angefið og sannað, að Jóns Thorstensens í Vigfúsar níðriti framkomna Revision, enn þótt af þeim fyrra attesteruð, sje þar forfölsuð og umbreytt mjer til Fornærmelse framkomin prentuð, og að þeir áður hafi Schagf[jor]ds reikninga reviderað. Þetta (þó fölsunin sje framin af Thorsteinsen einum, en ei Egilsen) veit eg þeim vera sent til Erklæringar, hverja þeirra Erklæring og allra eg vil sjá og fá meðdeilda, til að upplýsa og, ef ósönn er, hrinda, áður en nokkuð í þessu efni reflecterast þaruppá mjer til meins eða ama, vegna reglunnar, eins í öllum rjettargangi, audiatur et altera pars — svo allir komi rjettu forsvari fram og enginn líði undir óþektum eensidige Denunciationer. Um þetta bið eg nú í Cancellíi, svo eg viti hverjar ástæður og Bevisligheder því nú bjóðast og síðar. Er því 2º önnur bónin að útverka þetta hjá viðkomendum og mjer það undir No. 1 nefnda vinsamlega communicerað, þar skip þetta fer um hæl til Vestmanneyja aftur, hvarhjá eg tek til þakka aðrar mjer merkilegar fregnir, um þessi mál og Vigfúsar fyrirtæki.

Frjettir hjeðan eru mestu hafþök af ísum fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi, rak ís hjer vesturmeð alt að Grindavík sem fádæmi eru. Engin skip nyrðra því enn sögð komin í höfn. Þar mikill fjárfellir og bágindi í Skagafjarðar og Húnavatns sýslu, sífeldir kuldar, stormar, þyrringar og gróðurleysi yfir alt land, hjer syðra dágott fiskirí. Alstaðar mikil Epidemie, með hálsbólgu og febre. Deyr fjöldi fólks, einkum barna. Lasleiki langvarandi konu minnar og tengdadóttur, síðan á jólum þessarar, hinnar nú í tvö ár, þó oftast dragist á flakk. Sjálfur er eg líkhamlega frískur, sálin mædd og sturluð af óverðskulduðum árásum og Cabaler í minni mæðusömu elli.

Fyrirgefið að eg nú má og get ei meira skrifað. Eg hefi 500 Subscribenta til Jónsbókar, en nú ei krafta lengur eða sinnu til að kosta sjálfur hennar útgáfu og

leggja út fyrir pappír og prent fyrifram löngu. Forleggjara kynni hún máske erlendis að finna með þeim Subscribentum.

Lifið, besti vin og hra. Professor, með elskulegri frú yðar jafnan svo sælir, sem innilegast ann og óskar báðum

yðar velborinheita auðmjúkur skuldbundinn
vinur og frændi
M. Stephensen.

XXVII.

Viðeyjarkl. 22. Aug. 1827.

Háeðla velborni!
besti hra. Professor!

Með Petræusar Skonnertu hripaði eg yðar velborinheitum fáar línur fyrir löngu og sendi yður Klausturpóst 1826 innheftan og hvað eg enn hefi látið prenta af svari mínu til ílla Fúsa Eiríkssonar & Conserter en sem eg hætti við í bráð, og vil ómögulega láta útkoma nje sjást fyrr en síðar — við fallinn dóm þá eg, ef það lifi, mun botna það; eg tjáði yður, að eg, fræddur um auctores rjetta sceleris — en Dr. veit þó, hvert ei eru Inspirater af vini vorum — hefði af skyldugri virðingu og ást til yðar látið 1ta arkið umprenta og tekið úr því alt, er sveigði að hinum (og er þó síhræddur um óhreinleika hans mediate í því máli og nú hnekkingu heilla minna í fyrra vor einkum, af hverri B. Th[orarensen] hjer glorierar, og að hann fengið hafi fornfjanda minn sjálfan til að leggia sig í framkróka með og ritað brjef þarum vestur á land, er vinir sendu mjer aftur. Eg vona því að hann nú geti — eftir slíkar res gestas — rólega dáið, eða sje þegar dáinn og óska eg yður þá af hjarta og öllum huga til lukku með hans póst.

Eg vil nú vera því fáorðari um alt hjeðan sem eg veit þjer fáið það alt frá öðrum greinilegar og eg nú alls ekkert tóm hefi þartil; en einungis geta um sjálfan mig og Landsuppfræðingarfjelagsmálin. Ótti fyrir Stemanns hörku, segja sumir, en aðrir öfundarmanna hjer heimug-

legar verkanir, kunna að hafa hvatt stiftamtmann og biskup til smásmuglegustu rannsókna um fjelagsmálin, um minutissima, Lapperie, og, hvað Rescript 18. Apr. alls ekki intenderaði nje bauð, inqvisitorisks framgangsmáta brjefaskrifta um allar áttir og hjegómlegra spurninga, er heldur lýstu óvinsamlegum anda, en verkuðu flestra leiðindi, annara spje. En með öllu því framkom alls ekkert til hnjóðs eða ákæru, alt virðist öfundarrógur fótalaus, og eg gaf inn svo ýtarlegar skýrslur og forsvar alls, að á alls engu mun með rjettu verða nokkurn hatt að hengja. En mágur minn Jón Thorsteinsen, hverjum eg verið hefi í öllu sem faðir, sýndi að hann skálkur var og, Guði sje lof!, ei af okkar ætt, ei einungis með stuldi Revisionarinnar, og launsendingu hennar til Erichsens, eensidigen, án allra svara uppá Antegnelser, sem refuterede alt, svo fjelagið gat ei annað en fráfallið öllum, heldur með því að setja æru sína og velferð uppá spil, vegna gamallar kjaftavináttu og skamma certaminis við V. Eir[iksen], og gefa mína til prís, með því að forfalsa stórkostlega þessa Revision, hvað eg með notarial samburði sýnt hefi og beisklega átalið, sem nú alt kemur í Cancellíið. Loksins reit eg stiftinu brjef 19. Julii á fjelagsins 34ða stiftunardag, og eftir ályktun fjelagsins á seinasta fundi, lýsti það vegna þessara árása allra og áreitinga við postillu og lærdómsbókar Eftertryk úr því upphafið, og mig frá allri stiftunar þeirrar Direction upp þaðan, en krafði prentverkið strax hjeðan flutt, stóð þá stiftið í ráðaleysi og stendur, svo Eir[iksen] má nú gloriera af að hafa smánað mig eftir 33 ára stjórn frá fjelags þess Direction, en steypt þessu einasta vísindafjelagi á Íslandi, og gjört sína skamma-minningu ódauðlega, en hverjum öðrum til gagns veit eg ei. Óttast eg samt að Þorgeir, sem Entrepreneur postillu og lærdómsbókar prentunar, og Sra. Oddsen ei sjeu hreinir í því máli.

Nú veit eg ei, hvern merkan og færan vin í Khöfn (hvar eg fáa kunnuga á) eg ætti að biðja um í Lassens Contoiri að fá að vita, hvað um þessi mál frá stiftamt-

manni og biskupi innkemur og proponerast og hversu þeirra Forestilling og Indstilling er löguð og hvað við er eða mundi verða gjört áður póstskip fer og við prentverkið og stinga því að mjer með því, en eg lofa við alt heilagt strax að brenna, þá lesið hefi, eins fræða mig á, hvað um mál mitt líður og V. Eir[iksens] fyrirtæki, og annað mig interesserandi. En fyrir þá upplýsingu, sem verka má mikið til minna rólegheita, vildi eg sjerlega skuldbundinn og þakklátur verða, hvað menn ekki geta sjálfir í því útrjett, má í Khöfn útrjetta við góðkunningja. Biskup hefir verið mjer æ mjög meðmæltur, en Jón Thorstensen og fleiri rógsmenn legið í Hopparans eyrum, og viljað hleypa honum fljótfærum og grunnhygnum í fen, mjer til ama.

Nú bæti eg samt enn 3 markverðum bænum við: 1° að yðar velborinheit gjöri svo vel að ráðstafa strax mín vegna innlögðu Cancellí-brjefi þangað.

2° brjefi mínu til Kammerherra Oldenburgs, en því fylgir meira: hann reit mjer bón um að útvega sjer hvar sem yrði um alt Ísland, gott Exemplar af prentuðu Knytlingu in folio, hvað sem kosta kynni. Hana legg eg nú hjer hjá, og er hún nú gersemi á vorum dögum, en eg segi honum í brjefinu að eg hafi fengið veð í henni á Vestfjörðum hjá presti, beðið hann að senda yður hana og tjá hvað kosta skyldi. Nú vildi eg óska þjer eftir litla bið frá því hann brjefið fær, ljetust fá hana með vestanskipi, og reynduð til að koma henni, í prestsins nafni, sem dýrast fært er. Hann (Oldenburg) segist hafa beðinn verið[1]) að útvega hana til stórs Bibliotheks, mjer skilst útlends og mega þeir vel borga þvílíkt nú ófáanlegt raritæt. Eg segi honum að enskir ferðamenn lærðir hjer hafi falað hana til Bibliotheka í Englandi og boðist til vel að borga, kunni því prestur að verða dýr. Mætti ei segja honum að þjer hafið í Commission að senda hana til Englands, vilji hann ei borga (hvað þjer haldið fáanlegt) til d. 2 pund Sterling eða meira. Þó, um þetta set eg yður sjálfdæmi.

[1]) hjer hafa endurritað í hdr.

3⁰ og þar ríður mjer mikið á, að gjörið svo vel að ráðstafa strax til hæstarjettaradvocats Guldbergs brjefpakkanum til hans, innihaldandi mest tilsvar til minna mála, Copíur af brjefum mínum til stiftamtmanns og biskups í ár og Notarialforretningar og Instrux um málið, hvað hann alt sýnir yður, ef viljið, því eg hefi beðið hann að leita yðar, ef þarf, með ráð og upplýsingar, einkum ef eitthvað íslendskt fyrir kæmi, og bið minn sanna besta vin að liðsinna mjer hjermeð einninn að verificera danska meðfylgjandi útleggingu af brjefi meðfylgjandi föður míns sáluga af 28. Dec. 1808 til Schagfjords, þar Finsen nú er ei heima, en eg vildi koma henni með skipinu, og fá svo Guldberg.

Æfinlega vil eg vera með ástkærustu kveðju og heilsu-óskum til yðar bestu frúar frá okkur hjer yðar sjerlegu manndygðar ástfólgnasti heiðrari, vinur og bróðir

M. Stephensen.

P. S. Hvað Kammerherra Oldenburg borgar Knytlingu bið eg að urtakramari Asm. Larsen meðtaki, til tilnefndra skulda lúkinga að því litla sem nemur, málin og margvíslegt þrengir nú að, svo eg selt hefi Reykhóla fyrir spotprís og fleiri jarðir. Nú sem hálfsjötugur sanna eg eftir alla mína viðleitni að brúka vel mína tíð, lifa sem flestum til góðs og gagns, mínu föðurlandi og vísindunum og verja þartil efnum öllum og kröftum, en þiggja nú V. Eiriksens & Consorters laun í staðinn, Davíðs orð Ps. 90, 10 og með þeim vísa Salómon „að alt undir sólunni er einber hjegómi og skapraun“! — Lifið þjer samt, besti vin, æfinlega sælir innanum hjegómann, mörg, mörg ár sannfarsælir, eftir því, sem hjer er unt og kallast og eftir það græn torfa hylur það forgengilega yðar sanna vinar, á hverja leiðistorfu þjer af fornri trygð snara vilduð litlu kærminni í fáum línum.

P. S. Brjef hjálögð til Cancell[ísins] og til Justítsráðs Hammerichs í því, vinar míns, bið eg og vinsamlega

fyrir. Hann getur, þó ei sje í hans heldur Richters Contoiri, fengið að vita og frætt um gang og skjöl Landsuppfræðingarfjelags málanna og níðritanna um hvað eg bið hann.

XXVIII.

Viðeyjarkl. 24. Aug. 1827.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Fyrir 2 dögum leyfði eg mjer að fela yðar velborinheitum stóran brjefpakka í Folio ásamt Knytlingu yður sendan með Kammerherra Hoppe, er hjet að ráðstafa honum til yðar (en máske hans verði að vitja þar eða hjá riddara B. Sivertsen); brjefpakkinn átti að komast sem bráðast til hæstarjettaradvocats Guldbergs, en þarhjá bað eg yður að verificera Bilag 1 til hans, No. 14 (á Designation Guldberg sendri) og nú bið eg ástskyldugast um samslags Verification á 2 meðfylgjandi Extracta No. 17 og 18, hverra Originaler meðfylgja, en sem eg síðan, með næstu skipferð, útbið mjer tilbaka, og þessi 3 No. af verificeruðum Extracter svo afhent Guldbergi með sömu Nois, 14, 17 og 18, tjái eg honum í hjálögðu brjefi, að hann fái þau frá yðar velborinheitum. Eg sendi þau til Finsens hjer og bað um Verification, en honum þókti reglulegra að yfirsetja Documentin heil (þó hitt í þeim gjörði mjer ei gagn nje ógagn) og kvaðst ei fá tóm til þess fyrr en eftir 3 daga, vegna anna og ferðalaga, en þetta eitthvert síðasta áreiðanlega skip hjeðan fer í kvöld, ræð eg því af að biðja yðar velborinheit fyrir þetta.

Mjer er nú sagt af gagnkunnugum, að frá stiftamtmanni og biskupi muni lítið sem ekkert um fjelagsmálefnin nú útfara, og kanske fyrst með póstskipi, eða Petræusar Skonnertu í haust, ef eftir ráðgerðu afturkemur, einninn að alls ekkert mjer til ama eða ansvars sje frá nokkrum manni innkomið til þeirra sem svar uppá þeirra mörgu formale spurningar og brjef til margra, og að þeir ekki hafi fengið minstu þaraðlútandi upplýsingar, eða um

fjelagið nema frá mjer einum — að altsvo V. Eir[iksen] alls ekkert fái til að hengja hatt sinn á, en hafi sjer til skammar og mjer til meins hlaupið með fótalausar uppdiktanir og slaður einhvers illviljaðs kjaftaskúms, og að eg hafi, sem eg veit, gjörhreinsað mig frá öllum þeirra áburði, að allra áliti. Svo dæmir og minn annars forni óvildarmaður B. Thorarensen hjerum alstaðar, hefir öldungis haldið sjer frá öllum afskiftum þeirra mála, foraktað þær árásir, heitið að eiga aldrei þátt í þeim, kallað þær níðings- og skammarlegar og sú skömm, sem Landphysicus Thorstensen fengið hefir og forakt hjá öllum fyrir fölsun hans og níðingslega liðgöngu með Fúsa, er almenn yfir alt land. — Sárilla fjelli mjer, væri kvis það satt, sem einn Fúsían hjer hefir flimtað með, máske J. Thorstensen, að Etatsr. Collin fylgdi Fúsa máli, því annað hefir sá maður að hugsa en innláta sig í óviðkomandi skitin injuriæ mál, honum svo ókunnug, og svo ólíkt er það hans góða Caracter, speciel vináttu og kunnugleika við mig í mörg ár, að eg trúi því alls ekki. Máske þjer við próf[essor]gildin gætuð reynt og hjalað við hann þarum, og eytt því, ef, sem eg ei held, finnið hæfi þartil. Ánægja er oss að heyra Rússa, Enska og Franska lemja á Tyrkjum, máske stökkva þeim hreint út úr Evropu.

Með stærstu heiðrun ást og skuldbindingu ætíð
yðar velborinheita
innilega elskandi heiðrari og frændi
M. Stephensen.

XXIX.

Viðeyjarkl. 14. Sept. 1827.

Háeðla velborni!
besti hra. Professor!

Þó eg sje búinn að rita yðar velborinheitum 2 löng brjef, máske of mæðufull eða ógeðfeld móti vilja mínum, verð eg að bæta þessum seðli við, svo alt sje þá þrent er, til að tjá yður: að eftir alla rannsóknina um fjelags-

málin, brjef og spurningar út um alt gengnar frá stiftamtmanni og biskupi, er ekki hið minsta sannað, upplýst eða framkomið mjer til meins í Fjelagsmálunum, en alt fundið að vera fótalaust slaður og uppdiktan öfundarmanna. Þess verð eg þarhjá að geta, að Landphysicus Thorstensen hefir — sjálfsagt eftir V. Eir[iksen] — hjer alstaðar útborið, að Halds grófustu árásir í níðritinu, sjeu Thorkelins smíðar og að þessi hafi ritað, en fengið hinn til undir sínu nafni að publicera. Hefi eg þá ofsnemma breytt mínu prentaða yður senda Svari í 1ta arkinu og hleypt Thorkelin þarúr, af oftrausti til yðar fullvissunar um hans afskifta- og hlutdeildar-leysi af þeim málum, en get, ef svo reynist, rjett þann hluta í lokin, því ekki er, sem vitið, það mál eða svar enn til lykta leitt. Að vilja uppoffra embættismanns á mínu reki, eftir mína löngu embættis og literaire þjónustu fyrir land vort og lærdóm, æru og velferð fyrir níðinga loginn áaustur og kaupa þá til loginna lastmæla, er þó níðingsverk yfir flest, hvar sem reynist.

En eg sje að mín góðvild er víðar en hjá þessum í litlum metum, í 10 à 12 ár hefi eg contribuerað árlega til Bókmentafjelagsins til muna, en sje, að menn, sem ei hafa enn meira styrkt það og ei eru mjer að verðungu eða Literatur, eða Rang, sje eftir henni farið, valdir til þess heiðurslima, en eg ei, t. d. amtmenn og biskup — hverjar þessara prærogativer, einkum þess fákæna Hoppes eru, vita samt fáir, eins og það að meta, og sje eg þá að mjer er í því fjelagi ofaukið hjeðan og vildi biðja yður að tjá því útgöngu mína þess og annars sums vegna.

Gleðjið mig samt með yðar dýrmætu og trúföstu vináttu þá stuttu tíð, sem eftir er minnar hjervistar, sem óverðskuldað öfundaðan og ásóktan mæðumann og unnið jafnan

yðar trúfasta og sanna vini
M. Stephensen.

XXX.

Viðeyjarkl. 31. Octobr. 1827.

Háeðla velborni!

allrahæstvirti besti hra. Professor!

Með Vestmannaeyja skipi fjekk eg þá gleði að sjá vinsamlegt brjef frá yðar velborinheitum af 22. Aug., hvert eg æruskyldugast þakka. Mig hrygði yðar góðu frúar viðhaldandi lasleiki, sem það umgetur, því framar, sem ofaná mína margvíslegu mæðu í aldurdómi — in præmia laborum — bætist sú sára reynsla, að kona mín altaf síðan 1825, þá kighósti hjer nærri því hafði lagt hana, sem fjölda fullorðinna og barna, í gröfina, ennþá mjög þjáir hana, og tengdadóttir mín Sigríður hjer í húsinu liggur nú nærfelt í heilt ár lengst af rúmföst, nú í 3 mánuði öldungis hjálparlaus og yfirgefin af ónýtum lækningum, af sömu afleiðingum með sárustu þjáningum, sem snúist hafa uppí tæringu og boða henni gröfina um skamt, en daglega að horfa þar uppá og ekkert fá líknað, og á sárhryggan, rjett sem afsinna son yfir henni, eykur þungt á mæðu ekki öldungis óviðkvæms tengdaföðurs. Auðmjúklega þakka eg yðar velborinheita liðsinni með Cancellíbrjefið etc. og við Guldberg, hverjum eg bið að segja: að hafi hann skrifað mjer 2 brjef, veit eg alls ekkert um það síðara, sem þó kann að hafa verið mjer áríðandi, en má vera fallið í bandamanna hendur, sem neyta allra hrekkja, þó lítið vilji þeim á-vinnast. Svarið prentaða til þeirra bið eg enn að ei sjáist öðruvísi en eg áður skrifaði, bæði af því eg enn ei hefi viljað lykta það, fyrr en eg sje hvað framkemur, líka af því að fyrst málið er undir lögsókn komið, vil eg ei espa þann óða Fúsa til nýrra skamma á meðan, og þarmeð láta hann præoccupera dómendur. Ekki gat eg nú vægilegar nefnt Skilderie-stríðið 1808, því eg sá alt frá Fúsa úr því upptuggið og heyri enn Landphysicus (landkusa) vorn alstaðar útbásúna (eftir Erichsen), að Hald og hann sjeu Thorkelins leiguþjónar, þessi steypi kúlur, en

hinn skjóti út, og þó vita menn, að læknirinn hefir alla sína vitsku úr Fúsa sem bandamanni, og er þó námágur minn, hverjum eg áður hefi meiri velgjörðir sýnt en flestum. Þarna er Caracter vorrar þjóðar við helstu menn sína enn! en þó dynur yfir Thorstensen smán og forakt allra góðra landsmanna úr öllum áttum fyrir níðingsþátt hans í þessu með Fúsa, og húðskammast hann sín á mannamótum, en morderar þó clanculum, og ver meiru af tíð sinni að sögn til að bera róg til Hoppe og biskups um margt, en til lækninga, sem sýnast vera honum Neben Sag, og agerar allur íslenskan könnusteypara. — Yðar trúföstu vináttu, ærusemi og dygðaríkis vegna ljet eg því umprenta 1ta arkið, svo að Thorkelins nafn hvergi finst, og að minsta kosti það vitið þjer óhult að tjá Thorkelin, en stinga mætti privatissime að honum því rykti, sem hjer staflaust útberst um hlutdeild hans, og það líklegast eftir Fúsa.

Hjartans þakkir fyrir útl. frjettirnar og aðrar, eg fæ nú ei tóm til að lesa frjettablöð og hefi í þessum tíðum ei sinni til að rita Klausturpóst, svo hann líklega gengur til hvíldar. Það hlálegasta er að Fúsi ritaði Sverrisen blóðugustu skammir um Chirurgus Odd Hjaltalín út af því að hann ei vildi gjörast ljúgvottur með Fúsa, og bera, að hann fyrir mig hefði innbundið Flora Danica, óillúmineraða og sett M. St. á bindið — því, sagði hann, fjelagið ætti 2 Flórur, aðra óilluminaraða, og ógnaði honum með Stemanni og Cancellíi og níðriti um hann og bað Sverrisen communicera Hjaltalín (en hann ritaði mjer þetta). En af þessu öllu er ekki orð satt, því af svari mínu og vitnaleiðslu í því pag. 23—31 sjáið þjer, hverr fjelagsins illúmineruðu Flóru batt og alt um hana, og aldrei batt Hjaltalín fyrir mig eða fjelagið 1 blað af neinni Flóru, og hverki eg nje það eignaðist nokkurntíma 1 blað hennar óillúminerað, sem auðbevísað er með Attesti Etatsrs. Weinwichs, sem útdeilir henni, og Zahlkasserarans, sem hefir hennar reikninga — að aldrei

1 blað hennar óillumineraö, og einungis þetta 1 Ex. illumineraö, er því veitt nokkurntíma. En svona djarfur, bíræfinn og guðlaus er þessi minn fjandi.

Fyrirgefið nú, besti hra. Professor, alt þetta og lifið með yðar elskulegu frú jafnan svo sælir, sem best veit að biðja

yðar velborinheita auðmjúkur innilega elskandi
vinur og frændi
M. Stephensen.

P. S. Ei fæ eg útmálað hversu kær brjef og fræðandi fregnir sem oftast og flestar jafnan eru mjer frá yðar kæru hendi.

XXXI.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1828.

Háeðla velborni!
hjartkæri besti hra. prófessor!

Yðar velborinheita mjög kærkomna og að vanda vinsamlega brjef af 28. Sept. f. á. með póstskipi, alla trúfesti og góðsemd þarí, og hjálp bæði með ráðstöfun brjefa minna og Knytlingu sölu, þakka eg alt skuldbundnast og hjartanlega í besta máta ánægður með það alt. En hversu sem eg nú veit yður önnum kafinn og þarhjá vegna lasleika frúar yðar hugsjúkan, neyðist og dirfist eg þó til ennþá hjer með að leita yðar vináttu, með bón um ráðstöfun stórs brjefs míns til Cancellíis, er fór í dag í póstkassann undir yðar Convolúti, vegna ótta fyrir forvitnum augum í það, hvers hjer skulu á stundum dæmi gefast, og liggur mjer á að það strax þangað komist, og eins það hjálagða til Advocats Guldbergs, þó þetta máske komi um seinan, sjeu mál okkar V. Erichsens og Halds dæmd, hvað þó kann bregða til beggja vona. Í stóra brjefinu er mitt einka forsvar til Cancellíis fjelagsmálanna stjórn og öðru viðvíkjandi, því nú mun löng skrolla um þau útsendast finaliter frá stiftinu, sem Fúsa meðhjálparar og nedrugu áhangendur hjer hafa honum í

vil magnlega reynt til að gera mjer örðugt og afundið í sumar og vetur, þó ekkert fengist nje fundist hafi til rjettvíslega á band að festa, og það, sem einhverskonar parricidæ, mínir nátengdustu sem Thorstensen, að hverjum eg þó best átti sífelt, af flestum.

Ekki fæ eg yður, minn eðla vin og trúfasti ættbróðir! útmálað hvílíka gremju og sorg þetta langa og leiða stapp, að vitni samvitsku minnar hefir óforþjent orsakað mjer sífelda mæðu, erfiði og geysi skriftir, bæði til stiftisins og nú út til Cancellíis, og það fyrir eintómt gott, langt erfiði mitt og vandað og offur bestu eigna minna fyrir þetta mitt fjelag og prentverk, því við það hefi eg alls ekkert grætt, en stórlega útarmast, svo eg, síðan komu mína í Viðey, er orðinn fátæklingur, hefi orðið að selja meiri hluta fasteigna minna, bæði til að halda því við og til að borga Viðey, svosem jarðirnar: Stórafjall og Litlu-Brekku = 40 ℔, Brautarholt 60 ℔, Eyri í Kjós og Eilífsdal 40 ℔, Gröf á Akranesi 24 ℔, Hurðarbak, Galtarholt, Svarfhól, sem hver er 16 ℔, ½ Leirárgarða 6 ℔, og í sumar 1827 Reykhóla miklu eign 1 ℔℔, svo ei er þetta uppgerðarsótt, og verð nú árlega að selja hitt, sem eftir er. Því hætti eg búskapi 1825 hjer á ⅔ Viðeyjar og bygði syni mínum, til að ljetta á mjer öldruðum, en hjer feldi hann sinn pening, misti í fyrra Mörthu dóttur sína og þ. 2. Nóv. frú sína, þá góðu Sigríði Stephensen, munstur flestra nú lifandi kvenna hjer, og oss hjartkæra öllum framar. Allur sá missir og þarafleiðandi megnasta sorg leiðir hann nú til hreint að hætta hjer búskap, hvar hann mist hefir alt og safnað skuldum, því svo er Viðeyjar búskapur oss hjer útdragssamur á þessum tímum, að hann ei treystist til við að haldast, en eg neyðist nolens volens til að lafra einn við alla jörðina frá vordögum, og fer hann þá algjörlega í mitt brauð aftur hjer. Grafminning sál. tengdadóttur minnar legg eg því framar hjer inn, sem eg nú er hættur við Klausturpóst, svo enginn kemur út í vor — hverki hefi eg haft tóm til hans framhalds og sinnu, enda hefi

eg nú í 3 ár tapað miklu við hann, því hjer er bókasala engin á neinu orðin — nema p. t. á Jóns-postillu. En það er og þegar á enda, því peningaeklan tekur yfir alt, og við hana rjenar lestrar og bókakaupa lystin, enda er hjer nú af þeim alstaðar ofmatað orðið fólk, og lítið orðið að speculera uppá með hana.

Mikið innilega mundi eg nú skuldbundinn verða fyrir vinsamlega ávísun um, hvaða álit og innstilling stiftið nú hefir gjört um Fjelagsmálin, og hversu Cancellíið í þau tekur, eins hvert Resultatið verður með prentverksins meðferð eftirleiðis og nær eg get losnað við það hjeðan. Eg veit nokkra hafa viljað — og stiftið með til að venda því frá sjer — koma stjórn þess á Bókmentafjelagið, svo að það hefði bæði umstangið með alt og ansvarið og legði út lán til þess gangs og viðhalds, en þá við hjer nálægir fjelagslimir þess fengum kröfu stiftisins um svar, hvert þetta fjelag vildi að sjer taka stjórn þess, varð alt öldunga-ráðið ɔ: við 3 í Landsyfirrjettinum, Sra. Árni og fleiri, því hreint mótfallið, og að Bókmentafjelagið skyldi bendla sig ögn við það, því öll letur þurfa ný, þar öll eru útslitin. Hússbygging kostar ógn og þess viðhald, verkamanna laun við það verða há, ef viðeira eiga og lifa, öll tilföng dýr, en bókasala sáraum, hvað eg af margra ára reynslu get umborið, og engin nema mót vörum, sem tapa $^1/_3$ við Realization. Staðan ófrí og óheyrð undir yfirvalda Controlli, en alls ekkert nema ansvar að vinna, hvará bætist, að áliggjandi skuldir klárast hvergi nærri með bókaleifum hjer, sem eru þó það einasta, sem stiftanin á, og þær realizerast nú ei á Auction fyrir $^1/_6$ verðs. Svo býsna skuldir koma til að liggja á sjálfu prentverkinu, sem ei verður skuldlaust afhent. Samt varð ungmenna Majoritetið — um 1, segi og skrifa einn — meira til að vilja ráðast þarí, NB. ef Khafnar deildin vill sama og þá setja prentverkið að Rauðará (ofnærri Reykjavíkur Svirehull, sem ei er haganlegt þesshátta Officin), ef 1500 rbd. lán fengist til rentufrítt í 10 ár, sem er rjett

fyrir hússbyggingu og ei meira, hvað sem þið og Cancellí nú hjerum afráðið, sem er mjer alt jafnkært. — Um gang og útfall minna mála og annað merkilegt er mjer sjerlega fýsn á fyrstu fregnir að öðlast, og um fjanda minna fyrirtæki, því seint skrifar Guldberg sem í fyrra og veit alls ekkert um siglingar Íslandsfara.

Eg skal samt enda með þeirri ávísun, að eg nú veit fyrir fullvisst, að Thorkelin skal hafa leigt báða þá Fúsa og Hald til þeirra afreksverka og heitið þeim að standa kostnað þeirra og bætur og Douceur, hvað sá fyrri hefir hingað ritað sjer sambundnum Kusa hjer í haust, og fleirum, svo það er hjer í almæli, enda kom mjer það, eins og vitið, ekki óvart. Yðar dygð er mjer því virtari að vilja, meðan varð, afsaka virtavin og velgjörara yðar, án þess fyrir það að vilja nokkurn þátt eiga í níðingslegu undirferli hans, heldur einmitt þræða yðar alþekta mannkærleika, dygðar og ráðvendnis vegu, hlutlaus af öllu þvílíku og öllu íllu. Sá rjettvísi, sem alt sjer og þekkir, mun og á síðan umbuna hverjum ykkar ólíkt, eins og þið ólíkt vinnið til. Forlátið nú alt þetta og bregðið aldrei fornri trúfesti, vinsemd og góðsemd við þann, sem ástkærast kveður yður með bestu frú bestu heilla óskum og æfinlega vill elska og heiðra yðar sjerlegu Talenter og dygð.

Æfinlega yðar skuldbundinn elskandi frændi

M. Stephensen.

XXXII.

Viðeyjarkl. 7. Sept. 1828.

Háeðla velborni!

hæstvirti besti hra. Prófessor!

Þegar eg nú loksins fer að þakka yðar velborinheita á þessu sumri meðtekin 4 hæstvirt brjef af 12. Martii — 1 án datums — og af 13. Maii, samt nú 8da Júlii þ. á. og það af innilegri ást og alúð, öll mjer hjartanlega kærkomin og lýsandi yðar stöðugu trygð, dygð og góðsemd mjer til handa, veit eg nú ei að finna nokkurt orð til

afbötunar drolli mínu, að hafa ei gjört það fyrri, því svo langan tíma hefi eg til þess haft, og síst af öllum mínum nú lifandi vinum og ættingjum vildi eg yður stygt hafa, eða af mjer brotið yðar vináttu, sem besta manns. Eg veit samt ekki að kenna það öðru, en minni Melancholie og sinnuleysi venju framar í sumar, útaf mínum margvíslegu og þungu mæðu-tilfellum fyrir mann í minni stöðu og á mínum aldri, í þann svipinn skipin hafa farið, samtvinnaðri við staklegt annríki nú, venju framar, bæði við löng, vönd og ströng mál, og enn lengri tillögur um ýmisleg politisk efni, sem Cancellíið hefir í juridiskum efnum af oss krafið álit um, og hvaraf eg í dag endaði 1 mitt sjerílagi uppá þjettar 24 arkir pappírs, hvará bætst hefir aukinn stór, mínum aldri óhentugur búskapur og hans tillit á allri Viðey á ný, þar sonur minn vildi endilega, þá ekkill varð, hætta búskapi og fann sig miklu við hann tapað hafa, en kona mín lasnast svo dag frá degi af brjóstþyngslum, að ei er fær orðin um töluverð afskifti hans.

Á alla þessa og aðra mæðu, þarámeðal undirbalance, sem gjörir að eg nú árlega verð 1 og 2 jarðir að selja og hefi senn selt alt á endann nema Viðey (Reykhólar fóru í fyrra), bæta nú fjelagsmálin og Fúsi Eiríksson, af hvers fjandlega áformi með Contrasókn og próftektir hjer, mjer í engu þó skaðvænar, eg frjett hefi og hans freku óskiljanlegu útrjettingar ígegnum Cancellíið, en undir eins deyfð eða Ligegyldighed Guldbergs í að stemma stigu þar fyrir, og fá enda á því máli, beint eftir Landsyfirrjettar og Hof og Staðarrjettar vilja og Erklæring, lögum og rjetti. Heyri eg enn alt þvílíkt — mediate — eignað mínum gamla ónefnda erkifjanda, hvers fyrir löngu ónýta og mörgum skaðsamlega líf forsjóninni þó þóknast enn að treina til margra þolinmæði æfingar, víst minnar, eg skil samt ei til hvers annars. Eg heyri sagt hann hafi framlagt Exemplar af mínu Forsvarsriti, er eg sendi yður. En eg skil ei hvaðan hann hefir það fengið, því þó eg hafi Cancellíi 1 sent, í stað hreinskrif-

aðs Forsvars Manuscripts og yður annað, en engum öðrum hjer eða erlendis, ekkert látið útkoma, ekkert averterað eða falboðið, trúi eg því ei, að Cancellíið hafi sitt Exemplar útleverað privat injurianti Fúsa, á hverju hann nú byrji Contrasókn, og enn síður að þjer, mót skilyrði og trúnaði mínum, hafið yðar honum til þess í hendur selt, sem er svo gagnstætt ráðvendni yðar og vinsemd jafnan við mig, þó eg furðaði mig á nokkrum útleggingum með yðar Verification, sem Fúsi framlagði og áskildi eg Exception mót nokkrum þeirra. Heldur eigna eg það bandamanna Fúsa útrjettingum hjer, sem leitt kynnu að hafa prentarann mót forboði sem drottinssvikara að stela þessu Exemplari, um hvað eg nú, nær sem hinn hreyfir sig, stefni honum og öðrum grunsömum til eiðs og síðan sekta. Feginn yrði eg, gætu og vildu yðar velborinheit reynt til privatim góðmótlega að stilla ofstopamenn í þessu efni til friðar, svo ei fjöldi skyldra, tengdra og vandalausra innviklist í marga mæðusama Prócessa, sem ei lyktast að mjer lifandi.

Eins þakka eg yður af ást og alúð bæði bókasendingu og vinsamlega Proposits yðar um mig til heiðurslims Bókmentafjelagsins, líkt annara á mínu reki, sem ei hafa meira tilunnið (víst ekki Hoppe). En þar eg nú er kominn að raun um þenkingarhátt Pluralitætsins af þeim ungu landsmönnum, er rjeðu þeim neitandi atkvæðum, og að þeir álitu sjer og fjelaginu ósæmd að mjer, sem heiðurslimi, framar hinum, tel eg mjer framvegis engu meiri sæmd að teljast í hinna fjelagi, til hverra eg þó frá upphafi kostað hefi hátt á annað hundrað ríkisbankadala, og ítreka því fyrri bón mína, í mínu nafni að frambera útsögn mína úr þessu fjelagi, til hvers eg ekkert legg framar, því eg hemst ei í þeim fjelagsskap lengur, hvar unglinga Cabaler, að hverjum öllum eg alt meinlaust eitt, en ekkert ílt á, ganga út á að vanvirða og misvirða sína helstu, að eg ei segi forþjentustu landa, sem oft áður, hverja stolið var undan úr Erichsens sál. æfiminningu að nefna, því,

sem honum samtíða og í 7 ár samrýndur, gat eg fært fleiri data til þess en þar — helst um danska menn — nefnast.

Hjartanlega þakka eg yðar velborinheita fróðlegu og upplýsandi frjettir og bið yður, með póstskipinu, nái þessi seðill því, eða öllum ferðum, að láta mig ei gjalda leti eða ólundar minnar í ár, í ekki að þakka þær og viðurkenna yðar góðvild í því, sem öðru í tíma.

Þanninn fel eg mig yðar forna ástríki og trygð í öllu framvegis með óskum að Guð farsæli öll yðar æfiár og umbuni dygð yðar og iðn með verðskuldaðri heill og heiðri, og teikna mig þanninn, með okkar konu minnar ástkærustu kveðju til yðar og bestu frúar

yðar velborinheita einl. elskandi og
skuldbundinn vin og frænda
M. Stephensen.

XXXIII.

Viðeyjarkl. 4. Mart. 1829.

Háeðla velborni hra. Professor!

Hæstvirti góði vin!

Yðar góða en laconiska brjef af 30ta Sept. f. á. og alt annað fornt ágæti þakka eg hjartanlegast. Gladdi mig einlæglega velgengni yðar, sem æfinlega skal mjer kær, en hrygði lasleiki frúar yðar, aftur með haustinu vaxandi, hvará eg óska að Guð vilji gefa góðan bata. Oss hjer í húsi vegnar rjett með sama móti. Í míns efra aldurs ýmsum mæðum leggur forsjónin mjer til bestu heilsu og meiri hughreysti, grundaða á góðri miðvitund, en margir aðrir hafa gjört sjer í lund. Kona mín er altaf lasin síðan 1825 kíghóstinn kvaldi hana, sem enn ei algjörlega við hana og ýmsa gamla fleiri vill skilja, þó er hún alla daga á felli og nú heldur hressari.

Við höfum í vetur haft einungis sumar, aldrei að kalla frost, varla 3°, eða nokkurntíma hesthjarn, aldrei snjó í skóvörp, en þíður, logn, sólskin, og alstaðar góðan afla, þó hefi eg, sem gamall og kulvís, lagt sem vanalega

í kakalofn, ungir þurftu þess ekki. En þessi sífelda blíða í sumar, í fyrra og nú, næstum dæmalaus, óttumst vær boði megn eldsumbrot í vændum, því vissar, eftir álíkum tíðum á undan oft fyrri, sem nú þann 21. Febr. um nóttina kl. 10—11 gengu megnustu jarðskjálftar eystra, helst undan Heklu nágrenni, á Rangárvöllum, hvar við margir bæir hrundu niður og löskuðust. Sýslumaður Magnús Stephensen var þá (sem nú constitúeraður til dóma í Rangárvallasýslu) á embættisferð gestur í Odda, hjá mági sínum prófasti Sra. Helga Thordarsen, hrökk upp úr fasta svefni, þá bærinn eða stofan ætlaði ofan að hrynja, og stökk ber, sem hann lá í rúminu, út um glugga á henni. Allsstaðar hjer syðra fundust þeir jarðskjálftar og, en vægt, og ei síðan nje enn önnur elds umbrota merki.

Ógn gengur á af stórmælum. 3 mál fara nú út til hæstarjettar af því ¡tagi, þaraf það grófa morðmál frá í fyrra sumar, úr Húnavatnssýslu, en á gamalárs kvöld (Nyaars Aften) fanst bóndi í Vestmannaeyjum niðri í fjöru klungri — mjer er svo skrifað — með brotna báða kjálka, handleggi, annað lærið og síðuna, lifði í 7 dægur með mestu kvölum, en gat lýst 2 banamenn sína áður en dó og strax. Ei er Bonnesen enn tekinn til þarí að taka próf eða þinga, sá höfðingi!

Hjartanlega þakka eg fyrir frjettirnar í því nefnda seinasta brjefi yðar, en ef þjer kvartið yfir brjefleysi, fyrr en seint frá mjer í fyrra sumar, verður það að afsakast með því, sem eg drap á í mínu seinfæra brjefi, að fregnin kom mjer sumstaðar að óvænt, að það yður senda Exempl. af Forsvari mínu mót Fúsa, og það sub sanctissima fide silentii og að fyrir engra nema yðar eins augu kæmi, uns eg ljeti það publicera og fullgjörði það, sem alt enn er ógjört, mundi þó vera það, sem Fúsi hefði framlagt í Landsyfirrjettinn þar, því engum nema yður (og 1ta arkið Jacobi Thorarensen, sem sendi mjer það strax aftur) sendi eg það í Khöfn, og 1 mínum Advocat Guldberg, en Cancellii 1, sem (eins og eg með því skrifaði) í bráð hrein-

skrifað manuscript ei ætlað um sinn til publication, hvaruppá það svaraði mjer samsinni, en í Íslandi engu mannsbarni 1 blað þaraf.

Þar hann nú ljet í ljósi Contrastefnu-áform útaf því í Landsyfirrjetti, fjelst mjer helst hugur við þá fregn, ei vegna þess, að neitt í því framfært mót honum væri mjer háskalegt, heldur sannarlega einungis hins, ef mjer nú reyndist enginn vinur í veröldinni áreiðanlegur eða heill framar, sem eg óttast mátti, ef þjer, hvers ráðvendni og góðvild eg mest manna treysti og heiðraði og reiddi mig á og hjelt óbiluga, snjerust í lið með ofsóknarmönnum mínum Kela og Fúsa. Það játa eg fjell mjer svo ofsa þungt, að eg sumarlangt til seinustu skipa ekki hafði sinnu á nokkrum manni að skrifa, og ekki þeim sem mjer þó stórum áreið, og varð öllum úfinn í skapi, sem á harða skeið kominn, hvartil eg oft fengið hefi næg tilefni, til að verða Misantrop, grufla útí rjettvísi Forsjónarinnar m.m. — Og nú kom loksins með póstskipi yðar kæra vinarbrjef, ástúðlegt að vanda, en sem þó alls ekkert drepur á mín eigin málefni, þeirra gang og von eða fata, sem þjer þó gruna máttuð mig mest interessera og vissuð voru mitt í því Fúsi bruggaði mjer ný vandræði með hótaðri gagnsök, en þarámót til stiftamtmanns og biskups umkvartan yfir dómi mínum í brjefi til þeirra af 31. Dec. 1827, um gagnsemi starfa Fornfræðafjelagsins og þeirra verkun á vísindasmekk hjer í landi, án þess þjer minnist á þetta með einu orði við mig eða mjer sje það sent til rjettlætingar eða þjer í vinsemd varið mig við neinu, þá fór ennframar von mín og traust á vinartrúfesti nokkuð að ramba, og skal þó mikið til þess. Eg sá ný merki launsvika einhvers annars, sem framselt hafði þenna útdrátt míns brjefs, er aldrei átti að fara annað en með fjelagssökinni til stiftsyfirvalda, sem illgjarn hatursmaður, Fornfræðafjelaginu, og að 3 embættismenn vóru brúkaðir og ljetu brúka sig til ljelegra instrú-

menta — í þeim tilgangi — rógberans, til að verificera útskriftina, og að sjálfur sá heiðraði elskaði góði Prof. F. Magn., minn einka vinur, stóð undir brjefinu í haust til stiftamtmanns og biskups. En cui usui það óvinsæla brjef, og á laun við mig. Mundi eg þurfa, sem að nafninu stúderaður maður leyfis hjá Stifts-Övrigheden eða nokkur eða hjá nokkrum manni, sem stúderaður og frí maður, að segja frá áliti mínu um verkun hins á almúga Cultur og Moral-dannelse? eða nokkrum þarfyrir reikning að standa, eða Stifts-Övrigheden eða nokkur þarum vera meir competent dómari, eða mitt yfirvald í nokkru eða um literaire meiningar? eg óttast að H[oppe] verði þar exciperaður fyrir literaire dómstóli sem inhabile, hinn ei heldur merkari literaire dómari eða meir competent en eg, í neinu tilliti, síst yfirdómari, til hvers sýsls samt, more Fusiano, hverr einn getur frítt constituerað sig sjálfan. Aldrei var ósk mín eða tilgangur í neinu að ama því fjelagi eða neinna lærdómsgreina dýrkun, en þar í fullu tilefni gefnu, að drepa á, að Landsuppfræðingarfjelagið í þessu auma landi ei gæti aðstoðarlaust staðist undir svo margra volduglegra styrktra fjelaga Concurrence, ei verkað framar til síns eiginlega augnamiðs — Almue- og Folke-Cultur — á meðan hinna fjelaga iðnir, sem gengju út upp á allar aðrar vísinda greinir, og hefðu annað augnamið, sem þó öll væru lofleg og óskandi að mættu framast, en hjer hjá oss ekki möguleg ásamt, eða jafn-nauðsynleg, gjörðu svo mikla diversion frá voru eina takmarki og hindruðu vorar iðnir, með því að draga hvern afgangs skilding hjeðan, og leifa ekkert eftir til hins meira verða landinu, af því litla, sem fárra lestrarlyst getur mist hjer til bókmenta, þó boðlegra væri nú en Rafns tröllasögur og Þorgeirs hjeraðasögu rugl, þess fyrra á 10 skildinga s[ilfurs] per ark, NB. Subscriptionspris, það er 1 ark af þeim við 2 örk í Klausturpósti með þjettasta letri, og, eg vona, meir upplýsandi um margt. Sjálfs Bókmentafjelagsins iðnir eru sumar góðar, yðar Sagnablöð best og Jarðarfræðin vigtugt verk. En Sturl-

ungu útgáfa og Espolins annála rugl, þó þið allatíma skjallið af þeim og hann sje frændi og vinur minn, meta allir grey, sem enginn vill kaupa. Væri það markverða og helsta úr þeim excerperað, en öllu hinu ónýta, marklausa og ættartalna ruglinu úr þeim fleygt, færu $^{9}/_{10}$ partar burt. Dr. Scheving á Bessastöðum gekk þessa rugls vegna úr fjelaginu og fleiri, og fáir meta par heldur kvæði forföður míns Sra. Stepháns.

Nú hefi eg skrifað langt en ei máske of margt, því eg ímynda mjer stöðugt að eg skrifi vini en ei óvini og óska innilega að svo sje. Fornfræðafjelaginu hefi eg óbeðið gefið Erklæring og vísa þar til hennar. Enda svo með okkar konu minnar og sonar ástkærustu kveðjum til ykkar bestu hjóna, bóninni um að sannfærast betur um rjettan statum þessara mála og allra minna málefna ásamt öðru mig einkum interesserandi í línu með 1ta skipi og sem oftast. Óska að Keli enn megi hjara til að auka við sín mörgu afreksverk!!! þó hann gjöri yður Succession oflanga að eftirbíða. Fel svo í einu og öllu til fornrar ógallaðrar vináttu yðar æfinlega sanna vin

M. Stephensen.

XXXIV.

Viðeyjarkl. 17. Aug. 1829.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor og Geheime-Archivarius!

Undir eins og eg ástskyldugast þakka yðar vináttu, góðsemd og velunnun að undanförnu, ber mjer að tjá yðar velborinheitum mitt sama skuldbundna þakklæti fyrir alt það vinsamlega í yðar brjefi af 24. Apr. þ. á. en þarhjá syrgja, að eg þarí ljóslega merki anda óvinsamlegan í meira lagi, hverjum eg áður var svo óvanur í brjefum frá yðar kæru hendi og hvern eg leynt og ljóst á bak og brjóst aldrei mun finna samvitsku mína brígsla mjer um að hafa í neinu verðskuldað, því hafi nokkur í orði við alla, brjefum og við öll tækifæri einlæglega stundað að láta þá innvortis virðingu í ljósi við

yður og yðar eigin rit og lærdóms óþreytanlegu iðnir, sem eg fann þessu öllu bera, og aldrei annað, sem eg kref sjerhvern minn fjanda að sanna contrarium af, og þá ást, ættrækni í orði og heiðrun, sem yður bar, þá er það vissulega eg. En forsjónin mun hafa fundið mjer þessa reynslu henta, ámeðal svo margra annara, að reyna yðar velvild útslokna og sjá yðar nafn undir brjefi Oldrita fjelagsins meðal áklagenda fyrir ósaknæmar og í engu minsta óvildarskyni framsettar literaire meiningar lærðs manns, og það mjer á laun fyrir mönnum, sem hverki embætti nje annað heimiluðu að agera þeirra yfirdómendur, og hverra huldu ansvör vóru jafn-incompetent og ómerk, og mundu aldrei agnoscerast af mjer, því hvaðan kom n..... u H. sú vitska? Máske arveleg í gamla tukthúsinu? Að bera slíkt undir menn, hverra Upartiskhed í mínum málefnum var svo efasöm og á hverra sinnisfar, að nokkru leyti Cabalens Indflydelse og óheilindi gömul, óforþjent, öllum er ljóst, að þaraf leitt Interesse mætti hafa ekki óhlutdræga verkun, var að sönnu haganlegt Expedient, en undarlegt og ómerkt í mesta máta. Minn tilgang hreinskilinn, — því fláræði er mjer af öllu, sem foraktanlegasti löstur og íllu þeli lýsandi, hið haturlegasta, hefi eg framsett í brjefum og svörum til beggja fjelaganna, og þau vonaði eg, með þeirra sönnu ástæðum, að betur hefði verið yfirveguð og virt, en hvað virðist eða heyrist hvar einn V. Eir. & Consorter, mjer dável kunnir, og þó menn við hverja eg aldrei hefi orð talað eða í nokkru móðgað, en þeir óforskuldað mig saklausan, færa með stöiende lidenskabelig Skraalen og Heftighed orðið? menn sem lögsóktir fyrir injurier reyna að skeyta þar skapi sínu, en hvað koma injuriæ Prócessar literariis fjelaga við? Verða þessi dæmd nema af ópartiskum grundlærðum mönnum með köldu blóði? Á fundi öfundsjúkra og stórgerðra eða interesseraðra íslenskra stúdenta — af þeim caracter sem Fúsa freka Slæng lætur í ljósi, — er eins lítið að vænta Grundighed, Upartiskhed og Humanitet í því litla þar, eins og fyrr-

meir í því stóra, á Parísar revolutionaire National-fundum. Eg vænti þess síður, og verðskuldaði ei heldur, að sá eðallundaði Professor Rask mundi þar svo góðmannlega og vinsamlega vilja niðurkefja frekju og eyða hrekkjasamböndum, en eg bæði þekki og hefi sannfrjett af hans loflegu tilraunum og eðla þeli.

Enn síður vænti eg að maður hjer, að hverjum eg og mínir sáluðu foreldrar áttu svo mikið gott, mundi láta sjer fara svo níðingslega, að útdraga af minni officiel Betænkning, honum ogsvo óhreinlega og öldungis heimildarlaust sendri til Betænkning, hvað rangfæra mætti, eins og skeði, mjer til meins, stela því og privat communicera það mjer alþektum óvildarmanni, til þess að offra því Fornfræðafjelaginu í íllum tilgangi. Hverr skyldi nú trúa, að conspiratiónir orsakalaust og óverðskuldað fengju sjer dreift svo vítt út meðal öfundsjúkra landsmanna, einhverjum, máske, þess helsta saklausum landa til meins?

Hvað nú mitt afbrot við yður, gamli góði vin! áhrærir, þá merki eg, að sú tilgáta ýmsra, mjer skrifuð, að Fúsi fengið hafi sem fljótast lánað það yður senda Ex. af mínu Forsvari, og hvarum eg gaf yður vísbending, af því öllum var óskiljanlegt hvaðan það verið gat, og enginn trúði að Cancellíið hefði það útlánað privatinjurianti, ópúblicerað, hálfprentað rit, sem óvist er nær og hvert nokkurntíma publicerast, hafi gramist yður að vonum, en svo mikla tiltrú hafði eg til dygðar yðar og trúfestis og vináttu við mig, að eg aldrei trúði því, nje gat gefið þeim þanka rúm, og nú veit eg þarí það sanna, mjer til gleði, því hitt hefði yfirbugað mína, þó ekki svo sárlitlu, þolinmæði. En þá reynslu hafði forsjónin geymt mjer, að sjá yðar löngu trúu vináttu snúast í óvild til mín. Mín til yðar og innileg virðing og ást fyrir svo margt ástúðlegt, vinsamlegt og gott, um mörg ár, skal samt standa óbreytt meðan eg anda, og enginn lygimunnur annað gjört geta sennilegt leynt nje ljóst. Því samfagna eg yður nú af hjarta bæði með Geheime-archivarii embættið og riddarakrossinn, þó eg, sem auðvitað, óforþjentur til alls þvílíks heiðurs, eftir langt, ónýtt líf og erfiði,

fari alls á mis, og ekki megið þjer svo útleggja ósk mína í brjefinu af 4. Mart. að eg óskaði Thorkelin lengra lífs, svo að þjer seinna succederuðuð, heldur sem pium votum: að Guð vildi treina líf þessa míns erkifjanda um hríð, til þess að láta hans viðburði ennþá reyna og mæða mig framar, þar forsjónin fyndi það þjena mjer eða öðrum til góðs, þó svo við þá reynslu Successionin nokkuð drægist fyrir yður. En hugsa máttuð þjer þó með fullvissu, að mjer aldrei mundi þykja hann deyja eða þjer succedera ofsnemma, þegar forsjónin fyndi tíma til.

Eg slútta nú, því tíminn með H[oppe?] leyfir nú ei meir, en skrifa miklu meira með næsta skipi, með því fulltrausti að þjer, eftir þessa mína játningu skenkið yðar forna trúfasta vinaranda yðar sanna jafntrúfasta og yður innilega heiðrandi og unnandi fornvini, og sem maður að dygð og dugnaði alreyndur, aldrei takið þátt í neinum meingjörðum við mig, það stutta, sem eftir er, heldur alstaðar reynið, sem yður var tamt, að verka mjer til góðs og til rjettvísra og mjer heiðurlegra afdrifa fjelagsmálanna, hvartil yðar vinarorð og góðar tillögur við Stemann, til hvers eg veit yður oft aðgang opinn, og við aðra (og því heldur, sem mjer borist hefir, að hann um þau muni consulera yður), mega útrjetta mest allra og alt. Lifið með bestu frú ætíð heiðraðir, elskaðir, sísælir og unnið fornvini sönnum

M. Stephensen.

P. S. Ástar þakkir fyrir yðar mjer sendu fögru rit.

XXXV.

Viðeyjarkl. 6. Martii 1830.

Háeðla velborni!

hæstvirti herra Geheime-Archivarius!

Yðar velborinheita mjer, sem öll frá yðar hendi, kærkomna brjef af 30. Sept. f. á. meðtók eg við póstskipsins komu þann 24. Nóv. hingað, og votta yður hjermeð mitt skuldbundna þakklæti fyrir það og aðra yðar fornu og nýju góðsemd og vináttu.

Mig gladdi einlæglega bæði heill yðar og heiður og öll

vellíðan yðar húss, því eg viðurkenni þessi heims gæði fallið hafa í góðs og verðugs manns hlut, þar sem þjer eruð, þó allir, sem máske þó ekki vera kynnu öllum óverðugri til einhvers þessa, ekki hafi líku láni að fagna, enda minnast þeirra fáir í dýrðinni ytra, sem niðurgrafnir eru hjer í utanheims myrkrinu, en þiggja gagnstæð laun, sem af Fúsa, fyrir útslitinn aldur við störf eftir mætti, til föðurlandsins og vísindanna frama, og offur mestra eigna sinna til þess. Margur vesælhugaður, illgjarn eða öfundsjúkur hefir öfundað mig og ofsókt meiri hluta æfinnar, fyrir ímyndaðan arf og arð og ágóða við útgáfur rita minna og búheill — og víst hafa mjer, sem hverju systkina minna, fallið circa 5000 rda. virði í allskonar arfi í hlut eftir foreldra mína, en enginn skildingur eftir aðra, og þæktu það engar öfgar erlendis; líka hefir Viðey verið talin mjer óviðjafnanlega arðsöm, en það sanna er þó, ennþótt hverki eg sjálfur hafi að brígsla mjer nje aðrir um drykkjusvall, yfirlæti stjett minni ósamboðið eða neitt sællífi, því fáir í minni mundu eira við mín kjör, að eg síðan eg í Viðey komst, hefi til að halda hjer hús og bú mitt neyðarlaust, gjöra mjer og fólki mínu í því fyrra líft, og innleysa þessa mig eyðileggjandi eign, nú í 17 ár orðið að selja yfir 20 jarðir, margar þarí stórar og höfuðból, svo sem Reykhóla, Brautarholt, Krossnes, Hof á Höfðaströnd og hitt flest bestu 20 c. jarðir, til að haldast við og halda prentverkinu við og í gangi, og gjöra jafnlengi, og þó lengur, útlag árlega til þess af launum mínum í silfri, en fá NV. eða vörudals reikninga í staðinn og ærukrenkjandi skammir úr Fúsa óverðskuldað, verða fyrir þær settur til síðu, öllum líkindum framar, fyrir mörgum mjer ei stórum forþjentari, sjá landa mína ómannlega draga hans taum, án þektra yfirburða hans, en þá alduriinn hallar vagninum, hjálpast að til að kollvarpa honum, en draga skýlu fyrir unnin störf og áhyggjusama viðleitni að frama föðurjarðar heill, sem mjer vill reynast labor improbus. Nú er þá lítið orðið að öfunda af

eftir, nema þessi jörð og fátt annað, en ekki þeir mörgu peningar, sem Fúsi einn nefnir við mig loða, en sem aldrei hafa við mig ungan eða gamlan loðað, ellegar eg sjálfur neins virt, og því fáa nokkurntíma haft, en ekki síst síðan áleið nógar skuldir og nú þungbær mæða og mörg skapraun í elli minni. Hana hefi eg í vetur lengi mátt reyna, við vitnaleiðslur í Fúsa-máli, orðið sjálfur í elli minni að mæðast þarvið, þar hjer var ei í nánd völ á velhæfum þartil, hverr endir sem nú verður þess máls, fara nú líklega þaraðlútandi skjöl öll með póstskipi. En við framleggingu míns Forsvarsrits til sætta vissi eg best sjálfur, að þetta gat vart verið viðkomendum heimilt, enda fjekk eg þá njósnað svikasambönd hrakmenna, að hverjum eg þó átti talsvert gott og velgjörðir, einhverjum fremur öllum mönnum öðrum, til að ræna mig því, þó á laun, og selja í hendur fjandmönnum mínum, þará meðal mjer vandabundinna, en þá uppkomst, og eg vildi þarum vitni leiða, að hrinda í bráð vitnatekt þarum, til þess að skjóta bandamönnum um sinn undan skömminni, nefnilega þeirri infamia juris verkið á skilið, þó söm infamia facti fylgi þeim upphjeðan.

Eg sleppi nú frekari ummælum um þetta, en vík til hins, að fregnin um gang og horf fjelags- og Fúsamálanna og beggja mjer verðskulduð heiðurleg afdrif mundu í vor með fyrsta skipi verða mjer kær, en gagnstæð viðkvæm ella, þó í öllu tilfelli þörf á að vita hið sanna. Eg hefi áður drepið á von mína þá til rjettinda yðar og góðvildar, að stuðla jafnan til hins besta, og vænti því sama mjer til handa í þeim efnum.

Ótal aðrir rita yður almennar frjettir um sumarvetur hjer og árgæsku til lands og sjóar; heilbrigði flestra, nema mágs yðar á Meðalfelli, sem sáladist hjerum fyrir 6 vikum, og Ásgrímur Vigfússon gamli með. Snildarlega afhöfðun sem af æfðasta skarprettara 2ja morðingjanna nyrðra; ferð 4ra Kambsræningjanna nú út, og þá man eg ei meira, því Jöklarnir allir standa í

stað. Hjer í húsi eru eg og allir aðrir en kona mín við bestu heilsu, hún alt af eins við sama lasleika. Schagfiord er nú hreint orðinn aflags, milli 70ugs og 8ræðs, sjóndapur, hrumur og frá prentstörfum ófær, svo hjer væri nú þörf á Helga prentsveini inn aftur sem bráðast, þeim einasta líklega nú og ungum til að standa fyrir prentverki og vinna því duglega, sem hann getur vel, enda er Schagfiord þegar um miðsumar í fyrra uppsögð vera, vinna og brauð við prentverk þetta frá 1ta Junii 1830, en heitinni 100 rbdl. Pension heldur hann, enda er hann vel fær með það, sjálfur vel efnaður og á 2 jarðir, er mælt hann vilji taka sjer veru og sneið af annari uppí Borgarfirði þá vorar. Mun ekki kleift að útvega af opinberum sjóði Helga viðværileg laun, svosem 200 rbd. S[ilfurs] árlega strax, hver ráðstöfun sem seinna meir gjörist um prentverkið? Sjáið þjer engan veg til þess eða viljið þartil styrkja hann með ráðum og dáð, er ei til annara að taka.

Fyrirgefið nú, elskulegi fornvin og frændi! alla mælgina! lifið jafnan svo sælir og heiðraðir, sem dygð yðar og dugnaður verðskuldar, þó hverugt alstaðar njóti þess hjer jafnan, og unnið æfinlega

Yðar skuldbundnum einlægum vini og frænda
M. Stephensen.

P. S. Eg hafði nærri gleymt kærustu kveðjum okkar konu minnar og yngri hjónanna, barna okkar hjer, til yðar og bestu frúar og náunga, hr. Chr. Frydenbergs og hra. Justitsráðsins — in specie.

XXXVI.

Viðeyjarkl. 27. Maii 1830.

Háeðla velborni!

hæstvirti besti hra. Professor og Geheime-Archivar.!

Innilegast og skuldbundnast þakka eg yðar velborinheitum 2 elskuleg nýmeðtekin brjef af 13. og 30. Apr. og alla í þeim í ljósi látna vinsemd og umhyggju fyrir

því, sem mjer má til góðs og gagns koma. Mig angraði mjög af því að sjá þungan og langvinnan veikleika yðar bestu frúar, hvers verkun á ektamann og heimili eg vel veit að vorkenna, sjálfur langmæddur orðinn, auk annars, við álíkan minnar bestu konu nú í 5 ár, frá því á árinu 1825, og sem alt af er við sama og þó heldur þyngjandi, svo margt vill ama að í einu og mörg hryggja hugann pín. Samt er mín heilsa og fjör enn óyfirbugað að öllu leyti.

Guldberg hefir nýlega skrifað mjer, að í fyrstu hafi hann, uns vitnaleiðsluna sá, verið eftir lausa rykti um það skrifaða á báðum áttum með að sýsla ei lengur við málsfærsluna, þar honum leiddist þess langi dráttur, og hann svo mikið annað hefði að sýsla, en eftir það hann las hana, afráðið að halda málinu fram til dóms, þar hann og vænti nú, að það bráðum verða mundi til lykta leitt, og mín fjarlægð bannaði mjer umsvif með útvegur annars. Eg rita honum nú og bið hann mikilega halda því fram sem ákafast til dóms, sem eg eftir fyrrsögðu reiði mig á að hann gjöri, en þakka yður hjartanlega fyrir vinsamlega bendingu hjerum. Eg þekki lítið þann mann, eða hans Caracter, en heyri margvísl., líklega ómerkt um hann dæmt. Hitt veit eg, að hæstarjettar Advocater eru stundum negligeante við undirrjetta mál, sumir magelige, þó eg ætti að supponera alla þá reiðilega. Samt hefir mjer privatim fundist nokkuð af drætti málsins nú í $3^1/_2$ ár eignandi linleika hans, þó eg þori ei að hafa það hátt. Óvist því hvert eg fyrir hæstarjetti fyndi hann mjer þar öðrum hentugri. Að frásegja sjer máli, uppáteknu, fyrir þess lok, og það beneficeruðu máli, segir For. 3. Junii 1796 § 8 óleyfilegt. Ekkert samhljóða eða gilt vitni, eftir 7 à 8 ár, finst í vitnaleiðslunni um að eg nokkurntíma, ei engang í lausu tali, hafi eignað mjer Flora Danica, þó eg fyrir svo langa tíð hefði inter pocula við einhvern í húsi mínu sagt, að kóngur hefði gefið mjer hana, handa NB. Fjelaginu, sem þess Directori og uppá mína Ansögning, því þau 2 nefndu vitni sögð-

ust ekkert muna, hversu orð hefðu fallið um hana, þó hefðu engin fallið um hennar eign, en þeir hefðu haldið mig eiga hana, þar hún hefði staðið í mínu Bibliotheki.

Hvað prentverkið áhrærir, fer það nú fyrst algjörlega að hvílast, því Schagfjord fer úr þess brauði að öllu leyti og hjeðan um fáa daga, er og hreint ónýtur uppgjafamaður orðinn, krafta- og sjónlítill að vonum, þar hann nú er 73ja ára, og dauður að líkindum, þá minst varir. Samt stendur verkið hjer eftir óviðhrært og óflutt til Cancellíis ráðstöfunar. Helgi Helgason prentarasveinn, með allrabesta læribrjefi frá Schagfjord, hefir við það þjónað um 6 ár, og nú á annað hjá prentara Möller í Kaupmannahöfn, og þar æfst enn meir við að prenta og setja og fullfær í hverju tveggja, er hinn ráðvandasti og flinkasti ungur maður milli 20 og 30 ára, fóstursonur minn frá 1ta aldursári, og því vildi eg óska að yðar velborinheit vilduð styðja að við alla viðkomendur, að hann nú tæki strax í haust eða að vori við eftir Schagfjord, með launum, sem hann gæti tórt við, minst 200 rbd. r[eiðu] S[ilfurs], því fyrir minna fæst enginn að gagni, nje getur lifað hjer. Ljeti eg þá eftir að verkið yrði hjer 2 à 3 ár, undir sömu umsjón minni sem fyrri, ef Helgi stæði fyrir, en ómögulega með Schagfjord og hans ærulausa hyski, syni, sem rekinn var út úr skóla fyrir þjófnað og lygar, en hann sjálfur örvasa fyllisvín. Ámeðan önnur ráðstöfun og bygging fyrir það eftirleiðis annarsstaðar setst í stand, ljeti eg þetta eftir Helga vegna um lítinn tíma, því prentverkið má aldrei algjörlega hætta. Sra. Árni stiftprófastur og B. Thorarensen voteruðu báðir uppá að það stæði hjer óviðhrært um mína tíð. Gjörið svo vel að styðja þarað Helga til hjálpar. Samt vil eg ámeðan engan meðdirecteur.

Hjartanlega þakka eg yðar velborinheitum allar frjettirnar og alt gott ætíð. En fyrirgefið, að eg nú verð að brjóta hjer af, en lofa mikilli, langri viðbót með fyrsta skipi. Mína þakkláta kæra kveðju bið eg flutta yðar

bestu frú, og kona mín biður sama til ykkar beggja, en umfram alt felur sig yðar ástríki

Yðar velborinheita skuldbundinn einl.

elskandi frændi

M. Stephensen.

XXXVII.

Viðeyjarkl. 5. Mart. 1831.

Háeðla velborni!

hæstvirti hra. Professor!

Ekki man eg nú glögt, hvört eg fyrir burtför Íslandsfara í fyrra sumar hafði meðtekið yðar velborinheita mikilsvirta brjef af 24. Júnii f. á. og þá sýnst við að þakka það, ellegar það enn er ógjört. Sje þetta síðara tilfellið, skeður það hjermeð hjartanlegast, og fyrir elskulegt brjefið af 2. Oct. s. á., sem auðvitað er, að áður er óþakkað. Fyrir kærkomið ágrip í því síðara í 10 póstum af merkilegustu frjettum, ásamt alla yðar velborinheita góðvild mjer til handa og stöðuga trygð, þakka eg yður af einlægu hjarta og allri alúð.

Mikið gladdi mig heilsubót yðar elskulegu frúar í Torbek, sem eg óska og vona, að við annars miður holla dvöl veikum í höfuðstaðnum, ekki spilst hafi, og skal sjerhverr yðar heill og heiður æfinlega gleðja mig, þó eg af báðum lengi hafi varhluta farið. Okkur hjer í húsi vegnar við það gamla, nema hvað sami lasleiki konu minnar lætur hennar krafta fara síhrörnandi, svo ei er annað sýnilegra, en að eg missi hennar á komanda vori, nema eg falli hastarlega áður sjálfur, alt af við sterkustu heilsu og krafta, sem á 40tugs aldri eða betri. Mundi þá sá mikli missir gjöra stórumbreytingu á högum mínum og eirð og þolgæði, sem hingað til hefir af setningi og litlum smekki af philosophie haldið sjer betur en líkindi eru til hjá viðkvæmum manni og örlyndum. Sonur minn með konu og börnum, hverrá hið yngsta deyði hjer í árslokin 20 vikna, eru hjer í mínu brauði og húsi, en

von um að missirinn bætist. Vetur hjer syðra hinn besti, fiskifæð nú lengi, og vulcansk eruption, lík þeirri í fyrra, hjer á ný byrjuð fyrir mánuði síðan á sama stað í suðvestri frá Fuglaskerjum, en menn segja langt útí hafi sem í fyrra. Vetur hjer syðra hinn allrabesti að kalla snjóa- og frosta- laus, góður alstaðar, enn þótt höstugri til sveita og nyrðra, og nú hafþök komin alstaðar nyrðra af hafís.

Um fráfall fyrrum landfógeta Thorgrimsens skrifa nógir aðrir, og fárra annara merkilegra.

Eg undrast en dáist að yðar óþreytanlegu iðn við merkileg lærdómsstörf, svo sem stórrar útgáfu Snorra Eddu, og viðauka Espolíns annála. Tel eg víst, að sá viðauki verður greinilegri en hinn, sem jafnaðarlegast heldur ádrepu um lítt merkileg jarðakaup og ómerkilega hjeraðsdóma, án þess að geta þeirra innihalds, hjátrú og reimleika, og algenga meteoriska viðburði, hjáliðna fyrir löngu, og því minna interesserandi, en fáum lengur merkilega. Gaman verður að sjá Grágás á ný fleyga.

Það er hverttveggja, að forgefins er að kvíða óvissum dómi í okkar Fúsa málum, enda er það nú víst loksins útkljáð, og bíð eg rór hans aðkomu, hverninn sem reynist. Hitt finst mjer þyngra, að bíða lengi óvissunnar um Fjelagsmálin og frjetta ei neitt um þau. Hefir sá dráttur vakið Speculation nábúa míns austanvert, og prests míns, að bjóða fram þeirra forstöðu prentverksins á opinberan kostnað með 1000 rbda r. S. tillagi af kóngskassa, og 10 skilmálum markverðum öðrum, en svo heyri eg mælt, að hverki stiftamtmanni nje biskupi nje neinum öðrum málsmetandi hjer geðjist það tilboð, þó það mál komi Stifts-Övrigheden alls ekkert við, og þeir því alls ekkert innláti sig í það mál (ofmikið áður 1827 til ílls et ultra mandatum) en vísi til Cancellíis. Eg er nú handviss um, að yður er og af viðkomendum sent alt þetta eða um innihaldið og efnið skrifað, og yðar liðsinni til þess umbeðið, en eg tel þarhjá víst, að þjer skiftið yður ekkert af því, nje blandið yður þarí, sem

ískyggilegt efni frá mörgum síðum, og það vil eg tilleggja. Mögulegt er að B. Thorarensen leitist þarvið hentugleika til að velta sjer inn á mig sem oftar, fengi hann þau umráð til þess með hörku og rangsleitni að hrinda á mig bæði ósanngjörnu ansvari, í stað þess, sem reikningana fært hefir frá 1807, og hvers ansvari þó er frá fallið og öllu af þeim leiðandi með Fjelags Decision í hátíðlegri samkomu 1826, og sú Decision er óraskanleg eftir kóngsorðum í Rescr. 14. Junii 1799 § 1, sem leggur alla stjórn og úrskurð þeirra mála undir Landsuppfræðingarfjelagsins bestandige Enebestyrelse, sje á nokkra kónglega Bestemmelse sig að reiða. Ei heldur verður prentverkið hjer neinum í hendur fengið, án undangenginnar klárunar því áliggjandi stórskuldakrafa, án voldsom Uretfærdighed, ámóti hverju eg og í Cancellíi fyrir löngu hefi protesterað.

Annars munu stiftsyfirvöldin hjer halda þá nú sjálfboðnu Bestyrere ei allskostar hentuga. Oddsen, heilsulinur og ógurlega latur, kemst naumlega af með sín prestsverk, jafnan í rabb- og veitslu-samkvæmum, hefir ei tíma til neins og gjörir ekkert, og er því nú á flugstig kominn með að taka sjer Capellán, vill forþjena launabætir allsstaðar, hvar von er á þeim, því halda skólapilta vegna dýrrar meðgjafar, en nennir þó ekki eða kemst ei til að segja neinum til orð, og heldur svo til þess dimissum í fyrra vor, úr Bessastaðaskóla, hvað mundi hann gjöra við hina stjórnina? nema alls ekkert annað en undirskrifa alt, sem B. Thorarensen vildi, og kvittera svo fyrir Directions laun? því alt er í krabbagangi og súpu í hans heimilis umsýslun og undirbalance.

Hjá hinum gengur álíkt til á heimili, alt í stjórn- og ráðleysu, hann í sífeldu útflangri og dr[ykkju]veitslu-samkvæmum, þarhjá maður stór að lund og þótta, ráðríkur, og nú tvöfaldur, að honum og öðrum finst, í roðinu síðan Jústítsráðs nafnbót kom til, á bágt með að koma sjer saman við neinn, vill með frekri infallibiliteti einn öllu ráða alstaðar og í alt blanda sjer, og mundi

lítt þolandi þykja. Þetta tjái eg yður nú einlægt og privat sem vini.

Eg er nú þarámót í öðrum vanda staddur prentverkinu viðvíkjandi, sem harðast fær borið sig, síðan arðurinn af Vídalíns Postillu forlagi í 100 ár mistist því, svo að hún svolengi þarf ei nýtt. Hefir því ei aðrar bækur eftir að standast við útgengilegar en lærdómsbók, sem ei gjörir stórt, sem lítil og niðursett í geysilágt verð, en fólk hjer enn fátt, og sálmabók 25 örk á 1 rbd. S., sem orðið er fult af, svo hún kaupist dræmt, Stúrms hugvekjur og 1 bænakver lítið. Ekkert af þeim andlegu eða veröslegu er gjörandi að uppleggja án stórtjóns, því það gengur ei út, sem reynslan kennir. En nú er lærdómsbók senn þrotin hjer, og sálmabók, og má strax uppleggjast. Verð eg því ámeðan Cancellíið ekkert afráðið hefir um prentverkið að ala önn fyrir beggja nýrri útgáfu, annars standa geistlegheitin á öndinni og höfuðprestanna hljóð taka yfir, og forlagsrjettur beggja tapast prentverkinu, en skuldinni verður slengt á mig, sem til úrskurðar Cancellíis um prentverks málin hefi sem Directeur lofað að standa fyrir þeim. — Schagfjord 74 ára er nú burt frá prentverkinu, sjóndapur, heilsulaus, ónýtur hreint orðinn og sífullur, og kominn á pension, honum af Fjelaginu heitna með Contracti af 10. Maii 1819, en enginn kunsterfarinn og fáanlegur er hjer til í landi, sem getur sem Factor eftir Placat af 3. Jan. 1783 staðið fyrir því og drifið það. En í Kaupmannahöfn er einungis prentarasveinn Helgi Helgason, 25 ára, skikkanlegasti og flinkasti maður, sem bæði hefir lært að setja og prenta, hjer og í Kaupmannahöfn, sem hans sveinsbrjef frá Schagfiord 1827 sýnir, sem eg segi honum nú að biðja yður verificera Copíu af, og svo framleggja fyrir Cancellíi með minni sem Directeurs honum sendri skriflegri köllun, að koma strax inn til forstöðu og driftar prentverksins til þessara 2ja bóka strax formandi útgáfna, sem Factor þess og bókþrykkjari, uppá sömu kjör sem Schagfjords, og sækja um samþykki Cancellíis til þessa og bók-

þrykkjara privilegium frítt, þar Landsuppfræðingarfjelagið er 1827 upphafið. Til þessa hefi eg nú ráðið honum, svo að hann fái þetta út strax og komist inn með fyrstu skipum, að biðja yðar velborinheit leggja hið besta til með honum við Stemann og Lassen, hvað sem um Fjelagsmálin seinna verður, og um frí far til Íslands, sem mörgum sljettum handverksmanni hingað veitist af Rentukammeri, eða lítilfjörlegt lán til útreiðslu, til hvers eg veit yður hafa mörgum hjálpað, og ætti þessum sem kúnstner við opinbera stiftun þá ei síður að hjálpa, því mjer er vegna þessara bóka ant um strax að fá hann upp hingað til þeirra útgáfna, hvað sem svo seinna verður um prentverkið, og ant um að koma honum sem ungum, skikkanlegasta og flinkum sveini í fast brauð þarvið, sem fóstra mínum frá hans 4ða aldurs ári, ráðvöndum og mjer þakklátum og þægilegum í öllu, en Skagfjord, ónýtan, dauðvona þá og þegar, og sífullan og á pensión kominn og burt hjeðan fyrir einu ári síðan, tek eg aldrei framar, nje ætla Helga undir honum að standa. Hann og öll hans efni og fyritæki fel eg því innilegast yðar manngæsku og heilræðum, hverra hann aldrei mun sig óverðugan sýna. Loksins sjálfan mig yðar framhaldandi trúföstu vináttu, með viðbættum ástarkveðjum okkar konu minnar ætíð yðar velborinheita einlægur, heiðrandi og skuldbundinn bróðir

M. Stephensen.

XXXVIII.

Viðeyjarkl. 26. Augusti 1831.

Háeðla velborni!

hæstvirti hra. Prófessor og Geheime Archivar!

Magnlega skammast eg mín í ár að hafa orðið svo seinn til að þakka og svara yðar velborinheita elskulega vinarbrjefi af 26. Mart. næstliðna, og játa þarmeð að hafa af mjer brotið bæði yðar vinar góðvild og vinsamlegu Correspondence, hvað eg þó síst af öllu vildi að yrði straff minnar forsómunar, enn þótt verðskuldað. Aldrei

hefi eg á þessu sumri fengið tóm til brjefaskrifta í neina átt, og stólað uppá seina burtför skipa, en þá þau fyrstu fóru, var eg á flakki um Borgarfjörð þrisvar, til að stappa í Leirár-sterfbús-málum þar, mjög svo innvikluðum. Einasta fjekk eg tóm að rífa af fáein publiqve, og alls 3 prívatbrjef, nefnilega til Asm. Larsens og Eggerts um húsnauðsynjar mínar, og lítinn seðil til Próf. Rasks, hverjum eg sendi í bráð, privatissime, Extract úr brjefi mínu til Cancellíis, den literaire Feide med Baldvin etc. angl., þar eg hugði hann einkum interessera þvílíkt, en bað hann sýna ykkur Próf. Rafn þetta til gamans. Í von um svo gjört, get eg því nú slept því efni með því að vísa til þessa, og bæta við: að vart nokkuð hefir fengið meira á mig, en svo ómannlegt vanþakklæti við þá af Íslandi og þess vísindum forþjentustu menn, sem ykkur triumviros og Abrahamsen með, og að hjer ætíð skulu um Lapparie og einkisverð efni, um fáeinar mishepnaðar orðaútleggingar, stiftast nedrugar Cabaler, hræmuglegt Alþing, af ungum íslenskum stúdentum, sem sjálfir enn eru hálf- eða líttlærðir, menn af miklum Meriter áreitast og nedværdiges, fjöldi Prófessóra, er lítið sem ekkert í vorri tungu skilja, veiðast til að halda hinna taum, og þessir unglingar jafnan verða til að halda við smánandi flokkadráttum, gegn útmerktum lærdóms og lands vors vinum, og að þetta skuli verða þeirra umbun. Víst hafa allir þeir helstu og bestu lærdóms- og embættismenn hjer um slóðir eins ílla litið á þessi mál sem eg, og gramist þessari breytni unglinga, þó gefast einhverjir hjer í nánd, sem í laumi halda Cabalistanna taum, fagna þeirra áræði og taka málstað þeirra, máske af því álit ykkar triumvirorum er orðið framar celebre en þeirra, og þarf því að stökkva gruggi á. Máske eldi það eftir af fornum Republicanisme, að unglingar, nýskroppnir úr skóla og sem taliter qualiter kóklast hafa gegnum 1ta eða 2að Examen og ætla að fara að læra nokkuð til gagns, halda sig sem borna eða kallaða fyri tímann til Íslands vísinda- eða stjórnar-mála taumahalds, án kóngs köllunar,

rjett af sjálfs dáðum. Að Íslands vísindum, heiðri eða heill þó lítið þarvið framfari finna allir vel og ærlega sinnaðir. Og nú situr hjassinn og kálfsheilinn Þorgeir í forsæti Bókmentafjelagsins, undir leiðsögu Fúsa Eiríkssonar og unglingsins Baldvins, og gleðst eg yfir ekki lengur að hafa þá vanvirðu, sem hverr ærlegur Íslendingur má finna, að teljast fjelagi svo lagaðs og stýrðs fjelags, en hafa í tíma sagt mig úr því, áður en ykkar Rasks heiðurlega 15 ára stjórn varð við þvílíkt val svo skammarlega óvirt. Annars get eg til að fá fjelög, hvar Íslendingar einir, og það ungir drengir, hafa helstu ráðin, standist lengi nje útrjetti stórt, meðfædds flokkadráttar og öfundar-anda vegna, og að fáir muni hjá þeim uppskera tilunnin verðlaun eða virðingu lengi. Eg hefi yngri og eldri reynslu fyrir mjer, og þegar 1827 heyrði eg þá nýinnkomna hingað, sem víst í yðar eyru hafa oft fagurt mælt, tala í Baldvins og Fúsa anda og máli, og alt viljað rýra og finna til hnjóðs, sem þó loflegast var, og þarvið lært þá að þekkja eftir Sra. Hallgríms lýsingu: „Oft má af máli þekkja manninn hverr helst hann er“. En alt fyrir það munu yðar og sannra Íslands og lærdóms vina nöfn uppi verða í heiðri, þegar varanleg gleymska og vanvirða hefir hinna öfundarmanna nöfn og minningu gleypt. — Og nú í bráð til annars.

Við lifum hjer flest við sama, kona mín þó altaf við sama eymdarhag af heilsuleysi. Eg hinn hraustasti, og hraustari en að 40tugs aldri. Yðar góða móðir sofnaði í hæfilegri tíð, þá ekkert framar mátti hana hjer gleðja, hún var af elliburðum hreint minnislaus orðin og þekti varla sitt eigið heimilisfólk, og þá er oss orðið heimfarar mál. Mágur minn Cancellíráð Jónas Scheving sofnaði og eftir 2ja tíma strítt aðkast og aðsígandi brjóstþrengsli þ. 13da Maii. Um arf eftir hann lá við að kvikna mundi Prócess, og hverr hann erfa ætti, eftir confirmeruðu reciproqve Testamenti þeirra hjóna á milli, en það mál er nú algjörlega sætt fyrir skiftarjetti þ. 22. Aug. og erfa því beggja þeirra sál. hjóna erfingjar. Ogsvo reyndu óvið-

komandi öfundarnöðrur að lauma eiturspýjum sínum í þau mál til ófriðar. Nú verður Auctión á öllu lausafje þess bús þ. 26. Sept. og skifti framfara í Októbri. Á því annars auðuga búi lágu nokkurra þúsunda skuldir.

Hjartanlega þakka eg yður heiðursskenk Grágásar, því eg veit eg á hann yður, sem ótal gott annað, að þakka, þó eg myndist nú við að skrifa Arna-Magn.-Comm. þakklæti fyrir hann ásamt.

Hjer er nú pressan komin á ný í besta gang og skilar svo prýðilegu prenti sem bestu í Khöfn, nema hvað vorir typi ekki eru allir nýir, heldur slitnir orðnir. Sá nýi Factor og bókþrykkjari Helgi Helgason er ungur, ferðugur og duglegasti maður. En grunur minn er, að prestur Oddsen og B. Thorarensen ennþá erfiði uppá að ná undir sig hennar stjórn, til forþjenustu viðbótar, og að Þorst. Helgason eigi í vetur að verka alt til þess, sem þó betur færi að ekki tækist í bráð, eða ámeðan eg er lífs, og aldrei að mjer liðnum. Hversu smánarlega sá síðasti breytti við kærustu sína og frændkonu okkar í Laugarnesi hafið þjer víst fyrir löngu heyrt, og það dæmi kann hafa leitt fleiri til að verða imitatores, og heita servorum pecus, eins og Horatius titlar hina. Magnús Eiríksson breytti nú við skilnaðinn álíkt við sína ráðvöndu kærustu.

Að þessu sinni leyfir tíminn mjer ei að orðlengja, heldur með ástarkveðju okkar konu og barna minna til yðar velborinheita og elskulegu frúar, fela mig yðar bróðurlegri velunnun og dygðaríki framvegis, og með verðugri heiðrun og ást nefna mig

Yðar velborinheita skuldbundinn og elsk.

vin og ættbróður

M. Stephensen.

P. S. Druknun Chirurgi Páls Þorbergssonar á Breiðafirði hafið þjer víst frjett.

XXXIX.

Viðeyjarkl. 6. Martii 1832.

Háeðla og velborni hra. Professor!

Yðar velborinheita elskulega brjef og alt þess innihald frá 30. Sept. f. á. gladdi mig innilega, og kann eg yður fyrir það hjartanlegar þakkir. Það var fróðlegt í öllu tilliti, bæði hvað óspektunum í Bókmentafjelaginu og öðru viðvjek. Eg óska að þessum linni hjeðan af til þess að selja þær varanlegri gleymsku og vanvirðingu, en ei til framhalds hneisu fyrir þenkingarháttar bresti vorrar þjóðar um fleiri aldir, mót þeim forþjentustu landa vorra. Þó finst mjer vart líta með öllu út til þess, meðan stúdentadeildin í Kaupmannahöfn ei virðir hinnar tillögur hjer svo mikils, sem að gefa þeim nokkurn gaum, og flokkadrátta limir til þess safnast á laun, undir eins og stinga höfðum út úr skóla, eða festa fót á Danmerkur lóð, og núverandi forsprakkar hafa þessa sjer í valdi til atkvæða fjölda að ósk þeirra. Mun ei heldur uppivaðsla eins forsprakkans (V. E.) dofna, vinni hann mál sitt gegn mjer við hæstarjett, sem eg ei vona.

Þjer óskið prentverksins endurlifnaða gangi hjer til lukku, og eg veit þá ósk yðar einlæga, eins og alla yðar breytni ráðvanda og heiðurlega í öllu. En undir eins veit eg jafnvel velmeintustu óska afleysi til að fá þeirra augnamið framað. Annars þarf eg nú á góðum og kröftugum fyribænum að halda, þarsem nú eru hjer öll fjelagsmál og prentverksmál og reikningamál farsællega til lykta leidd og jöfnuð, til Stiftsyfirvalda bestu ánægju, hvarum þau munu nú framsenda sína mig heiðrandi skýrslu til Cancellíis, bæði um alla mína stjórn þessara málefna frá fyrsta af, og fullnaðarskil á öllu til Datum, svo V[igfús] E[iríksson] mun við hæstarjett litla æru fá af áreitingum sínum, verði honum ɔ: hæstarjetti, sem ei ólíklegt er, kunn sú auglýsing Stiftsyfirvalda hjeðan. Og rjeði nú Krieger, maður vitur og góður, en harður og rjettsýnn, og ávann með ljúfmensku og sæmdarlegri málamiðlun heillavænlegri endalykt þess af Fúsa (og hans

innblásendum: G[unnlaugi] O[ddsen], Þ[orsteinil H[elgasyni], Þ[orgeiri] G[uðmundssyni]) kveiktu áreitinga, en matrósinn H[oppe?] stuðlaði til og hleypti B[iskupi] á stað með sjer, eftir einhvers hinna milligöngu, enda stóðu þá til mægðir aðrar en nú í L[augarnesi]. En nú mun biskup hafa orðið afskiftahægur. Loks er nú svo komið, að eg í vor afhendi prentverkið frá mjer, qvà opinbera eign, en held þess forstöðu þangað til að Stiftsyfirvalda bón, og hefi nú staðið þeim á öllu æskileg skil, en þá afhenda þeir mjer það samstundis aftur, til Forpaktningar uppá lífstíð fyrir minn eigin prívat reikning að brúka, sem eg vil, og það mót $^1/_3$ minni árlegri leigu, en þess áköfu eftirsækjendur frá 1826, G[unnlaugur] O[ddsen] og Þ[orsteinn] H[elgason] enn buðu og fast eftirsóktu, og beiðast Stiftsyfirvöld nú Cancellíis staðfestingarum, eftir kóngl. Resolution af 28. Sept. 1831, með öllum þeim forlagsrjetti allra bóka, er þau sameinuðu prentverk áttu, og Privilegiis Landsuppfræðingarfjelagsins, sem þetta áður átti, sem sú Resolution tiltekur.

Og nú fer eg fyrir eiginn reikning í vor að láta prenta hjer hvað eg get. En hvað? nokkrar andlegar bækur, máske og Jónsbók, gæti eg fengið styrk þartil. Máske Arnamagnæan. Commission nú væri góðfúsari til einhvers styrks til þess fyrir yðar en 1826 fyrir þáverandi vinar míns sál. Thorkelins meðalgöngu? En mundi ei það ríka Fornfræðafjelag neitt þartil styrkja vilja? En þar eg nú tel yður vissan til forseta Bókmentafjelags, gæti þá ei þankinn og óskin allra, þarámeðal yðar Collegæ hjer, stiftprófasts Á. Helgasonar, að unna Íslandi heldur forþjenustu með prentun rita fyrir það en útlendum, vænst með eitthvað orðið strax realizeraður? Ske má, að eg ljeti 10da bindi Klausturpósts ogsvo útkoma, um hvers framhald nú lengi margir hafa í öllum áttum hrinið, þó eg nenni ei, nje heldur þurfi, meðan Skírnir útkemur, að grafa alla Avísara gegn, til að bjóða frjettir í honum, nema eg snemma á vor og með póstskipi á haustin fengi eins gott og áreiðanlegt

kjarnafult ágrip þeirra, sem nóg væri, frá yðar vinarhendi, undir yðar nafni til að prýða hann með og það í haust, því þeir sem vildu ítarlegra geta beðið Skírnirs frásögu. Prentanin hjer yrði þó öll eða mest með besta Fractúr eða gothisku, en ei látínu letri, sem lítið og slitið eitt er hjer til, enda bölvar almúgi því seinna og vill hitt heldur, eins og flestir heldri menn hjer, þó Professor Rask mæli fram með því.

Vetur er hingað enn þá enginn kominn, aldrei að kalla frost, aldrei varla sjest snjór, en aldrei lint ofsa stormviðra geysióveðrum, svo hvergi hefir orðið fært um jörð eða út úr húsum, og aldrei á sjó; er því alls ekkert fiskað, sumarhey alstaðar dáðlaus og mjólkurlaus, allir kaupstaðir fyrir margt löngu korn- og allra nauðsynja lausir, og því orðið víða bágt manna ámilli, bæði við sjó og í sveitum.

Við hjer í húsi hjörum enn, kona mín nú þegar í kör komin, á 71ta aldurs ári, með smárjenandi kröftum, en eg altaf hinn frískasti, sem á 40tugs aldri. Sra. Hannesi og dóttur minni Þórunni á Hólmi fæddist nýlega lítill Magnús Stephensen, syni mínum hjer í haust dóttir Sigríður. Sra. Þorlákur Thorgrimsen á Auðkúlu varð að sögn nýlega bráðkvaddur, svo það góða brauð nú er laust fyrir Þ[orstein] H[elgason] eða einhvern af þeim 40, sem áður um það sóktu mót honum.

Þá man eg nú ei fleira markvert til að lengja með þenna seðil, nema biðja okkar konu minnar og barna ástkæra kveðju borna, auk til yðar velborinheita, yðar bestu frúar og tengdaforeldra og þess unga hr. Frydenbergs, með allra bestu heiðurs og heilla einlægustu árnun og loksins fela sem fyrri yðar bróðurlegu trygð, dygð og ástríki

Yðar velborinheita skuldbundinn einlægasta
heiðrara vin og bróður
M. Stephensen.

XXXX.

Viðeyjarkl. 13. Júnii 1832.

Háeðla velborni!

besti hra. Professor!

Hafið hjartans þökk mína fyrir yðar elskul. brjef í vor og alt stöðugt dygðaríki yðar, vinfengi og gæðsku mjer til handa!

Nú leyfir tíminn mjer ekkert að skrifa, því Marschall Moltke skrifaði mjer og beiddist með fyrsta mögul. færi upplýsinga frá mjer Íslands Repræsentation viðvíkjandi, og nú heyri eg skip Agent Jessens í Flensborg fara þangað í kvöld og standa að eins við um 8 daga eða 10 í Flensborg, en koma svo til Reykjavíkur strax aftur, koma nú við fyrst í Fridericia, og hefi eg beðið skipherrann að setja brjef til Moltkes þar strax í póstinn, svo bráðum komist, eg vona, gangi því vel, það nái fyrir 9. Júlii.

Eg samfagna yður og Íslandi með forþjenta tiltrú vors kóngs, að fela yður og Moltke aðgætslu Íslands þarfa á ykkar allsherjar þingi um Repræsentation. Enga gat Ísland óskað sjer betri eða því hollari, en eins og landar vorir ungir og bandamenn ytra ráðast á okkur báða, máske fyrir meira og betur unnið, heyri eg hjer bandamanna halann finna strax mjög að þessu vali, eins og við má búast af þesskyns flokki. Líklega hefir náð og tiltrú kóngs æst sk[ömmina] Fúsa upp, að lýsa óánægju sinni og bandamanna yfir yðar nýja stóra heiðri með því ærukrenkjandi smánaryrði á bak yðar, hann velti úr sjer á Ölhúsi Íslendinga, og þarvið á ný lýsti hrakmensku sinni og svörtum innra manni. Eg sendi nú Moltke Copíu af minni officiell Betænkning í vetur um Repræsentation fyrir Ísland, sem útfór til Cancellíis í vetur með póstskipi, þar hjer er í flugufregn, að Moltke hafi ei fengið Betænkninger hjeðan þarum útlánaðar af Cancellíi, líklega af því það hefir viljað skoða þær betur sjálft og hafa þær sjer við hönd. Er þarí, og í brjefi mínu til Marschall Moltkes nú alt hvað eg get í hasti honum og ykkur til hugvekju ritað hjerum, og hvað eg bið ykkur

innilega um að fyrirbyggja, nefnil. Endurreisn gamla Alþingis hjer, og flutning Repræsentationar fyrir Ísland þangað, hvar, eins og fyrri, ganga mundi mest á skömmum og fylliríi, en ekkert gott afleiða. Hefi eg tjáð Moltke, að eg hafi í þessum seðli mínum til yðar vísað yður til minnar Betænkningar og brjefs hjá honum.

En, fyrir alla muni, skip þetta hverfur aftur hingað frá Flensborg um 8—12 daga. Þó Porto kosti, væri mjer stærsta gleði, að sjá með því fáein orð frá yður: 1° um, að þið hafið báðir þessi brjef meðtekið, og hvert Betænkninger nú með því frá öðrum. 2° (privatissime, sem skal vera lokað og læst í mínu brjósti) hverja stefnu þið haldið að Íslands Repræsentation muni taka, eða hinar fyrir Holsten og Danmörk. Hjer ganga ýmsar sögur um præliminaire Paastand þeirrar fyrri. 3°, og það öllu framar, hvað Cancellíið gjörir eða hefir gjört við Stiftsyfirvaldanna hjer Indstilling með póstskipi um prentverkið hjer og þau mál öll, hvört approberað eða improberað, og sje þarum, sem menn vona, nú útgjört, að viðkomandi Contoirchef í Cancellíi yrði púrraður til að senda Communication þarum stiftsyfirvöldum eða mjer nú með þessu skipi frá Flensborg, Adressen er: am Sciffer Jürgen Lund in St. Jürgens a Flensburg, fyrir brjef með honum hingað. Hann heldur sig þar dvelja í 8—12 daga.

Annað markvert er og gaman að fregna. Baldvin um Provincial Repræsentation fyrir Ísland hefi eg lesið. Hann er mjer samdóma um, að engin Repræsentation fyrir Ísland sje í Danmörk heyrileg, en eg fráleitur honum hreint með Repræsentation á alþingi hjer, þanninn, sem þetta B. Thorarensens Echo, í hvers raust og gegnum hvern B. Thorarensen eins og með Fjallafjelags lofstírinn er þekkjanlegur, enda kunnugt hjer, að Baldvin er hans Handlanger til að koma hans Maximer fram, og mikið helt B. Thorarensen fram Baldvins máli gegn Rask, Rafni og yður sem forstjóra Bókmentafjelagsins hjer alstaðar. Hann er alstaðar slarkvinur, og hrekkur — ut dicunt — í hvers manns koppi.

Hjer er mesti fellir sauðfjár um alt Suðurland og hluta Vesturlands. Betra nyrðra. Fiskirí varð gott, ofmikil sigling komin. Alt fjarskadýrt, hart á milli manna, og alt stígur í vitlaust verð. Hrossafellir mikill. Málnyta síðan í fyrra sáraum. Allir nafnkendir lifa, nema Sra. Eggert prófastur í Reykholti nýdáinn. Kona mín við sömu karareymd. Eg hinn fríska sti. Nýtt stórt upplag Lærdómsbókar er klárt hjer að 1 viku liðinni. Svo prentast Hallgríms Passíusálmar, í vetur máske Klausturpósts 10. bindi, því menn hafa saknað hans lengi og subscribera nú. Æ! látið mig vita Cancellíis Resolution um prentverksmálin. Sonur minn setstur að með bú sitt í Brautarholti.

Nú má eg ei meira vegna skipsins, enda er alt tiltínt orðið. Eg fel mig yðar fornu trúfesti, ætíð

Yðar velborinheita af.... elsk. og[1])...

M. Stephensen.

XXXXI.

Viðeyjarkl. 14. Júlii 1832.

Háeðla velborni!

besti hra. Prófessor og Geheime-Archivar.!

Hafið hjartans þakkir fyrir vinsamlegt og bróðurlegt brjef í vor og alla stöðuga góðsemd jafnan mjer til handa. Eg þakka þetta nú lauslega á ný, þó eg áður í mesta flaustri hafi með fám línum myndast þarvið, lögðum innaní brjef til Marschalls Moltkes til yðar, og sendum með Thomsens skipi til Flensborgar, snemma í Junio; átti það fyrst að koma við í Fridericia, og brjefið þar strax setjast á pósthúsið, svo að ef mögulegt næði til ykkar Repræsentations álit mitt fyrir þ. 9. Júlii. Hafi það ei framkomið, get eg þessa samt hjer.

En nú fer mjer óvörum í dag Speculant-Jakt hjeðan til Kaupmannahafnar, og nú er eg enn síður fyrikallaður eða fær til skrifta, því í fyrradag þóknaðist Forsjón-

[1]) Hjer er gat á brjefinu og vantar af kveðjunni. Í brjefinu liggur „Betænkning" sú, er M. St. getur um, og stutt álit um tillögur Gríms Jónssonar amtmanns um meðferð lögreglumála á Íslandi.

inni til sinnar dýrðar að heimkalla frá langvinnum mæðum þessa lífs mína hjartkæru húströ Guðrúnu, eftir 7 ára þungan sjúkdóm og reynslu, á 71ta aldurs ári hennar, okkar hjónabands 44ða; hún var fædd 7. Febr. 1762, giftist mjer 11. Sept. 1788, deyði nú 12ta Julii 1832 fyrir 2 dögum. Bú mitt stendur samt óskift til míns dauða, þar börn mín hafa þeirra móðurarf úttekið, og því afbeðið skifti þangað til, þó eg með myndugum börnum sjálfur megi skifta.

Eg sjálfur er samt að heilsu hinn frískasti og prentverkið hjer gengur í ákefð. Fellir víða á skepnum, hart um bjargræði og dýrt, og alstaðar kornlaust fyrir löngu, svo þörf væri á kornskipum hingað, fleirum en póstskipi, hvers ferð er svo tvísýn á haustum. Eg má nú ómögulega lengra rita, en fel mig yðar velborinheita fornu góðvild, ætíð með sjerlegri ást og heiðrun

Yðar skuldbundinn elskandi frændi

M. Stephensen.

XXXXII.

Viðeyjarklaustri 9. Augusti 1832.

Háeðla velborni!

hæstvirti elskulegi hra. Professor!

Með fáeinum línum, sendum í öndverðum Júnió með Flensborgarskipi, er koma átti við í Fridericia, hafði eg þá æru að rita hra. Kammerherra og Marskall Moltke, og yður innaní hans brjefi fáeinar línur og þarí vísa yður til míns honum þarmeð senda álits um Repræsentation að Íslands hálfu í Provincial stjetta samkomunni í Danmörk etc.; það brjef hjet Capitaine Lund mjer strax að afhenda á pósthúsið í Fridericia. Einungis er nú óvíst, hvert skipið komist hafi svo snemma til Fridericia, að brjef mín til ykkar hafi náð fyrir þann 9. Júlii til Khafnar, sem eg innilega óska og vona. Þjer getið víst nærri, hversu ant mjer er um, að fá að vita um framkomu þeirra og álit, hverja verkun það haft hafi og hvað á samkomunni fyritekið og hversu afgjört sje, og Re-

sultat þess heila af konungi gefið, að því leyti Ísland áhrærir m. fl. merkilegu, og vona eg að fræðast þarum frá yðar vinarhendi, þá fyrst gefst færi til.

Síðan hefir mjer sú lengi fyrirsjena og yfirvofandi þyngsta sorg tilfallið, að mega sjá bak minnar dygðaríku og hjartkæru konu, sem Forsjóninni þóknaðist loksins að svipta mig að morgni þess 12ta Júlii, með allraværasta og lítt eftirtakanlegu andláti. Hennar líki var veitt hin mesta heiðursfylgd til grafar hjer að Viðey þann 23. s. m. af flestum nálægum stórhöfðingjum, frúm og kvennfólki í heldri röð, og útför hennar, sem heiðurlegast varð, gjörð, en stiftprófastur riddari Árni Helgason helt ræðu, honum verðuga yfir líkkistu hennar. Grafskriftina legg eg hjer inn. Mjer vill nú örðugur veita stór búskapur einhentum á þessari örðugu og fólksfreku eyju, samt mun eg hjer einn við hírast það stutta, sem eftir er, því sonur minn er farinn að búa og byggja á Brautarholti, og vilja börn mín engin skifti láta hjer framfara, heldur alt standa sem fyrr óskift saman til míns dauða; er því alt í sama ástandi sem fyrri.

Veðurátt allgóð, grasvöxtur og nýting heyja það af er, en alstaðar kornlaust í öllum kaupstöðum; heilbrigði almenn og fólksfjölgun svo mikil og framúrskarandi, að 1831 fæddust hjer á landi 1285 fleiri en dóu.

Prentverkið er nú fyrir minn reikning í öflugasta gangi. Auk Sálmabókar, er í vor útkom, er síðan prentað nýtt upplag lærdómsbókar, stafrofskvers með fræðunum við, og nú eru Hallgríms Passíusálmar að viku fresti búnir.

Mjer er mesta nauðsyn á og í huga enn að biðja yðar velborinheit liðsinna mjer í áríðanda efni og efnum, því síðan eg bjóst við að Eggert minn Jónsson væri frá Khöfn farinn (ennþá samt, eins og Hofsóss skip, ókominn inn hingað, að sögn nýkomins norðanpósts), get eg engan kunningja eða vin í Khöfn um neitt mjer áríðandi beðið, þar eg hverki hefi þekking nje kunningskap, eða traust til neins stúdents eða landa míns þar,

nema yðar eins, veit fáa þar vini mína eða til hvers hópsins hvern er að reikna, og fáa þeirra til þeirra hæfa. Megi eg í stórnauðsyn minni stynja mínum kveinstöfum upp við yðar velborinheit, hversu sem eg veit alla yðar tíma með verkum og önnum fylta, er það óskin og þörfin með póstskipi eða fyrstu ferð að fá áreiðanlega vitneskju um úr Cancellíinu,

1° hvert það og kóngur ei hafi fallist á, samþykt og staðfest Stiftsyfirvaldanna hjer samning við mig um prentverksins brúkun fyrir umsamda leigu að öllu leyti, eða með hverri umbreytingu, og til míns dauða.

2° hvert eða hverninn það hafi deciderað mína Forestilling af Stiftsyfirvöldum staðfesta um að forlagsrjettur til allra frá Hólum[1]) og sunnan prentverkum[2]) útgefinna bóka, vafalaust fylgja skuli þessu af báðum hinum sameinaða prentverki, undir Confiscation þeirra bóka upplaga af öðrum en þeim, sem prentverkið hefir í ljeni eða leigu, samkvæmt kóngl. Resolution af 28. Sept. 1831, sem tileinkar þessu prentverki allan forlagsrjett þeirra bóka, til hverra það hafi rjett öðlast. Ergo við sameiningu beggja prentverka til allra forlagsbóka beggja, hvarum úrskurðar var af Stiftsyfirvöldunum og mjer beiðst.

3° hvert Cancellí hefir veitt mjer ansögt Bevilling til nye Documenters Fremlæggelse for Höiesteret i injuriæ Sagen mod Vigf. Erichsen og Advocat Guldberg er samme tilsendt, saavelsom beneficium processus gratuiti i den Sag og ansögt Attest fra Cancelliet: „at i Følge Stiftsövrighedens Indberetning Conferenceraad M. St[ephensen] havde til samme aflagt fuldstændig Rigtighed for alt Landoplysnings Selskabet vedkommende, dets Bestyrelse og Penge-Sager“ (som udbades Advocat Guldberg meddeelt til Fremlæggelse for Höiesteret, hvorom jeg underrettede Advocat Guldberg, bad ham paadrive disse Documenters Udfærdigelse og betiene sig af dem under Sagen, som han har lovet mig at ville före paa mine

---

[1]) Hólums, hdr. [2]) prentverk, hdr.

Vegne, hvisaarsag jeg bad ham erhverve Acterne frit beskrevne i Følge beneficium processus gratuiti, sig meddeelte, men uagtet dette mit Brev blev nedlagt først i Marts d. A. i Postkassen, har jeg dog endnu ikke seet noget Brev herom fra Hr. Guldberg, hvisaarsag mig er magtpaaliggende, at min Allerhöistærede Hr. Ven beviser mig den Godhed at tale med ham om alt dette, for at jeg med Postskibet kan derom faae Underretning, nu siden Eggert Johnsen er borte og jeg til ingen anden i Khvn. kan med Tillid henvende mig.

4º Da jeg har Subscribentere nok paa Jonsbogens længe forberedte correcte Udgave, önskede jeg at udgive samme siden endnu — og maaske i mange Aar eller aldrig — vil noget blive af det Forslag til Uddrag af de Stykker i samme og Norske Lov, som her kunde auctoriseres, og Bogen desuden, som Nordens mærkværdigste Antiqvitet, fortiener endnu mere end Guletings Lov, Graagaasen og Jernsiden, som endnu til deels gieldende, at udgives offentlig, skrev jeg til Cancelliet under 28. Julii 1831 om, at faa mit eget, nu siden 1826 hos Amtmand Thorstensen opbevarede Manuscript til samme, Varianter, Ordforklaringer, Registere og Anmærkninger leverede til Afbetiening ved Udgaven, og derhos ansögte en Understöttelse af 300 Rbd. r. S. til samme, enten som Gratification, eller dog Forskud til Værkets Udgave. Men endnu har jeg, efter mere end 1 heelt Aar intet Svar pro eller contra herom erholdt, og önskede mig derfor underrettet om Cancelliets Bestemmelse herom. Skulde den falde contra, tilbyder jeg den Arna-Magnæanske Commission mod passende Honorar, som Svendbjörnsens for Graagaasen, at besörge en lignende Udgave af Jonsbogen med latinsk version etc., thi har jeg end ikke den reenskrevent leverede Manuscript til samme, har jeg dog Concepterne til alt hos mig.

Jeg haaber at den Sag nu under Deres Velbaarenheds og Schlegels Medvirkning vil faa bedre Gehör end

1826, under min sal. bedste Vens, Deres Formands Bestyrelse.

Sje það nú mögulegt, þá fyrirgefið mjer nú, besti hra. Prof. og vinur! alt bónastaglið.

Æfinlega síblessaðir og sælir! Yðar sanni heiðrari

M. Stephensen.

XXXXIII.

Viðeyjarkl. 26. Septembr. 1832.

Háeðla velborni

hæstvirti besti hra. Professor!

Meðtakið, elskulegasti góði frændi! mitt innilegasta og skuldbundnasta þakklæti fyrir yðar hæstvirta brjef af 11. Julii þ. á. með Chirurgo Eggerti og það markverða mjer alt, sem það innihelt og gladdi mig með; þó eg vonaði eftir innvortis sannfæringu alls ens besta í prentverks sökinni, var samt sú langa óvissa mjer yfrið þungbær. Eg á að sönnu ekki neina von á, að nokkur þeirra háu Cancellí herra sje, eða hafi orsök til að vera mjer mótfallinn, ef Guðs og rjettar gæta og ei láta sig afvega leiða af öfundarmanna bakbiti, mót hverju engin önnur vörn gefst en góð samvitska, samt væri mjer forvitni á að vita síðarmeir nafn þess góða manns, sem þjer nefnið mjer meðmæltan í henni verið hafa og sem þjer töluðuð við, einungis í því skyni, að þekkja og heiðra góða og rjettvísa menn og leita trausts hjá þeim, ef seinna í einhverju álægi. Að það ei hafi Lassen verið, þó sökin expederist ígegnum hans Contoir, ræð eg af því, að þjer segist ei hafa hann getað fundið. Varla heldur Stemann, sem ekki þekkir mig frá öðrum, Monrad er allur við það militaire í Cancellíinu og fer lítið orð af, að hann mæli fram með öðrum málum, nje blandi sjer þarí. Ørsted efast eg um að láti neitt í ljósi við neinn, óútkljáð, en þá eru eftir Lange og Bentzen, báðir duglegustu menn og einbeittir og þekkja mig báðir, og hefði eg

treyst beggja óhlutdrægni og góðvild mjer til handa. Máske að því leyti helst Bentzen, að hann kann að hafa vóterað við Landsyfirrjettinn í Fúsamálinu, og verið því þaðan kunnugri. Eg vona nú eftir, að póstskipið færi mjer algjörleg málalok, en samt varla frá hæstarjetti dóminn í Fúsamálinu, sem líklega fellur fyrst þá vorar.

Eg dirfðist í seinna brjefi í sumar, að mæða yðar velborinheit með ofmörgum bónum, mín málefni snertandi, þar eg eftir Eggerts för, til alls einkis annars í Kaupmh. vissi að snúa mjer með útvegun upplýsinga, en sje nú af yðar góða brjefi, hvað eg þó vita mátti fyrifram, að allir yðar tímar eru besettir, nærri hafði eg sagt: besetnir, og að óbotnanlegt chaotiskt myrkur á og skal hvíla yfir Repræsentatións málunum, uns algjörlega útkljáð eru. Þegi því hjeðan af eins og fiskur um þau, hefi um þau eftir besta viti og samvitsku expectorerað, veit þau, sem falin í yðar og hra. Marskalks Moltkes hendur, vera í allra-æskilegustu höndum, og fel því rólegur Forsjóninni útfallið, en kysi mjer samt ekki, þó eg væri 20 árum yngri, að vera á þeim pósti ykkar og vænta þeirra þakkarlauna, sem ykkar bíða hjer, hversu ráðvandlega, vel eða skynsamlega þið legðuð hið besta til um þau mál, og hvert helst útfall þeirra verða kann, því svo þekki eg vanþakkar- og öfundaranda yngri og eldri landa minna (og hefi, eins og þjer, á honum líka kent) gegn þess forþjentustu og bestu sonum, og heyri hjer, mjer til megnustu gremju, margvíslegar og ósæmilegar spár þegar fyrifram um verð tillagna ykkar Moltkes, í hverra tölu mjer væri bæði synd og skömm nokkurntíma að finnast, sem aldrei mun verða, því val kóngs á ykkur Moltke til þessa var svo æskilegt og viturt og landsföðurlegt sem orðið gat, og fel eg því rólegur Guði ávöxtinn, en forakta alla mótstæða dóma, hjer um ofmargt hið besta og meðal ungra cabalizerandi landa í Khöfn óheyrilega. En skal ekki Baldvin vera organ einhvers hulins meðbróðurs, sem um margt steypir honum hjer kúlur til útskota? Eg sleppi nú öllu þessu og öllum

frjettum hjeðan, á undan seðli þessum komnum í fjölda brjefa og með sigldum Íslendingum, hefi áður minst á mjer tilfallna þungbærustu sorg, við andlát minnar elskuðu bestu konu þ. 12. Julii, sem jók varanlegri beiskju á það enn óútsopna úr mjer áskenktum sorga- og mæðubikari lífsins.

Eg gleymdi þó að innleggja nú hjálögð 2 minnisblöð með ósk um, að annað, gegnum einhverja haganlega götu yrði boðið Skírnirs ritara, (hvern eg varla þekki og hefi alls engin kynni af), sje svo eins orðið nú með yður, kynni Halldór Einarsson máske fást til að bjóða annað blaðið til hans. Minning minnar sál. konu mun annars í vetur hjer útkoma, með mörgum ljóðmælum helstu skálda hjer, e. g. B. Thorarensens, Egilsens, Sra. Arnórs, Espolins &c. En með prentverkið gengur nú vel og er það í besta gangi. Eg sjálfur alt af við bestu heilsu, sem fyrir 20 árum, og bý aleinn mjer á Viðey, en sonur minn á Brautarholti.

Fyrirgefið mjer nú, besti og elskulegasti frændi! alt masið og kvabbið. Eg hefi það traust á yðar vinartrúfesti, ættrækni og gæsku að vilja á háum stöðum, þá getið, sem þar eftir verðugleika vel metinn maður, heldur rjetta en beygja hluta minn, ef þjer finna kynnuð mjer, vegna hrakmenna áleitni, hafa í mörgu verið misboðið, og ei goldið eftir verðungu, jafnt öðrum, sem skemur og ei fremur hafa, en máske samt betur, unnið Guði, Konungi, Föðurlandi og þarflegum vísindum. Lifið með bestu frú! í æfinlegri heill og heiðri til hárrar elli! óskar einlægt yðar sannur heiðrari og vinur

M. Stephensen.

P. S. Stærsta þökk væri mjer á, ef bókbindarasveinn Christopher Finnbogason leitaði yðar um aðstoð til útvegunar styrks til verkfæra og bókbands efna og innkomu hingað í vor við Rentukammer, ef þá vilduð styrkja kröftuglega málefni hans. Hann er besti piltur og flinkur

og sigldi úr mínu húsi á minn kostnað til fullkomnunar í bókbandi.

XXXXIV.

Viðeyjarkl. þann 4ða Marts 1833.

Háeðla velborni herra Prófessor!

Hæstvirti elskulegi frændi!

Þenna brjefseðil, þann einasta privata frá mjer nú til Kaupmannahafnar, skrifar fyrir mig tengdasonur minn síra Hannes, sem skrifað hefir nú mín önnur fáu brjef eftir sem eg hefi þau dicterað, á hann að færa yður mitt hjartanlegt þakklæti fyrir yðar stöðugu trygð og vinsemd við mig um okkar samveru og viðkynningar tíma; lítur nú svo út sem þetta brjef mitt verði það síðasta, því í allan vetur hefi eg verið mikið lasinn, en síðan 3ja Decembr. veikur, þó ekki rúmfastur nema rúman hálfan mánuð þenna síðasta, er það ekki ólíklegt að sjúkdómur þessi eftir hans eðli og elli mín gjöri mjer máske viðrjettingu ómögulega, en sjálfsagt mjög langvinna.

Fósturpilt minn Christopher, sem að mínu tilstilli er hjeðan sigldur, vil eg uppá það innilegasta hafa falið yðar bestu aðstoð til að geta öðlast Rentukammerets hjálp til að setja sig hjer niður og geta haft not af sínu handverki, og komast hingað aftur, hvartil hann gæti máske fengið frítt far með yðar góðu fyrirbón, hvartil peninga þarf annars, en eg veit hann sárfátækan, og kvelur það mig að vita hann máske nauðbeygðan til að lifa í Khöfn móti vilja sínum, fyrst eg var orsök í hans siglingu; yðar alþekta mannkærleika, velvild til allra, ekki síst fátækra landsmanna og stöðugu vinsemd mjer til handa treysti eg til þess að gjöra hjerí, það sem mögulegt er.

Ef þjer, í von um mögulegan afturbata minn, viljið gleðja mig eða sæma með einni línu, þá gjörið svo vel að adressera það til síra Hannesar míns, að það ekki, ef eg yrði þá hjeðan, flæktist ofvíða. — Eg ítreka nú að lyktum mitt innilegasta þakklæti til yðar, minn besti

frændi! fyrir alla trygð yðar við mig, sem þjer aldrei hafið slitið, árna yður og óska allrar þeirrar farsældar og frama, sem yðar staka góðmenska og hái lærdómur svo mjög gjöra yður verðan til, bið yður að hafa mig í minni og er meðan lifi

Yðar af hjarta elskandi frændi

M. Stephensen[1]).

---

[1]) M. Stephensen hefur sjálfur ritað nafn sitt undir brjefið og er auðsjeð á rithönd hans, að hann hefur gert það sjúkur. Á eftir nafninu ritaði hann krot, eins og hann gerði stundum; líktist það meira bundnu „m. pp." en endrar nær.

Mannanöfn.

Abrahamson, Josef Nicolai Benjamin, herforingi, einn af stofnendum hins norræna fornfræðafjelags 98.
Andresen & Smidth, kaupmenn 45.
Árni Helgason, stiftprófastur, 10, 33, 39, 46, 47, 76, 92, 102, 108.
Arnór Jónsson, prófastur í Vatnsfirði, 10—11, 21, 113.
Asgrímur Vigfússon, prestur í Breiðuvíkur þingi 89.
Badenar, Gustav Ludvig Baden birkidómari, og Torkel Baden prófessor, bræður 23, 24—25, 27, 31, 32, 34, 58.
Baldvin Einarsson, cand. jur. 98—99, 105, 112.
Bentzen, Hans Georg, deputeret í Kancellíinu 111—12.
Bergur Philomathes Strandalín, stúdent 59.
Bjarni Jónsson, rektor í Skálholti 10.
Bjarni Sivertsen, riddari, kaupmaður 18, 19—20, 23, 31, 43, 45, 51, 69.
Bjarni Thorarensen, yfirdómari 1, 23, 35, 41, 43, 65, 70, 92, 94—5, 100, 105, 113.
Bjarni Thorsteinsson, fullvaldur, amtmaður 4, 23, 47, 48, 59, 110.
Björn Halldórsson, prestur í Sauðlauksdal 15.
Björn Sigurðsson, prestur í Hítarnesi 33.
Björn Stephensen, dómsmálaritari, bróðir M. St. 43.
Björn Teitsson, póstur 8, 24, 29, 35.
Bonnesen, Isak Jacob, sýslumaður 81.
Brynjólfur á Bakka 35.
Bülow, Johan, á Sanderumgaard á Fjóni, geheimeráð 13—14, 17, 20.
Castenschiold, Johan Carl Thuerecht, stiftamtmaður 1813—19, 5.
Christjan prins (Kristján áttundi) 54.
Clausen, Holger Peter, kaupmaður 25—26.
Collin, Jonas, deputeret í fjármálastjórninni 70.
Deichmann, Jacob, bóksali 29.
Eggert Guðmundsson, prestur í Reykholti 106.
Eggert Jónsson, læknir 61, 98, 108, 110—12.
Einar Pálsson, prestur á Reynivöllum 33, 89.
Eiríkur Sverrisson, sýslumaður 29, 30, 73.
Engelstoft, Laurits, prófessor 41, 52.
Finnur Magnússon, prófessor, leyndarskjalavörður, 8, 13, 17 30, 83, 105.

Frantzen, skipstjóri 31, 36.
Frydensberg, Chr. 90, 103.
Frydensberg, Rasmus, Amtsforvalter, fyr sýslumaður og landfógeti á Íslandi 21, 90.
Geir Vídalín, biskup 47.
Gísli Þorvaldsson, þjófur 43.
Grímur Jónsson, auditör, síðar amtmaður 4, 9, 13, 20, 23, 40.
Grímur Jónsson Thorkelín, leyndarskjalavörður 25, 27—28, 48, 52, 58, 62—3, 65, 71—3, 77, 82, 84, 87, 102.
Gräter, Friedrich David, þýskur 7.
Guðmundur Bjarnason, aðstoðarprestur að Görðum 57.
Guðrún Oddsdóttir Stephensen, frú á Innra Hólmi 38.
Guðrún Vigfúsdóttir Stephensen, frú í Viðey, kona M. St. 80, 90, 93, 99, 103, 106—8, 113.
Guldberg, Ove E. Høegh-, hæstarjettaradvokat 68—9, 72, 74, 77 8, 81, 91, 109—10.
Gunnlaugur Oddsson (Oddsen), prestur í Reykjavík 57, 66, 94—95, 100, 102.
Hald, Hans Jacob, tungumálakennari, blaðamaður, ritaði í Politievennen 1826 gegn M. St. 71—74, 77.
Halldór Einarsson, kopisti, síðar sýslumaður í Borgarfirði 113.
Hallgrímur Pjetursson, skáldið 99, 106, 108.
Hallgrímur Scheving, skólakennari 28, 84.
Hammerich, Fredrik, departementsritari í Kancellíinu 68.
Hannes Finnsson, biskup 10, 48, 52.
Hannes Stefánsson Stephensen, prestur á Innra Hólmi 26, 38, 40, 49, 52, 54, 103, 114.
Helgi Helgason, prentari 90, 92, 96—7, 100.
Helgi Thordarsen, prestur, síðar biskup 2, 28, 81.
Henkel, Henrik, kaupmaður 26.
Herholdt, Johan David, prófessor 14.
Hohback 7.
Hoppe, Peder Fjeldsted, stiftamtmaður 1824—29, 51, 66—7, 69, 71, 73, 78, 82—3, 85(?), 87(?), 102(?).
Hornemann, Jens Wilken, professor 13—14, 19, 22—3.
Ingiríður Eiríksdóttir, þjófur 43.
Ísleifur Einarsson, etatsráð, yfirdómari 10.
Ísleifur Jóhannesson, þjófur 43, 46.
Jacobæus, kaupmaður 21, 30, 45.
Jakob Thorarensen, stud. jur. 81.
Jessen, agent í Flensborg 104.
Jónas Scheving, kancellíráð 99.
Jón Eiríksson, konferensráð 79.
Jón Espólín, sýslumaður 84, 94, 113.
Jón Jónsson, prestur í Möðrufelli 25.
Jón Thorstensen, landlæknir 15—16, 19, 54, 64, 66, 67, 70—73, 75, 77.
Jón Vídalín, biskup 3, 76, 96.
Jón Þorláksson, prestur á Bægisá 29—30.
Katrín Jónsdóttir, bóndakona, d. 1820, 30.
Knudsen, kaupmaður 1.
Krieger, Lorens Angel, stiftamtmaður 1829—36, 94, 101.
Kristófer Finnbogason, bókbindari 113—14.
Kyhn, G. Andreas, kaupmaður 25, 26.
Lange, danskur blaðamaður 39.

Lange, Mikael, deputeret í Kancellíinu 111.
Larsen, Asmus, urtakramari 21, 24, 29, 30, 35, 47, 48, 68, 98.
Lassen, Kristjan Ludvig, deputeret í Kancellíinu 63, 66, 97, 111.
Laurus Thorarensen, cand. jur., síðar sýslumaður 4, 50.
Liljeblad, Samuel, sænskur grasfræðingur, háskólakennari 15.
Lund, Jörgen, skipstjóri 105, 107.
Magnús Eiríksson, cand. theol. 100.
MagnúsHannessonStephensen 103.
Magnús, hreppstjóri á Leirum 37.
Magnús Ketilsson, sýslumaður 2.
Magnús Stefánsson Stephensen, sýslumaður 20, 21, 23, 38, 40, 44, 81.
Magnús Stephensen, konferensráð 8, 14, 42, 73, 109.
Magnussen, Nicoline Dorothea Barbara, f. Frydensberg, kona Finns Magnússonar 91, 93.
Marta Ólafsdóttir Stephensen, barn 75.
Minnir, Ih. Mt., þýskur vísindamaður 28.
Moltke, Ehrenreich Kristoffer Ludvig, stiftamtmaður 1819—23, 8, 9, 18—19, 33, 37, 39, 41, 45, 47, 104—107.
Monrad, Peter Johan, deputeret í Kancellíinu 111. .
Muller, Ole(?), kaupmaður 20, 45.
Möller, S. L., prentari 92.
Nyerup, Rasmus, háskólabókavörður 28.
Oddur Hjaltalín, læknir 13, 15, 17, 20, 73.
Ólafur Hannesson Finsen, sýslumaður 5, 68.
Ólafur Magnússon Stephensen, síðar justitsráð í Viðey 1, 3, 57, 75, 93, 103, 106, 113.
Ólafur Stefánsson Stephensen, auditör 6, 20, 21, 36, 40, 41, 42.
Ólafur Stephensen, stiftamtmaður 1, 11.
Oldenburg, Fredrik, kammerherra, deputeret í Generaltoldkammer- og Kommercekollegiinu 67—68.
Otto, Carl, dr. med. 54.
Páll Vídalín, lögmaður 31—32.
Páll Þorbergsson, læknir 100.
Petræus, kaupmaður 17, 40, 65, 69.
Rafn, C. Chr., aðalstofnandi norræna fornfræðafjelagsins 83, 98, 105.
Rafn, Carl Gottlob, grasfræðingur 15.
Ragnheiður Finnsdóttir, móðir F. M. 99.
Rask, Rasmus Kr. 86, 98—9, 103, 105.
Repp, sjá Þorleifur.
Richter, Georg Herman, Kancelliritari 69.
Rosenvinge, Kolderup-, dr. jur., prófessor 42, 47, 48.
Salicat, P. G. H. L., hæstarjettaradvokat 46.
Schagfjord, Guðmundur Jónsson, prentari 13, 64, 68, 90, 92, 96—7.
Schlegel, Johan Fr. W., prófessor í lögum 61, 110.
Schumacher, H. Chr. Fr., grasfræðingur 14, 15.
Seidelin, A., forleggjari 42.
Sigríður Hannesdóttir biskups, unnusta Þorst. Helgasonar 100.
Sigríður Magnúsdóttir, móðir M. St. 1.
Sigríður Ólafsdóttir Stephensen, síðar kona sra. Stefáns Thordarsen 103.
Sigríður Stefánsdóttir Stephensen,

fyrsta kona Ólafs Stephensen í Viðey 72, 75.
Sigurður Thorgrímsen, landfógeti 94.
Stefán Ólafsson, prestur í Vallanesi 84.
Stefán Stephensen, amtmaður 23, 57.
Stefán Thorarensen, amtmaður 41.
Steingrímur Jónsson, biskup 10, 50, 51, 56, 60, 66—7, 69, 71, 73, 82 - 3, 94, 102.
Steingrímur Thorsteinson, barn 59.
Stemann, Povl Kristian, geheimestats- og justitsminister 65, 73, 87, 97, 111.
Sveinbjörn Egilsson, skólakennari 10—11, 21, 28, 46, 64, 113.
Sveinn Pálsson, læknir 13, 16, 25, 29, 35.
Sveinn Sölvason, lögmaður 31.
Sölvi Þorkelsson, prestur í Hofstaðaþingi, Skagafirði 33.
Thomsen, kaupmaður í Flensborg 106.
Thorvaldsen, Bertel, myndasmiður 11.
Torfi Jónsson prófastur, prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð 50.
Wad, Gregers, prófessor í náttúrusögu 19.
Wellejus, kaupmaður 51, 52.
Weinwich, Niels Henrich, etatsráð 73.
Vigfús Eiríksson, cand. jur. 63—68, 70—74, 77—79, 81—3, 85—6, 88—9, 94, 99, 101, 104, 109, 112.
Þórður Björnsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu 41.
Þórður Sveinbjörnsson, sýslumaður, síðar dómstjóri 38, 52, 110.
Þorgeir Guðmundsson, prestur 21, 29, 39, 56, 66, 83, 99, 102.
Þorgrímur Thomsen, gullsmiður 47.
Þorkell hákur Þorgeirsson 24.
Þorlákur Thorgrímsen, prestur á Auðkúlu 103.
Þorleifur Guðmundsson Repp 62.
Þorsteinn Helgason, síðar prestur í Reykholti 100, 102, 103.
Þórunn Magnúsdóttir Stephensen, frú á Innra Hólmi 103.
Þorvarður Stefánsson Stephensen 57.
Ørsted, Anders Sandøe, nafnfrægur lögfræðingur, deputeret í Kancellíinu o. fl. 36, 40, 42, 50, 53, 111.

Prentvilla og athugasemd.

Bls. 7, l. 4 a. n. Hokbacks, les Hohbacks.

Bls. 84, l. 9. „en ei“ leiðrjett; fyrst er þar skrifað „og of langt“, en strikað út „langt“ og ritað þar fyrir ofan „margt“ og „en máske“ fyrir ofan „og of“ og settur punktur yfir fyrri legginn í „n“; bendir það á að höf. hafi viljað rita „en ei“, enda má „ei“ ekki missa sig, og hann hafi gleymt að strika út „og“.

Helstu rit um æfi Magnúsar Stephensen.

Autobiographia Magnúsar Stephensen er prentuð í Tímariti Bókmentafjelagsins 9. árg. 1888 bls. 197–268. Kafla úr henni um dvöl M. St. í Noregi 1783—1784 hefur prófessor Ludvig Daae þýtt og gefið út í norsku „Historisk Tidsskrift" III. Række, 3. bindi bls. 275—285.

Útdrátt úr dagbók M. St. á utanferð hans 1808 hefur Björn M. Ólsen gefið út í „Museum" 1892 I. bindi bls. 270—280.

„Magnús Stephensens Dagbog", er hann ritaði í Kmhöfn veturinn 1825—1826, hefur Julius Clausen gefið út í „Personalhistorisk Tidsskrift" VIII. Række, 3. bindi, bls. 1—29. Kmh. 1924.

Varnarrit M. St. afhent Fr. Julius Kaas „Geheimestatsminister" í Kmhöfn 19. Septbr. 1815, þýðing eftir Gr. Thomsen, pr. í Ísafold 1882, nr. 2 og 4.

Ágrip af æfi M. St. er fyrir framan doktorsrit hans: „Commentatio de legibus etc." (Höfn 1819); í Kirkjusögu Íslands frá 1740 til 1840 eftir Pjetur Pjetursson bls. 429—32, (Höfn 1841); í Nýjum Fjelagsritum 6. ári (með mynd) og Safni til sögu Íslands 2. b. bls. 160—163, báðar eftir Jón Sigurðsson; Erslev, Forfatter-Lexicon, 3. og 6. bindi (þar eru rit hans talin); Tímariti Bókmentafjelagsins III. árg. bls. 241; „Dansk biografisk leksikon" XVI. b. (eftir Kr. Kålund); Salmonsens Konversationsleksikon XVI. b.

M. Stephensen er getið í ýmsum söguritum, er snerta hans tíma, og í ágripum af sögu Íslands, en hjer skal að eins getið Sögu Jörundar Hundadagakongs eftir Jón Þorkelsson (Kmh. 1892) og „Kong Jörgen Jörgensen" eftir J. C. Johansen, í „Museum" 1892, II. b., bls. 65—113, 221—259, ennfremur Æfisögu amtmanns Bjarna Thorsteinssonar, eftir hann sjálfan, (þýdd af Steingrími syni hans) í Tímariti Bókmentafjelagsins 24. árg. (1903), bls. 109—193. Bj. Th. þekti M. St. allvel og er frásögn hans mjög merkileg.

HIÐ ÍSLENSKA FRÆÐAFJELAG Í KAUPMANNAHÖFN.

Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns 3. bindi, 2. og 3. hefti, verð 18 kr., áskrifendaverð fyrir gamla kaupendur að allri Jarðabókinni 12 kr.; 3. bindi 1. h. 9 kr., áskrifendaverð 6 kr.; 2. bindi verð 19 kr.; 1. h. af 2. b. 4,50; 2. h. 4,50; 3. h. 10 kr.; 1. bindi 12 kr.; 1.—4. hefti af 1. b. 2,25 hvert hefti, 5. h. 3 kr.

Ársrit hins íslenska fræðafjelags með myndum, 8. ár, verð 4 kr. 1. og 2. ár 1,50 hvort; 3. ár 2 kr.; 4. ár 4 kr.; 5., 6. og 7. ár 6 kr. hvert.

Íslenskt málsháttasafn, Finnur Jónsson setti saman, 12 kr.; á mjög vönduðum pappír með númeri 20 kr.

Lýsing Vestmannaeyja sóknar eftir Brynjólf Jónsson, með 2 myndum og mjög stórum uppdrætti af Vestmannaeyjum. Verð á mjög vönduðum pappír 8 kr.

Arferði á Íslandi í þúsund ár eftir Þorvald Thoroddsen, 1. h. 5 kr., uppselt sjerstakt; 2. h. 6 kr., öll bókin 11 kr.

Handbók í Íslendinga sögu eftir Boga Th. Melsteð, 1. b. 3,75.

Endurminningar Páls Melsteðs með myndum, 2,50.

Brjef Páls Melsteðs til Jóns Sigurðssonar, 2 kr. Viðbætir 50 a.

Píslarsaga sjera Jóns Magnússonar, 1.—3. hefti, 5 kr.

Ferðabók eftir Þorv. Thoroddsen, I. b., 1. h. uppselt, I. 2.—IV. b., 18,50.

Orðakver eftir Finn Jónsson, ib. 75 a., selt bóksala Ars. Arnasyni.

Afmælisrit til dr. phil. Kr. Kálunds, með 8 myndum, æfisögu Kálunds og 6 ritgjörðum, verð 2 kr.

Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga, IV. b. verð 6 kr., áskrifendaverð 4 kr.; I. og II. bindi, Minningabók Þorv. Thoroddsen. Verð 10 kr. 50 a. hv. bindi, verð fyrir fasta kaupendur að Safninu 7 kr. hvort bindið. III. bindi verð 6 kr., og 4 kr. áskrifendaverð.

Þorvaldur Thoroddsen, um æfi hans og störf eftir Boga Th. Melsteð, með myndum, 30 eint. með númeri, verð 5 kr. eintakið.

Vald. Erlendsson, Um sýfílis, með 16 myndum, verð 60 a.

Hallgrímur Pjetursson, Passíusálmar, 250 ára minningarútgáfa, verð 15 kr., en fastir kaupendur Safns Fræðafjelagsins eða Arsritsins eða Jarðabókarinnar fá hana fyrst um sinn fyrir 10 kr.

Rit Fræðafjelagsins fást hjá umboðsmönnum þess. Þeir eru:

Bóksali G. E. C. GAD, Vimmelskaftet 32, København.

Bóksali ARINBJ. SVEINBJARNARSON, Laugavegi 41, Reykjavík.

Bóksali JÓNAS TOMASSON, Ísafirði.

Cand. jur. BJARNI JONSSON, bankastjóri, Akureyri.

Bóksali PJETUR JOHANNSSON, Seyðisfirði.

Konsúll ÓLAFUR S. THORGEIRSSON, Winnipeg, Canada, Amerika.

Bóksali MAGNUS BJARNASON, Mountain, N. Dakota, U. S., Amerika.

Herra JOSEPH EINARSSON, Hensel, N. Dakota, U. S., Amerika.

Í stjórn Fræðafjelagsins eru: Forseti: Bogi Th. Melsteð, mag.